

Starfsáætlun Byggðastofnunar 2013

Lögð fram á 402. stjórnarfundum Byggðastofnunar
25. janúar 2013



Byggðastofnun

Efnisyfirlit

| | |
|--|-----------|
| SAMANTEKT | 2 |
| 1. MÓTUN BYGGÐASTEFNU | 4 |
| 1.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 | 4 |
| 1.2 Stöðugreining | 4 |
| 1.2.1 Ísland 2020 og sóknaráætlanir landshlutanna | 4 |
| 1.2.2 Stefnumótandi byggðaaætlun..... | 5 |
| 1.2.3 Samþætting byggðamála við reglulega starfsemi ríkisins | 6 |
| 1.2.4 Sveitarfélög og samtök þeirra | 6 |
| 1.3 Verkefni á sviði byggðastefnu á árinu 2013 | 7 |
| 1.3.1. Ísland 2020 og sóknaráætlanir landshluta | 7 |
| 1.3.2 Byggðaaætlun 2014–2017. | 7 |
| 1.3.3 Grenndarstjórnsýsla og samþætting byggðasjónarmiða. | 8 |
| 2. LÁNASTARFSEMI BYGGÐASTOFNUNAR | 8 |
| 2.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 | 8 |
| 2.2 Stöðugreining | 9 |
| 2.3 Verkefni á sviði lánamála á árinu 2013 | 10 |
| 2.3.1. Framtíð lánastarfsemi Byggðastofnunar | 10 |
| 2.3.2 Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða | 11 |
| 2.3.3 Mat á samfélagsáhrifum lánastarfseminnar | 11 |
| 3. STUÐNINGUR VIÐ BYGGÐAÞRÓUN | 11 |
| 3.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 | 11 |
| 3.2 Stöðugreining | 12 |
| 3.2.1 Atvinnuráðgjöf á starfsvæði Byggðastofnunar..... | 12 |
| 3.2.2 Stuðningur við brothætt byggðarlög..... | 13 |
| 3.2.3 Annar stuðningur við byggðaþróun..... | 13 |
| 3.3 Verkefni á sviði byggðaþróunar á árinu 2013 | 14 |
| 3.3.1. Stuðningur við atvinnuþróun | 14 |
| 3.3.2 Brothættar byggðir..... | 14 |
| 3.3.3 Annar stuðningur við byggðaþróun..... | 14 |
| 4. ÖFLUN OG MIÐLUN UPPLÝSINGA | 15 |
| 4.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 | 15 |
| 4.2 Stöðugreining | 15 |
| 4.3 Verkefni við söfnun og miðlun upplýsinga á árinu 2013 | 17 |
| 4.3.1 Úttektir og greiningar | 17 |
| 4.3.2 Gagnagrunnur um byggðatengdar upplýsingar | 17 |
| 4.3.3 Stuðningur við rannsóknir | 18 |
| 5. FYLGISKJÖL | 18 |

SAMANTEKT

Samkvæmt lögum um Byggðastofnun nr. 106/1999 er hlutverk Byggðastofnunar að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni, meðal annars með undirbúningi, skipulagi og fjármögnun verkefna, veitingu lána, gagnasöfnun og rannsóknum, skipulagningu atvinnuráðgjafar og áætlanagerð. Ráðherra skal vinna að byggðaaætlun í samvinnu við Byggðastofnun þar sem gerð er grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar í landinu, markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir og tengsl byggðastefnu við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum og áætlunum á sviði opinberrar þjónustu í landinu. Skv. 7. gr. reglugerðar fyrir Byggðastofnun skal stjórn stofnunarinnar í upphafi hvers árs láta gera tvíþætta áætlun um starfsemi stofnunarinnar. Í starfsáætlun skal vera umfjöllun um markmið og framkvæmd þeirra verkefna sem stjórn stofnunarinnar vill að unnið sé að á viðkomandi ári, ásamt rekstraráætlun fyrir annað en lánastarfsemina. Í áætlun fyrir lánastarfsemi skal koma fram stefna um útlán ársins og rekstrar- og fjárhagsáætlun. Þar skal m.a. sundurliða nauðsynleg framlög í afskriftareikning útlána vegna almennra lána og áhættulána. Áætlanir skulu sendar ráðherra til kynningar eigi síðar en 15. febrúar ár hvert.

Auk venjubundinna verkefna Byggðastofnunar verður unnið sérstaklega að eftirtöldum tólf verkefnum á starfsárinu 2013:

1. Ísland 2020 og sóknaráætlanir landshluta (1.3.1)

Byggðastofnun mun vinna með stýrineti stjórnarráðsins að útfærslu og framkvæmd verkefnisins, aðstoða einstök landshlutasamtök við gerð sóknaráætlana, samhæfa aðkomu ólíkra stofna ríkisvaldsins að þessari vinnu og vinna að stöðugreiningum og þróun mælikvarða á árangri sóknaráætlana einstakra landshluta.

2. Byggðaaætlun 2014–2017 (1.3.2)

Skoðaðir verða möguleikar á breyttri framsetningu íslenskrar byggðastefnu í því skyni að skýra markmið stjórnvalda hvað varðar búsetuþróun, atvinnuuppbyggingu og aðgang skattgreiðenda að opinberri þjónustu um land allt. Sérstök áhersla verður lögð á að skýra stefnu ríkisins varðandi þróun ólíkra landsvæða og tegunda byggðarlaga í vörn og sókn, umgjörð byggðamála í stjórnkerfi landsins, hlutverk ríkis, sveitarfélaga og landshlutasamtaka í framkvæmd byggðastefnu og tengsl hennar við stefnumörkun *Íslands 2020*. Byggðastefnur annarra landa sem búa við svipaðar aðstæður verða skoðaðar sérstaklega.

3. Grenndarstjórnsýsla og samþætting byggðasjónarmiða (1.3.3)

Byggðastofnun mun vinna að samþættingu byggðasjónarmiða í starfsemi ríkisins, ólíkum hagsmunum eftir búsetu og mikilvægis þess að opinber útgjöld úr sameiginlegum sjóðum gagnist skattgreiðendum um allt land. Sérstaklega verður hugað að starfsemi sem eðlilegt er að staðsett sé í höfuðborginni eða landshluta- og héraðskjörnum. Leitað verður samstarfs við ráðuneyti og ríkisstofnanir, háskóla og rannsóknarstofnanir, sveitarfélög og samtök þeirra, hagsmunasamtök og áhugafólk um einstaka málaflokka. Meðal þeirra málaflokka má nefna heilbrigðisþjónustu, samgöngumál, menningarstarf og fjölmiðlun, menntamál og löggæslu.

4. Framtíð lánastarfsemi Byggðastofnunar (2.3.1)

Reglubundinn kostnaður við lánastarfsemi Byggðastofnunar verður metinn miðað við núverandi starfsemi og efnahagshorfur og útlánaáhættu eftir landssvæðum, tegundum byggðarlaga og atvinnugreinum. Afstaða verður tekin til möguleika á auknu samstarfi við aðrar fjármálastofnanir, hvort skynsamlegt sé að veita ábyrgðir í stað lána í auknum mæli og hvort skynsamlegt sé að stofnuð verði eignarhaldsfélög um fullnustueignir og hlutabréf.

5. Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða (2.3.2)

Unnin verður áætlun um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í lánastarfsemi Byggðastofnunar með það fyrir augum að fjölga fyrirtækjum í eigu kvenna, auka þátttöku kvenna í stjórnun fyrirtækja, fjölga fjölbreyttum störfum og stuðla að kynjasamþættingu vinnu-markaða í landsbyggðunum.

6. Mat á samfélagsáhrifum lánastarfseminnar (2.3.3)

Lokið verður við mat á samfélagslegan ávinningi af lánastarfsemi Byggðastofnunar eftir landssvæðum, tegundum byggðarlaga og atvinnugreinum. Niðurstöður verða kynntar með ítarlegum hætti fyrir almenningi, stjórnvöldum og helstu hagsmunaaðilum.

7. Stuðningur við atvinnuþróun (3.3.1)

Auk reglulegrar starfsemi verður nýtt líkan fyrir skiptingu fjár til atvinnuráðgjafar kynnt fyrir helstu hagsmunaaðilum. Gera þarf nýja samninga við landshlutasamtök eða atvinnuþróunarfélög um fyrirkomulag og fjármögnun atvinnuþróunarstarfsemi.

8. Málefni brothættra byggðarlaga (3.3.2)

Unnið verður áfram að tilraunaverkefni þar sem leitað er lausna á bráðum vanda Raufarhafnar í samstarfi við ýmsa aðila. Efnt verður til sambærilegra verkefna í þremur öðrum byggðarlögum víðsvegar um landið.

9. Annar stuðningur við byggðaðróun (3.3.3)

Byggðastofnun mun taka þátt í endurnýjuðu samstarfi við Listahátíð í Reykjavík og Flugfélag Íslands um veitingu Eyrarrósarinnar jafnframt því sem Landstólpinn verður veittur á aðalfundi stofnunarinnar. Þá verða veittir styrkir að til ýmissa verkefna sem eflt geta byggðirnar.

10. Úttektir og greiningar (4.3.1)

Í samræmi við þingsályktun um stefnumótandi byggðaaætlun mun Byggðastofnun vinna tölfræðileg gögn um byggðaðróun og búferlaflutninga. Þá gerir tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun 2011–2014 ráð fyrir úttekt Isavia á framtíð innanlandsflugsins í samvinnu við Byggðastofnun og Ferðamálastofu. Lokið verður við úttektir á samfélagslegum áhrifum efnahagshrunsins og samfélagslegum áhrifum lánastarfsemi Byggðastofnunar. Loks mun stofnunin vinna úttektir og greiningar fyrir ráðuneyti, þingnefndir, sveitarstjórnir og landshlutasamtök, og að eigin frumkvæði eftir því sem við á.

11. Gagnagrunnur um byggðatengdar upplýsingar (4.3.2)

Unnið verður að gagnagrunni um byggðatengdar upplýsingar í samstarfi við Þjóðskrá, Skipulagsstofnun, Hagstofu Íslands, Landmælingar og fleiri aðila og þróun myndrænnar framsetningar slíkra upplýsinga á kortum og myndum.

12. Stuðningur við rannsóknir (4.3.3)

Haldin verður fræðileg ráðstefna um byggðamál september 2013 þar sem þeir sem vinna að rannsóknum, stefnumótun og starfi á vettvangi leiða saman hesta sína. Skoðaðir verða möguleikar á því að efla samstarf háskóla, rannsóknastofnana og einstakra fræðimanna um rannsóknir á sviði byggðamála. Einnig verður skoðað hvort stofnunin geti lagt fram aðstöðu og vinnu sem mótframlag við öflun rannsóknastyrkja í samvinnu stofnunarinnar, háskóla, rannsóknastofnana og einstakra fræðimanna.

1. MÓTUN BYGGÐASTEFNU

1.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999

2. gr. Hlutverk

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni.

Í samræmi við hlutverk sitt vinnur stofnunin að undirbúningi, skipulagi og fjármögnun verkefna og veitingu lána með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra.

Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Stofnunin getur einnig tekið þátt í gerð svæðisskipulags skv. skipulagslögum.

7. gr. Byggðaáætlun

Ráðherra leggur fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir fjögurra ára tímabil. Áætlunin skal lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir og tengsl byggðastefnu við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum og áætlunum á sviði opinberrar þjónustu í landinu.

Í byggðaáætlun skal gerð grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar í landinu.

Ráðherra skal vinna að byggðaáætlun í samvinnu við Byggðastofnun. Við gerð byggðaáætlunar hafi ráðherra samráð við önnur ráðuneyti, sveitarfélög og aðra aðila eftir þörfum.

Byggðaáætlun skal endurskoða á tveggja ára fresti.

1.2 Stöðugreining

Markviss og árangursrík byggðastefna verður að taka mið af fjölbreyttum þörfum einstaklinga, margbreytileika byggðarlaga og ólíkum aðstæðum einstakra landssvæða. Í því sambandi er mikilvægt að efla frumkvæði heimamanna og ábyrgð þeirra á eigin samfélagi. Þannig getur flutningur verkefna frá ríki til sveitarfélaga unnið markvisst gegn tilhneingingu ríkisvaldsins til að þjappa allri opinberri þjónustu saman í Reykjavík og stuðlað að því að opinbert fé sé nýtt sem best í samræmi við aðstæður á hverjum stað. Slík valddreifing kallar óhjákvæmilega á sterka svæðisbundna samstöðu og samstillt átak gegn hrepparíg og þröngri hagsmunagæslu einstakra byggðarlaga. Jafnframt eflingu sveitarfélaga og landshlutasamtaka þarf að huga sérstaklega að stöðu byggðamála innan stjórnarráðsins. Þótt tilhneiging hafi verið til þess að skilgreina byggðamál sem atvinnumál í þröngum skilningi hefur stefnumótun ríkisins til dæmis í samgöngumálum, heilbrigðismálum, velferðarmálum og mennta- og menningarmálum ekki síður djúpstæð áhrif á þróun byggðar í landinu. Nauðsynlegt er að reglubundin samþætting allra málaflokka stjórnarráðsins sé á hendi aðila sem hefur bæði formlega stöðu og fjárhagslegt bolmagn til að framfylgja yfirlýstri byggðastefnu stjórnvalda.

1.2.1 Ísland 2020 og sóknaráætlanir landshlutanna

Samkvæmt stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og stefnumörkun *Íslands 2020* er stefnt að því að samþætta byggðaáætlun skv. 7. gr laga um Byggðastofnun við aðrar áætlanir stjórnvalda, þ.m.t. áætlunum um samgöngur, fjarskipti, ferðamál, heilbrigðismál, löggæslu, skipulagsmál,

orkumál, menntamál, sjálfbæra þróun, upplýsingasamfélag, nýtingu náttúrusvæða, málefni innflytjenda og jafnréttismál og málefni barna og ungmenna. Landinu er skipt í átta svæði í samræmi við starfssvæði landshlutasamtaka sem falin er ábyrgð á því að vinna sóknaráætlanir landshlutanna. Hlutverk Byggðastofnunar er fjórþætt. Í fyrsta lagi vinnur stofnunin með stýrineti stjórnarráðsins að útfærslu verkefnisins og er starfsmaður stýrinetsins starfsmaður Byggðastofnunar. Í öðru lagi aðstoðar Byggðastofnun einstök landshlutasamtök við gerð sóknaráætlana fyrir viðkomandi landshluta. Í þriðja lagi vinnur Byggðastofnun í samvinnu við stýrinetið að því að samhæfa aðkomu ólíkra stofnana ríkisvaldsins að vinnu við sóknaráætlanir landshluta. Loks hefur Byggðastofnun unnið að stöðugreiningum og þróun mælikvarða á árangri sóknaráætlana einstakra landshluta.

Einn helsti árangur sóknaráætlana landshlutanna hefur verið sá að auka samstarf og forgangsröðun á svæðisbundnum grunni og efling grenndarstjórnsýslu sem getur tekið við fleiri verkefnum frá ríkinu. Sóknaráætlanir landshlutanna geta hins vegar ekki komið í staðinn fyrir opinbera stefnu ríkisins í byggðamálum. Þvert á móti hlýtur samstarf ríkis og sveitarfélaga um svæðisbundna þróun að kalla á skýra stefnu í byggðamálum á landsvísu sem fléttast inn í starfsemi allra ráðuneyta. Stefnumörkun *Íslands 2020* og sóknaráætlanir landshlutanna fela í sér aukna þörf á samhæfingu byggðamála innan stjórnsýslu ríkisins, eflingu sérfræðipækkingar á sviði byggðamála og skýrari stefnumótandi byggðaáætlun. Byggðastofnun getur gegnt mikilvægu hlutverki á þessum þremur sviðum á komandi árum.

1.2.2 Stefnumótandi byggðaáætlun

Þingsályktanir um stefnumótandi byggðaáætlun eru stuttar og almennt orðaðar. Núgildandi áætlun er um 600 orð í átta tölusettum liðum; (1) Atvinnustefna, (2) Samþætting áætlana og aukið samstarf, (3) Efling stoðkerfis atvinnulífsins, (4) Nýsköpun og sprotafyrirtæki, (5) Erlend nýfjárfesting í atvinnulífinu, (6) Efling ferðaþjónustu, (7) Félagslegur auður og (8) Efling menningarstarfs og skapandi greina. Innan þessara átta lykilsviða er skilgreint 31 tölusett verkefni á forræði ýmissa ráðuneyta, stofnana og samtaka. Fæst þessara verkefna eru skilgreind út frá skýrri byggðastefnu þótt þau tengist flest byggðamálum með einhverjum hætti.

Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun er byggð á 7. gr. laga um Byggðastofnun en stofnunin ber þó aðeins ábyrgð á þremur verkefnum byggðaáætlunar 2010–2013; Að skilgreina skilvirkar vinnu- og þjónustusóknir og efla landshluta- og héraðakjarna, halda utan um tölfræðileg gögn um byggðaþróun og búferlaflutninga. Til viðbótar er Byggðastofnun ætlað að bera ásamt iðnaðarráðuneytinu ábyrgð á verkefni um gagnvirkt og fjölþjóðlegt flæði upplýsinga og þekkingar á sviði byggðamála og er nefnd til sögunnar í níu verkefnum á forræði annarra aðila.

Fjárveitingar til byggðaáætlunar eru ákvarðaðar með fjárlögum hvers árs en því fé er ekki skipt á aðgerðir byggðaáætlunar. Samkvæmt fjárlögum ársins 2013 eru 295 milljónir ætlaðar til framkvæmdar byggðaáætlunar samkvæmt nánari ákvörðun iðnaðarráðherra. Til samanburðar er 197,9 milljónir ætlaðar til reksturs Byggðastofnunar og 167,6 milljónir til atvinnuráðgjafa í landsbyggðunum. Það er því ljóst að stofnuninni er ætlað takmarkað hlutverk við framkvæmd stefnumótandi byggðaáætlunar og takmarkað fjármagn til þess lögbundna hlutverks að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs í landsbyggðunum.

Stærstu ákvarðanir ríkisvaldsins í byggðamálum eru raunar teknar utan skilgreindrar byggðaáætlunar og án þátttöku Byggðastofnunar. Þannig hafa ákvarðanir um miklar fjárfestingar í virkjunum og samgöngumannvirkjum verið teknar óháð byggðaáætlun og án beinnar aðkomu Byggðastofnunar. Þá eru áætlanir um uppbyggingu eða niðurskurð á opinberri

þjónustu ekki settar fram í byggðaaætlun eða í tengslum við hana. Loks eru styrkir til landbúnaðar ekki veittir á grundvelli byggðaaætlunar fyrir sveitir landsins og ákvarðanir um fiskveiðistjórnun og úthlutun byggðakvóta tengist ekki skýrri byggðaaætlun fyrir sjávarbyggðir.

1.2.3 Samþætting byggðamála við reglulega starfsemi ríkisins

Mikilvægt er að ráðuneyti og opinberar stofnanir vinni saman sem ein heild, ekki síst í byggðamálum. Skýrari verkaskipting milli almennra og sérhæfðra heilbrigðisstofnana getur þannig leitt til betri og ódýrari þjónustu við alla landsmenn og með sama hætti getur aukið samstarf og verkaskipting háskólastofnana eftir háskólamenntun um land allt. Við slíka hagræðingu og endurskipulagningu verður þó að gæta þess að lausnir sem eru ódýrar fyrir ríkissjóð geta verið óhagkvæmar fyrir skattgreiðendur, ekki síst utan þjónustusvæðis höfuðborgarinnar. Litlar, sjálfstæðar stofnanir í heimabyggð geta í mörgum tilvikum veitt betri þjónustu og átt auðveldara með að laga sig að þörfum samfélagsins en stórar miðstýrðar stofnanir í Reykjavík eða einfaldar afgreiðslur þeirra í stærstu þéttbýliskjörnum. Á ýmsum sviðum kann ein stofnun með almennt hlutverk í samstarfi við margar sérhæfðari stofnanir á höfuðborgarsvæðinu jafnframt að henta fámennum þjónustusvæðum.

Áhersla á byggðasjónarmið við endurskipulagningu stjórnarsýslunnar er því ekki andstæða heildstæðrar og faglegrar stefnumótunar heldur ómissandi þáttur slíkrar stefnumótunar. Þannig er til dæmis mikilvægt að endurskipulagning og niðurskurður í heilbrigðismálum sé í skýrum tengslum við ólíkar aðstæður á mismunandi landssvæðum og stefnumótun ríkisins í samgöngumálum. Með sama hætti er nauðsynlegt að uppbygging skólakerfisins taki ekki síður mið af þörfum þeirra skattgreiðenda sem fjármagna það en þröngum hagsmunum einstakra stofnana eða hámarkssparnaði fyrir ríkissjóð. Hið sama má segja um margvíslega menningarstarfsemi sem greidd er af öllum landsmönnum en íbúar landsbyggðanna hafa takmarkaða möguleika til að njóta. Þá er nauðsynlegt að skoða sérstaklega hlutverk grenndarmiðla í almannarými einstakra landshluta og byggðahlutverk Ríkisútvarpsins.

Til viðbótar við vinnu að stefnumörkun *Íslands 2020* og sóknaráætlunum landshlutanna hefur Byggðastofnun með ýmsum hætti stuðlað að samþættingu byggðamála í starfsemi ríkisins. Þar má til dæmis nefna greiningar og umsagnir um stöðu einstakra byggðarlaga, svæðaskiptingu hagskýrslna, erlenda ríkisborgara í íslensku samfélagi, hagvöxt landshluta, og breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Jafnframt nýta ráðuneyti, stofnanir og nefndir á vegum ríkisins sér sérfræðipækkingu starfsmanna Byggðastofnunar með formlegum og óformlegum hætti. Dæmi eru um skýrslur opinberra nefnda þar hvergi kemur fram að megintextinn hafi verið unninn af starfsmönnum Byggðastofnunar án sérstaks endurgjalds. Þá vann þróunarsviðið undirbúningsvinnu vegna núgildandi byggðakorts sem skilgreinir þau svæði þar sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) heimilar íslenskum stjórnvöldum að veita byggðastyrki. Loks hafa verkefni tengd aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu tekið verulegan tíma og skilað stofnuninni umtalsverðri þekkingu.

1.2.4 Sveitarfélög og samtök þeirra

Efling sveitarfélaga og landshlutasamtaka þeirra er mikilvægur þáttur í því að styrkja byggð og stuðla að jákvæðri byggðapróun um allt land. Aðstæður eru afar ólíkar í mismunandi sveitarfélögum og byggðarlögum innan þeirra og mikilvægt að opinbert fé sé nýtt í samræmi við aðstæður á hverjum stað. Þetta á sérstaklega við um nærþjónustu á borð við málefni fatlaðra, þjónustu við aldraða, heilsugæslu og forvarnir, grunnnám, endurmenntun og menningarstarf af ýmsu tagi. Jafnframt er mikilvægt að forgangsröðun ríkisins taki mið af forgangsröðun heimafólks innan einstakra landshluta. Þannig gæti t.d. uppbygging

sjúkrahúss eða háskólastofnunar skipt mestu máli á einu svæði en tiltekna samgöngubætur gætu talist til mikilvægustu framfaramála í heilbrigðis- eða menntamálum á öðru svæði.

Mun stærri hluti opinberra tekna og útgjalda eru í höndum ríkisins á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum. Íslensk sveitarfélög eru hins vegar misvel í stakk búin til að sinna þeim verkefnum sem þeim er nú þegar ætlað samkvæmt lögum og sum þeirra ættu erfitt með að taka við nýjum verkefnum. Jafnframt er mörg atvinnu- og þjónustusvæði að finna innan sumra sveitarfélaga og getur það skapað ýmis vandamál við skipulag opinberrar þjónustu. Sóknaráætlanir landshlutanna geta því gegnt lykilhlutverki í eflingu sveitarstjórnarstigsins og flutningi verkefna frá ríki til byggðarlaga vítt og breitt um landið. Landshlutasamtökin gegna lykilhlutverki í því að samræma starfsemi innan einstakra landshluta gagnvart ríkisvaldinu en jafnframt er mikilvægt að samræma aðkomu ríkisins að verkefnum sem snerta málaflökka margra ráðuneyta og stofnana ríkisins. Ýmis verkefni ganga jafnframt þvert á landshluta og má þar til dæmis nefna málefni byggðarlaga sem búa við viðvarandi fólksfækkun og mat á samfélagslegum áhrifum framkvæmda sem snerta fleiri en einn landshluta.

Samstarf Byggðastofnunar við sveitarfélög og landshlutasamtök þeirra um stefnumótun er margþætt. Svo sem fjallað er um í kafla 1.2.1 aðstoðar Byggðastofnun einstök landshlutasamtök sveitarfélaganna við gerð sóknaráætlana fyrir viðkomandi landshluta og vinnur að stöðugreiningum og þróun mælikvarða á árangri þeirra. Þá hefur Byggðastofnun unnið byggðaáætlanir (kafla 1.2.2) í nánú samstarfi við atvinnuþróunarfélögin og landshlutasamtökin og fundað með Sambandi íslenskra sveitarfélaga um þau mál. Stofnunin hefur ennfremur samstarf við sveitarfélögin og landshlutasamtök þeirra um fyrirkomulag atvinnuráðgjafar eins og nánar er fjallað um í 3. kafla. Loks safnar stofnunin og miðlar ýmsum upplýsingum sem snerta sveitarfélögin með beinum eða óbeinum hætti, svo sem nánar er fjallað um í fjórða kafla.

1.3 Verkefni á sviði byggðastefnu á árinu 2013

Á undanförunum árum hafa verið lögð drög að samþættingu nær allrar stefnumótunar ríkisins, jafnframt því sem umtalsverðar breytingar hafa verið gerðar á stjórnarráði Íslands og ýmsum stofnunum þess. Þetta umhverfi er enn í mótun og því geta verkefni Byggðastofnunar á sviði stefnumótunar breyst umtalsvert á næsta ári. Miðað við núverandi stöðu eru þrjú svið sem einkum þarf að leggja áherslu á.

1.3.1. Ísland 2020 og sóknaráætlanir landshluta

Á árinu 2013 mun Byggðastofnun áfram (1) vinna með stýrineti stjórnarráðsins að útfærslu og framkvæmd verkefnisins, (2) aðstoða einstök landshlutasamtök við gerð sóknaráætlana, (3) samhæfa aðkomu ólíkra stofna ríkisvaldsins að þessari vinnu og (4) vinna að stöðugreiningum og þróun mælikvarða á árangri sóknaráætlana einstakra landshluta.

Áætlað umfang 2013:

| | |
|---|----------------|
| Starfsmaður sóknaráætlana: | 12 mannmánuðir |
| Vinna með stýrineti og við sóknaráætlanir | 4 mannmánuðir |

1.3.2 Byggðaáætlun 2014–2017.

Á árinu 2013 mun Byggðastofnun vinna að undirbúningi næstu byggðaáætlunar í samráði við ráðherra byggðamála. Möguleikar verða skoðaðir á breyttri framsetningu íslenskrar byggða-

stefnu í því skyni að skýra markmið stjórnvalda hvað varðar búsetuþróun, atvinnuuppbyggingu og aðgang skattgreiðenda að opinberri þjónustu um land allt. Sérstök áhersla verður lögð á að (1) skýra stefnu ríkisins varðandi þróun ólíkra landsvæða og tegunda byggðarlaga í vörn og sókn, (2) umgjörð byggðamála í stjórnkerfi landsins, (3) hlutverk ríkis, sveitarfélaga og landshlutasamtaka í framkvæmd byggðastefnu og (4) tengsl hennar við stefnumörkun Íslands 2020. Í þessu sambandi verða byggðastefnur annarra landa sem búa við svipaðar aðstæður skoðaðar sérstaklega.

Áætlað umfang 2013:

Vinna við byggðaáætlun:

6 mannmánuðir

1.3.3 Grenndarstjórnsýsla og samþætting byggðasjónarmiða.

Á árinu 2013 mun Byggðastofnun vinna að stefnumótun og umræðu um samþættingu byggðasjónarmiða í starfsemi ríkisins. Stuðlað verður að auknum skilningi opinberra aðila á ólíkum hagsmunum þjóðarinnar eftir búsetu og mikilvægis þess að opinber útgjöld úr sameiginlegum sjóðum gagnist skattgreiðendum um allt land. Sérstaklega verður hugað að skilgreiningu þeirrar starfsemi sem eðlilegt er að staðsett sé í höfuðborginni annars vegar og landshluta- og héraðskjörnum hins vegar. Í þessu sambandi verður leitað samstarfs við ráðuneyti og ríkisstofnanir, háskóla og rannsóknarstofnanir, sveitarfélög og samtök þeirra, hagsmunasamtök og áhugafólk um einstaka málaflokka. Meðal þeirra málaflokka sem ástæða er til að skoða nánar í þessu sambandi má nefna (1) heilbrigðisþjónustu, (2) samgöngumál, (3) menningarstarf og fjölmiðlun, (4) menntamál og (5) löggæslu.

Áætlað umfang 2013:

Vinna við aðra stefnumótun:

2 mannmánuðir

2. LÁNASTARFSEMI BYGGÐASTOFNUNAR

2.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999

2. gr. Hlutverk

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni.

Í samræmi við hlutverk sitt vinnur stofnunin að undirbúningi, skipulagi og fjármögnun verkefna og veitingu lána með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra.

Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Stofnunin getur einnig tekið þátt í gerð svæðisskipulags skv. skipulagslögum.

11. gr. Veiting lána og ábyrgða

Byggðastofnun veitir lán eða ábyrgðir í samræmi við hlutverk sitt, sbr. 2. gr.

Stjórn stofnunarinnar getur falið forstjóra að ákveða einstakar lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur, sbr. 10. tölul. 4. gr.

Reikningslegur aðskilnaður skal vera á milli lánastarfsemi stofnunarinnar og annarrar starfsemi. Fjárhagslegt markmið lánastarfsemi stofnunarinnar samkvæmt þessari grein skal vera að varðveita eigið fé hennar að raungildi.

Stjórn Byggðastofnunar getur tekið ákvörðun um að gera samninga um að fela fjármálastofnunum afgreiðslu og innheimtu lána, sem og aðra fjármálaumsýslu stofnunarinnar.

2.2 Stöðugreining

Einn meginþátturinn í starfi Byggðastofnunar er að leitast við að tryggja litlum og meðalstórum fyrirtækjum utan höfuðborgarsvæðisins aðgang að lánsfé. Færa má fyrir því sterk rök að lán á hagstæðum kjörum gegn veðum í fasteignum og atvinnutækjum sé skynsamlegri, sanngjarnari og ódýrari leið en beinir styrkir til eflingar atvinnulífs. Lánastarfsemi er í eðli sínu áhættusöm á svæðum sem búa við neikvæðan hagsvöxt og vaxtagreiðslur fyrirtækja í viðunandi rekstri geta ekki fyllilega staðið undir útlánatapi vegna annarra. Stuðningur ríkisins við slíka lánastarfsemi skilar sér margfalt til baka í öflugra atvinnulífi og skattgreiðslum fyrirtækja sem njóta lánafyrirgreiðslu stofnunarinnar, starfsmanna þeirra og afleiddrar starfsemi um land allt.

Í samræmi við markmið stofnunarinnar um eflingu byggðar og atvinnulífs um allt land er mikilvægt að hugað verði sérstaklega að kynbundnum áhrifum útlánastarfseminnar. Kynskiptur vinnumarkaður með einhæfum og illa launuðum kvennastörfum er ein meginorsök byggðaröskunar í dreifbýli. Fjölgun fyrirtækja í eigu kvenna, aukin þátttaka kvenna í stjórnun fyrirtækja, fjölgun fjölbreyttra starfa og kynjasambætting vinnumarkaðar eru því meðal mikilvægra samfélagsmarkmiða lánastarfsemi Byggðastofnunar.

Þótt Byggðastofnun sé samkvæmt lögum ætlað að varðveita eigið fé að raungildi hefur ríkisvaldið ítrekað þurft að leggja henni til aukið eigið fé. Frá því lög nr 106/1999 um Byggðastofnun tóku gildi 1. janúar 2000 og fram að bankahruni í október 2008 lagði ríkisvaldið stofnuninni til sem samsvarar 1,7 milljörðum króna á verðlagi 2012. Eftir fall viðskiptabankanna og gengislækkun krónunnar haustið 2008 og fram til ársloka 2012 þurfti að afskrifa 8,9 milljarða króna til viðbótar. Með fjárlögum og fjárukalögum á árunum 2009–2012 var stofnunni lagt til aukið eigið fé samtals að fjárhæð 6.600 Mkr og uppfyllir stofnunin nú skilyrði laga nr. 161/2002 um að eigið fé fjármálafyrirtækja skuli nema að lágmarki 8% af eiginfjárgrunni.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um lánastarfsemi stofnunarinnar er bent á að lán hennar séu eðli máls samkvæmt áhættusöm enda iðulega veitt með vísun til samfélagslegs mikilvægis fyrir viðkomandi byggðarlag auk viðskiptalegra forsendna. Meðal nágrannabjóða er ekki gert ráð fyrir því að sambærilegar stofnanir varðveiti eigið fé að fullu enda þurfti vaxtastig við fjármögnun verkefna að vera svo hátt að það ynni gegn tilgangi slíkrar lánastarfsemi.

Útlán stofnunarinnar til 402 aðila nema rétt tæplega 15.000 Mkr fyrir afskriftir. Samkvæmt fjárlögum ársins er útlánaheimild Byggðastofnunar á árinu 2013 alls 1.500 Mkr. Mikil óvissa ríkir um útlánaþörf ársins 2013 en almenn eftirspurn eftir lánsfé til nýframkvæmda eða endurbóta er mjög lítil í upphafi ársins. Eigið fé flestra fyrirtækja hefur rýrnað verulega og áhersla stjórnenda almennt á óbreyttan rekstur. Þá hefur úrvinnsla skuldamála fyrirtækja gengið hægar en vonir stóðu til og efnahagur og rekstrargrundvöllur margra þeirra því óviss.

Í skýrslu nefndar um endurskoðun á lánastarfsemi Byggðastofnunar er lagt til að fjármögnun stofnunarinnar og núverandi krafa í lögum um eiginfjárlutfall og varðveislu eigin fjár verði tekin til endurskoðunar. Jafnframt er lagt til að stjórn stofnunarinnar og eigendur taki til skoðunar hvort aukin samvinna við önnur fjármálafyrirtæki feli í sér hagræðingu fyrir stofnunina og hvort beita skuli ábyrgðum í frekari mæli en gert hefur verið. Loks leggur nefndin til að fullnustueignir stofnunarinnar verði fluttar í sérstakt félag og eignarhlutur hennar í eignarhaldsfélögum og hlutafélögum verði tekinn til gagngerrar athugunar. Á árinu 2012 voru skoðaðir möguleikar á auknu samstarfi við sparisjóðina sem að sumu leyti er ætlað að sinna svipuðu samfélagslegu hlutverki og Byggðastofnun. Vegna viðvarandi óvissu um framtíð sparisjóðakerfisins hefur ekki fengist botn í það mál. Taka þarf endanlega ákvörðun um hvort stofnað verði eignahaldsfélag um fullnustueignir og hlutafé Byggðastofnunar.

Ákvörðun um framtíðarskipan lánamála Byggðastofnunar hlýtur að byggjast á mati á kostnaði við núverandi starfsemi og árangri hennar í samanburði við aðra möguleika. Í þessu sambandi er mikilvægt að tillit verði tekið til mismunandi aðstæðna í einstökum landshlutum, atvinnugreinum og byggðarlögum. Þannig er áhættan af lánveitingum að jafnaði mest og veð ótryggust í þeim samfélögum og atvinnugreinum sem standa höllum fæti. Þar er þörfin fyrir lánafyrirgreiðslu opinberra aðila jafnframt mest og árangurinn af starfsemi Byggðastofnunar því líklega mestur. Lán til fyrirtækja í öflugum atvinnurekstri á vaxtarsvæðum eru hins vegar að jafnaði tryggust og líklegust til að skila stofnuninni hagnaði en kunna að skipta minna máli fyrir það markmið stofnunarinnar að efla byggð og atvinnulíf um land allt. Þá er hugsanlegt að tengja lánveitingar til einstakra svæða og atvinnugreina með einhverjum hætti við svæðisbundnar aðgerðaáætlanir eða sóknaráætlanir landshluta. Brýn þörf er á umtalsverðri gagnasöfnun og greiningarvinnu til að meta þörf fyrir lánveitingar til fyrirtækja á vaxtarsvæðum og varnarsvæðum landsins.

Opinber umræða um lánastarfsemi Byggðastofnunar er oft afar neikvæð og hefur einkum snúist um gjaldþrot stórra viðskiptavina, deilur um sölu fullnustueigna og meinta hagsmunaaðrekstra stjórnarmanna. Þessi umræða veitir stofnuninni mikilvægt aðhald og full ástæða til að fagna því að skattgreiðendur séu upplýstir um slík mál. Hins vegar er jafnframt mikilvægt að skattgreiðendur séu upplýstir um útlánareglur og fagleg vinnubrögð stofnunarinnar sem hlotið afar góðar umsagnir í tveimur nýlegum úttektum Ríkisendurskoðunar. Jafnframt er nauðsynlegt að kynna samfélagsleg áhrif af lánastarfsemi Byggðastofnunar með skipulögðum hætti fyrir almenningi og helstu hagsmunaaðilum.

2.3 Verkefni á sviði lánamála á árinu 2013

Reglubundinni lánastarfsemi Byggðastofnunar verður haldið áfram með óbreyttu sniði (sjá Útlánaáætlun 2013 í Viðauka VI). Jafnframt verður unnið að eftirtöldum verkefnum.

2.3.1. Framtíð lánastarfsemi Byggðastofnunar

Á árinu 2013 verða unnar tillögur um framtíð lánastarfsemi Byggðastofnunar. Í því sambandi verður reglubundinn kostnaður við lánastarfsemi Byggðastofnunar metinn miðað við núverandi starfsemi og efnahagshorfur og útlánaáhættu eftir landssvæðum, tegundum byggðarlaga og atvinnugreinum. Skýr afstaða verður tekin til einstakra tillagna nefndar um endurskoðun lánastarfsemi stofnunarinnar, þ.m.t. hvort möguleikar séu á auknu samstarfi

við aðrar fjármálastofnanir, hvort skynsamlegt sé að veita ábyrgðir í stað lána í auknum mæli og hvort skynsamlegt sé með tilliti til megimarkmiða stofnunarinnar að stofnuð verði eignarhaldsfélög um fullnustueignir og hlutabréf í hennar eigu. Einnig verði litið til niðurstaðna skýrslu um mat á samfélagslegum ávinningi af lánastarfsemi Byggðastofnunar, sem áætlað er að lokið verði í upphafi árs 2013.

Áætlað umfang 2013:

Vinna við framtíð lánastarfsemi: 4 mannmánuðir

2.3.2 Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða

Lokið verði gerð áætlunar um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í lánastarfsemi Byggðastofnunar með það fyrir augum að fjölga fyrirtækjum í eigu kvenna, auka þátttöku kvenna í stjórnun fyrirtækja, fjölga fjölbreyttum störfum og stuðla að kynjasamþættingu vinnumarkaða í landsbyggðunum.

Áætlað umfang 2013:

Vinna við kynjasamþættingu: 3 mannmánuðir

2.3.3 Mat á samfélagsáhrifum lánastarfseminnar

Lokið verður við mat á samfélagslegan ávinningi af lánastarfsemi Byggðastofnunar eftir landssvæðum, tegundum byggðarlaga og atvinnugreinuma. Niðurstöður verða kynntar með ítarlegum hætti fyrir almenningi, stjórnvöldum og helstu hagsmunaaðilum.

Áætlað umfang 2013:

Vinna við mat á samfélagsáhrifum: 2 mannmánuðir

3. STUÐNINGUR VIÐ BYGGÐAÞRÓUN

3.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999

2. gr. Hlutverk

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni.

Í samræmi við hlutverk sitt vinnur stofnunin að undirbúningi, skipulagi og fjármögnun verkefna og veitingu lána með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra.

Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Stofnunin getur einnig tekið þátt í gerð svæðisskipulags skv. skipulagslögum.

9. gr. Atvinnuráðgjöf.

Byggðastofnun skipuleggur og vinnur að ráðgjöf við atvinnulífið á landsbyggðinni í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra.

12. gr. *Fjármögnun þróunarverkefna.*

Byggðastofnun er heimilt að fjármagna áhættusöm verkefni á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar samkvæmt nánari reglum sem iðnaðarráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar.

Þessi starfsemi skal einkum fjármögnuð með sérstökum framlögum úr ríkissjóði.

3.2 Stöðugreining

Auk starfs Byggðastofnunar á sviði stefnumótunar (kafla 1), lánveitinga (kafla 2) og öflunar og miðlunar upplýsinga (kafla 4) hefur Byggðastofnun stutt við byggðaþróun með margvíslegum beinum hætti. Þar hefur borið hæst samstarf við atvinnuþróunarfélög í öllum landshlutum á starfsvæði stofnunarinnar en jafnframt er vaxandi áhugi á fleiri verkefnum á þessu sviði.

3.2.1 Atvinnuráðgjöf á starfsvæði Byggðastofnunar

Samkvæmt fjárlögum ársins 2013 mun ríkið veita um 167,5 milljónir króna til atvinnuráðgjafa í landsbyggðunum. Byggðastofnun hefur frá árinu 1997 gert samninga við átta atvinnuþróunarfélög en þeir eru nú allir lausir. Markmið samninganna er að skapa grundvöll fyrir samstarf í samræmi við stefnu Alþingis í byggðamálum, samþætta áherslur ríkisins og heimamanna og stuðla að gagnkvæmri miðlun þekkingar á sviði atvinnuþróunar. Atvinnuþróunarfélögin skulu meðal annars vinna að atvinnu- og byggðaþróun, atvinnuráðgjöf, nýsköpun, eflingu búsetuþátta og upplýsingaöflun. Þótt áhersla sé lögð á atvinnuþróun snýst allt að helmingur starfs atvinnuþróunarfélaga um almenna byggðaþróun.

Byggðastofnun leggur atvinnuþróunarfélögunum til fé, fylgist með að starfsemi þeirra sé í samræmi við skyldur, veitir faglega aðstoð, samræmir tengsl og gengst fyrir fundum og ráðstefnum. Byggðastofnun hefur heimild til að tilnefna fulltrúa til setu á stjórnarfundum atvinnuþróunarfélaganna með málfrelsi og tillögurétti og er hluthafi í félögunum á Vestfjörðum og í Þingeyjarsýslum. Að öðru leiti eru félögin á forræði heimamanna og lúta ekki valdi Byggðastofnunar nema hvað varðar þau atriði sem samningar kveða á um.

Fjárframlög til einstakra atvinnuþróunarfélaga hafa fram til þessa verið misjafnlega há, en fyrir því eru margvíslegar sögulegar og efnislegar ástæður. Meðal þeirra þátta sem litið hefur verið til er fólksfjöldi, vegalengdir innan svæða, atvinnuástand og mannfjöldaðróun til lengri tíma litið. Skipting þessara fjármuna hefur þróast með sértækum ákvörðunum sem teknar hafa verið á löngum tíma og útilokað virðist að útskýra mismunandi upphæðir til ólíkra svæða með hlutlægum hætti. Mikilvægt er að slík úthlutun á almannafé fylgi skýrum og sanngjörnum reglum sem eiga jafnt við um öll landsvæði sem búa við sambærileg tækifæri og áskoranir.

Á fundi sínum 25. janúar 2013 samþykkti stjórn Byggðastofnunar tillögu að nýrri skiptingu fjár til atvinnuþróunar (sjá Viðauka IV). Þar er annars vegar um að ræða 140 Mkr sem skiptist milli atvinnuþróunarfélaga með hlutlægum hætti í samræmi við fjölda og stærð vinnusóknarsvæða samkvæmt skilgreiningu Byggðastofnunar og hins vegar 31 Mkr sem ætlað er að styðja við svæði sem eiga við sértækan vanda að stríða samkvæmt ákvörðun stjórnar Byggðastofnunar. Reiknað er með að samningar verði gerðir til fjögurra ára en ákvörðun um framlengingu þeirra verði tekin a.m.k. tólf mánuðum áður en þeir renna út.

Nýtt skipulag stjórnarráðsins er nú í mótun og mikil gerjun í samvinnu sveitarfélaga á vettvangi landshlutasamtaka. Í því sambandi hefur nokkuð hefur verið rætt um breytingar á fyrirkomulagi stuðnings ríkisins við atvinnuþróun og virðast tvær leiðir einkum til umræðu. Annars vegar hefur verið rætt um möguleika á því að nýtt stoðkerfi atvinnulífsins leysi af hólmi margvíslegar stofnanir og sjóði á því sviði en hins vegar að fé til atvinnuráðgjafar færist frá ríki til landshlutasamtakanna sem hluti fjármögnunar sóknaráætlana landshlutanna. Rétt er að skoða slíkar hugmyndir með opnum huga en jafnframt er mikilvægt að halda því til haga að samningar Byggðastofnunar um starfrækslu atvinnuþróunarfélaga hafa fram til þessa reynst sveigjanlegt tæki til að takast á við mismunandi aðstæður í einstökum landshlutum og síbreytilegt skipulag ríkis og sveitarstjórna. Mikilvægt er að víðtækt samráð verði haft um hugmyndir um breytingar á því fyrirkomulagi.

3.2.2 Stuðningur við brothætt byggðarlög

Á fjárlögum ársins 2013 voru fjárveitingar til Byggðastofnun hækkaðar sérstaklega um 50 Mkr til sértækra aðgerða í fámönnum byggðarlögum á varnarsvæðum sem átt hafa við mikinn vanda að etja um langt árabíl (sjá Viðauka V). Þessi vandi birtist einkum í viðvarandi fólksfækkun, einhæfni atvinnulífs, fækkun starfa og hækkandi meðalaldri íbúanna. Reynsla undangenginna ára og áratuga sýnir að uppbygging almenns stoðkerfis hefur ekki nýst brothættustu samfélögunum sem skyldi og er því mikilvægt að leita nýrra leiða til að styrkja slíkar byggðir. Í því felst meðal annars að skýrari greinarmunur verði gerður á stöðu ólíkra byggðarlaga og mismunandi leiðir þróaðar í samræmi við tækifæri og áskoranir á hverjum stað, þar sem fyrst og fremst verði leitast við að leiða fram vilja og skoðanir íbúanna sjálfra, og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, sveitarfélög, stoðkerfi atvinnulífsins, brottflutta íbúa og fleiri aðila.

Byggðastofnun hefur haft frumkvæði að slíku tilraunaverkefni þar sem leitað er lausna á bráðum vanda Raufarhafnar í samstarfi við íbúasamtök á Raufarhöfn, sveitarfélagið Norðurþing, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Háskólann á Akureyri og fleiri aðila. Aðferðafræðin felur í sér að leitast er við að leiða fram vilja og skoðanir íbúanna sjálfra, og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við aðra sem láta sig framtíð byggðarlagsins varða. Þetta verkefni hefur nú þegar skilað umtalsverðum árangri við að virkja heimamenn til að tryggja eigin framtíð og miklar væntingar eru gerðar til þess að verkefnið skili meiri árangri en fyrri tilraunir til að nálgast vanda Raufarhafnar að ofan og utan. Jafnframt er stefnt að því að valin fleiri svæði þar sem veruleg hættu er á því að búseta leggist af í fámönnum byggðakjörnum eða strjálbýlum sveitasamfélögum. Með því fæst fjölbreyttari reynsla og aukið jafnræði milli þeirra byggðarlaga sem verst standa í byggðalegu tilliti. Nokkur byggðarlög koma helst til álita í þessu sambandi en endanlegt val myndi velja á áhuga heimamanna og möguleikum á samstarfi.

3.2.3 Annar stuðningur við byggðaþróun

Í árána rás hefur Byggðastofnun tekið þátt í margvíslegum átaksverkefnum sem ætlað hefur verið að styrkja atvinnustarfsemi í landsbyggðunum almennt eða í tilteknum byggðarlögum. Má þar nefna átak til nýsköpunar og atvinnuþróunar á starfssvæði Byggðastofnunar 2003 og 2005, mótvægisáðgerðir vegna niðurskurðar á þorskkvóta árið 2007, styrki til kvenna til markaðssetningar erlendis á íslensku handverki og hönnunarvörum árið 2010. Þá tók Byggðastofnun við umsýslu með svæðisbundinni flutningsjöfnun um áramót 2012/2013. Loks má nefna að samkvæmt lögum um fiskveiðistjórnun (116/2006) er ráðherra sjávarútvegs-

mála ætlað að úthluta byggðakvóta í samráði við Byggðastofnun. Slíkt samráð hefur þó ekki verið haft með reglubundum hætti .

Þótt atvinnumál séu mikilvægur þáttur byggðamála skipta aðrir þættir á borð við samgöngur, löggæslu, heilbrigðisþjónustu, jafnrétti, umhverfisvernd, menntun og menningarstarfsemi skipta ekki síður máli við að skapa lífvænleg skilyrði fyrir búsetu um land allt. Byggðastofnun hefur veitt styrki til margvíslegra verkefna sem eflt geta búsetuskilyrði á starfssvæði sínu.

Frá árinu 2005 hefur Byggðastofnun ásamt Listahátíð í Reykjavík og Flugfélagi Íslands staðið að veitingu Eyrarrósarinnar, viðurkenningar fyrir framúrskarandi menningarverkefni á starfssvæði Byggðastofnunar. Í árslok 2012 var samningurinn endurnýjaður fyrir tímabilið 2013–2016, verðlaunaféð hækkað og fyrirkomulagi viðurkenningarinnar jafnframt breytt til samræmis við eflingu menningarstarfs í landsbyggðunum á síðustu árum. Menningarfulltrúar landshlutasamtakanna hafa nú fengið formlegt umsagnarhlutverk við val á umsóknum jafnframt því sem afhending viðurkenningarinnar mun framvegis færast milli landshluta og varpa þannig sviðsljósinu á menningarstarf á ólíkum svæðum á starfssvæði Byggðastofnunar. Þá hefur Byggðastofnun frá árinu 2011 veitt Landstólpann, viðurkenningu til einstaklings, fyrirtækis, stofnunar eða sveitarfélags vegna verkefnis, starfsemi, umfjöllunar eða annars sem aukið hefur veg byggðamála.

3.3 Verkefni á sviði byggðapróunar á árinu 2013

3.3.1. Stuðningur við atvinnuþróun

Auk reglulegrar starfsemi verður nýtt líkan fyrir skiptingu fjár til atvinnuráðgjafar kynnt fyrir helstu hagsmunaaðilum. Gerðir verða nýir samningar við landshlutasamtök eða atvinnuþróunarfélög um fyrirkomulag og fjármögnun atvinnuþróunarstarfsemi.

Áætlað umfang 2013:

Samstarf um atvinnuþróun: 6 mannmánuðir

3.3.2 Brothættar byggðir

Unnið verður áfram að tilraunaverkefni þar sem leitað er lausna á bráðum vanda Raufarhafnar í samstarfi við ýmsa aðila. Efnt verður til sambærilegra verkefna í þremur öðrum byggðarlögum víðsvegar um landið.

Áætlað umfang 2013:

Samhæfing verkefnisins: 6 mannmánuðir

Starfsmaður á Kópaskeri: 10 mannmánuðir

Aðrir staðbundir starfsmenn: 10 mannmánuðir

3.3.3 Annar stuðningur við byggðapróun

Á árinu 2013 mun Byggðastofnun áfram taka þátt í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík og Flugfélag Íslands um veitingu Eyrarrósarinnar jafnframt því sem Landstólpinn verður veittur á aðalfundi stofnunarinnar. Þá má búast við ýmsum smærri verkefnum sem tengjast stuðningi við byggðapróun á árinu 2013.

Áætlað umfang 2013:

Vinna við annan stuðning: 2 mannmánuðir

4. ÖFLUN OG MIÐLUN UPPLÝSINGA

4.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999

2. gr. Hlutverk

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni.

Í samræmi við hlutverk sitt vinnur stofnunin að undirbúningi, skipulagi og fjármögnun verkefna og veitingu lána með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra.

Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Stofnunin getur einnig tekið þátt í gerð svæðisskipulags skv. skipulagslögum.

8. gr. Rannsóknir á atvinnu- og byggðapróun.

Byggðastofnun vinnur að gagnasöfnun og rannsóknum og fylgist með atvinnu- og byggðapróun og helstu áhrifabáttum hennar og árangri opinberra stuðningsaðgerða á sviði atvinnu- mála og byggðapróunar, jafnt á Íslandi sem í löndum þar sem svipaðar aðstæður eru. Stofnunin getur tekið þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum og gert samninga við háskóla, rannsóknastofnanir og aðra um rannsóknir á þessu sviði.

4.2 Stöðugreining

Árangursrík byggðastefna hlýtur að byggjast á traustum gögnum um stöðu mála í einstökum byggðarlögum og landshlutum og fræðilegri greiningu sem byggir á fyrri rannsóknum, traustri aðferðafræði og kenningalegum forsendum margra fræðigreina. Stefnumótun til lengri tíma verður að byggja á traustri kortlagningu þeirrar þróunar sem orðið hefur, stöðu mála í samtímanum og þeim möguleikum sem í boði eru. Jafnframt er mikilvægt að ákvarðanir í einstökum málum séu teknar á grundvelli faglegrar greiningar á þeim jákvæðu og neikvæðu afleiðingum sem slíkar ákvarðanir kunna að hafa.

Efling rannsókna á sviði byggðamála skiptir því miklu máli fyrir ráðuneyti stjórnarráðsins, einstakar ríkisstofnanir, sveitarfélög og landshlutasamtök þeirra að ógleymdu áhugafólki um eflingu byggðar um land allt. Slíkar rannsóknir eiga sér þó afar flókin og margþætt viðfangsefni og við mikilvægustu spurningum er sjaldnast eitt einhlítt svar. Það er því afar mikilvægt að skapa jarðveg fyrir fjölbreyttar rannsóknir margvíslegra aðila sem nálgast þessi mál út frá mismunandi forsendum. Jafnframt er nauðsynlegt að hugað verði að grunnrannsóknum á íslenskum byggðamálum ekki síður en hagnýtum rannsóknum sem beinast að tilteknum afmörkuðum viðfangsefnum.

Örar breytingar hafa orðið á atvinnuháttum landsmanna á síðustu áratugum en orsakir og afleiðingar þeirra breytinga eru ekki með öllu ljósar. Þrátt fyrir umtalsverðan opinberan stuðning við landbúnað búa flestar sveitir landsins við viðvarandi fátækt og brottflutning. Þá hefur samspil lagasetningar, ákvarðana sjávarútvegsfyrirtækja og annarra félagslegra og menningarlegra þátta á þróun sjávarútvegs ekki verið metið með fullnægjandi hætti. Enn fremur skortir dýpri skilning á samfélagslegum áhrifum margvíslegra nýrra atvinnugreina allt frá ferðaþjónustu til stóriðju. Mikilvægt er að þessir þættir verði rannsakaðir til hlítar og

möguleg áhrif mismunandi aðgerða metin. Í því sambandi er nauðsynlegt að huga sérstaklega að stöðu kynjanna á vinnumarkaði.

Þá er mikilvægt að gerðar verði vandaðar rannsóknir á áhrifum skipulags opinberrar þjónustu á líf skjör og byggðapróun. Þjónusta á borð við heilbrigðis- og félagsþjónustu, löggæslu og dómstóla, menntun og menningarstarfsemi eru eftirsóknarverð gæði og skattgreiðendur sækjast eðlilega eftir búsetu á svæðum þar sem þeir geta notið þeirrar þjónustu sem þeir greiða fyrir. Á sama tíma skapar slík þjónusta mörg og fjölbreytt störf sem geta eftir búsetu á stórum svæðum og stuðlað að eðlilegri aldurs- og kynjasamsetningu þeirra.

Ennfremur er þörf á auknum rannsóknum á margvíslegum tegundum byggðarlaga og mismunandi svæðum landsins. Þannig er til dæmis mikilvægt að greina ólík tækifæri og áskoranir í sveitum landsins, smærri þorpum og stærri bæjum sem gegna þjónustuhlutverki fyrir tiltekin svæði. Þótt atvinnusóknarkort Byggðastofnunar leggi mikilvægan grunn að frekari rannsóknum er tiltölulega lítið vitað um fasteignamarkað, samskiptamynstur milli byggðarlaga og innan svæða eða í hvaða mæli íbúar landsins sækja atvinnu og mismunandi þjónustu um lengri eða skemmri veg.

Stærð svæða ákvarðast af samskiptum fólks og því er mikilvægt að auka þekkingu á áhrifum samgangna og boðskipta á byggðapróun. Efla þarf rannsóknir á samfélagslegum áhrifum vegakerfisins og stuðla að nýtingu þeirra í ákvarðanatöku í samgöngumálum. Þá er nauðsynlegt að ákvarðanir um framtíð innanlandsflugsins verði teknar á grundelli traustra rannsókna á hlutverki þess í félagsgerð og stjórnsýslu Íslands og áhrifum þess á þjónustusvæði einstakra þéttbýlisstaða og dreifingu ferðamanna um landið. Síbreytileg boðskiptatækni hefur margvísleg áhrif á líf skjör og sóknarfæri einstakra landshluta og fylgjast þarf náið með áhrifum breytinga á því sviði. Loks gegna fjölmiðlar lykilhlutverki í viðhaldi og eflingu almennarýmis í einstökum byggðarlögum. Full þörf er því á því að efla rannsóknir á stöðu staðbundinna fjölmiðla í ólíkum byggðarlögum og því lögbundna hlutverki Ríkisútvarps í almannapágu að veita víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttapjónustu um innlend og erlend málefni líðandi stundar og miða útvarpsefni við fjölbreytni íslensks þjóðlífs.

Byggðastofnun safnar og miðlar margvíslegum upplýsingum um stöðu og framtíðarhorfur landsbyggðanna. Þar má til dæmis nefna greinargerðir sem fylgt hafa byggðaáætlunum, skýrslur um byggðarlög sem búa við viðvarandi fólksfækkun, skýrslu um erlenda ríkisborgara í íslensku samfélagi og greinargerð um samfélagsáhrif byggingar iðjuvera á Bakka við Húsavík. Þá vinnur stofnunin úr og birtir opinberar upplýsingar sem fengnar eru frá ýmsum aðilum og má þar nefna kort sem byggð eru á gögnum Hagstofu Íslands um íbúapróun og atvinnugreinar, gögnum Bændasamtaka Íslands um greiðslumark í landbúnaði, gögnum Vinnuálastofnunar um atvinnuleysi eftir landshlutum, og gögnum um vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða sem safnað var í samvinnu við atvinnuþróunarfélögin.

Stærsta rannsóknarverkefnið sem Byggðastofnun hefur komið að í samvinnu við háskólastofnanir er rannsókn á samfélagsáhrifum stóriðjuframkvæmda á Austurlandi. Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri vann þá rannsókn en iðnaðarráðuneytið og Byggðastofnun áttu fulltrúa í verkefnisstjórn og greiddu kostnað við verkið að langstærstum hluta. Þá hefur stofnunin verið í samstarfi við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands um reglulega útgáfu á skýrslum um hagvöxt einstakra landshluta og breytingar á vægi einstakra atvinnugreina. Nú stendur yfir slík samvinna um við skýrslu fyrir fjárlaganefnd Alþingis um mat á samfélagslegum áhrifum efnahagshrunsins eins og þau birtast í fjárlögum árána 2009, 2010 og 2011. Hagfræðistofnun fær greitt fyrir vinnu við slíkt samstarf samkvæmt verksamningi.

Byggðastofnun hefur ennfremur tekið þátt í samstarfi um ýmis þróunarverkefni sem fela í sér umtalverða mats- og rannsóknarþætti. Þannig hefur stofnunin samstarf við Rannsóknarsetur verslunarinnar á Bifröst, atvinnuþróunarfélög og fleiri aðila um alþjóðlegt verkefni sem leitar úrræða til að efla litlar verslanir í landsbyggðunum. Byggðastofnun í samvinnu við Skipulagsstofnun leiddi þátttöku Íslands í alþjóðlegu verkefni sem nefnist „Spatial North“ og felst í samræmdri áætlanagerð í atvinnu-, byggða- og landnýtingarmálum fyrir norðlæg svæði Evrópu með tilliti til sjálfbærar þróunar. Stofnunin vann enn fremur nýlega að skýrslu um þekkingarsetur á Ísland í samvinnu við fulltrúa Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri, Hóla-skóla og Þekkingarsetur Austurlands. Þá hefur stofnunin tekið þátt í alþjóðlegri rannsókn norrænu byggðarannsóknastofnunarinnar Nordregio á áhrifum æðri menntastofnana á byggðaþróun.

Loks hefur Byggðastofnun gegnt mikilvægu hlutverki fyrir Íslands hönd í alþjóðlegu samstarfi um rannsóknir og stefnumótun í byggðamálum. Starfsmenn Byggðastofnunar sitja fundi stjórnarnefndar evrópsku byggðarannsóknastofnunarinnar ESPON í umboði iðnaðar-ráðuneytisins og í mars 2009 gerði stofnunin samning við Háskólann á Akureyri um að hann gegni hlutverki starfstengiliðs ESPON á Íslandi, tengi íslenska og evrópska háskóla og rannsóknastofnanir á sviði byggðarannsókna og þessar stofnanir og ESPON.

Mikilvægt er að efla efnislegar forsendur og sjálfstæði Byggðastofnunar til að taka frumkvæði að afmörkuðum greiningum og viðameiri rannsóknum á sviði byggðamála. Þótt Byggðastofnun sé ríkisstofnun og heyri stjórnsýslulega undir ráðuneyti stjórnarráðsins getur hún engu að síður metið byggðaáhrif opinberra ákvarðanir opinberra aðila með sjálfstæðum og gagnrýnum hætti. Til að stofnunin geti gegnt slíku hlutverki í auknum mæli þarf að skerpa skil milli pólitískra markmiða og faglegs mats og afla viðurkenningar stjórnvalda á mikilvægi slíkra vinnubragða. Skoða þarf möguleika stofnunarinnar á því að efla samstarf háskóla, rannsóknastofnana og einstakra fræðimanna um rannsóknir á sviði byggðamála.

4.3 Verkefni við söfnun og miðlun upplýsinga á árinu 2013

Auk venjubundinnar starfsemi við söfnun og miðlun upplýsinga mun Byggðastofnun á árinu 2013 vinna að þremur flokkum verkefna á þessu sviði.

4.3.1 Úttektir og greiningar

Í samræmi við þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun mun Byggðastofnun vinna tölfræðileg gögn um byggðaþróun og búferlaflutninga. Þá gerir tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun 2011–2014 ráð fyrir úttekt Ísavia á framtíð innanlandsflugsins í samvinnu við Byggðastofnun og Ferðamálastofu. Lokið verður við úttektir á samfélagslegum áhrifum efnahagshrunsins og samfélagslegum áhrifum lánastarfsemi Byggðastofnunar. Loks mun stofnunin eftir föngum vinna úttektir og greiningar fyrir ráðuneyti, þingnefndir, sveitarstjórnir og landshlutasamtök.

Áætlað umfang 2013:

Vinna við úttektir og greiningar: 4 mannmánuðir

4.3.2 Gagnagrunnur um byggðatengdar upplýsingar

Unnið verður að gagnagrunni um byggðatengdar upplýsingar í samstarfi við Þjóðskrá, Skipulagsstofnun, Hagstofu Íslands, Landmælingar og fleiri aðila og þróun myndrænnar framsetningar slíkra upplýsinga á kortum og myndum.

Áætlað umfang 2013:

Vinna við gagnagrunn: 2 mannmánuðir

4.3.3 Stuðningur við rannsóknir

Haldin verður fræðileg ráðstefna um byggðamál september 2013 þar sem þeir sem vinna að rannsóknum, stefnumótun og starfi á vettvangi leiða saman hesta sína. Skoðaðir verða möguleikar á því að efla samstarf háskóla, rannsóknastofnana og einstakra fræðimanna um rannsóknir á sviði byggðamála. Einnig verður skoðað hvort stofnunin geti lagt fram aðstöðu og vinnu sem mótframlag við öflun rannsóknastyrkja í samvinnu stofnunarinnar, háskóla, rannsóknastofnana og einstakra fræðimanna.

Áætlað umfang 2013:

Undirbúningur ráðstefnu: 1 mannmánuðir

5. FYLGISKJÖL

- I. Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999
- II. Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun 2010 – 2013
- III. Tillaga til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt, nr. 476/2009
- IV. Skipting fjár til atvinnuráðgjafar, 2013–2017
- V. Sértekur stuðningur ríkisins við byggðarlög í bráðum vanda
- VI. Rekstrar- og útlánaáætlun Byggðastofnunar 2013
- VII. Starfsáætlun Þróunarsviðs Byggðastofnunar 2013

1999 nr. 106 27. desember**Lög um Byggðastofnun**

Tóku gildi 1. janúar 2000. Breytt með l. 87/2009 (tóku gildi 20. ágúst 2009), l. 123/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

I. kafli. Hlutverk og skipulag.**■ 1. gr. Yfirstjórn og staðsetning.**

□ Byggðastofnun er sérstök stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyrir undir yfirstjórn [ráðherra].¹⁾

□ [Ráðherra]¹⁾ ákveður staðsetningu Byggðastofnunar að fenginni tillögu stjórnar.

¹⁾ L. 126/2011, 291. gr.

■ 2. gr. Hlutverk.

□ Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni.

□ Í samræmi við hlutverk sitt vinnur stofnunin að undirbúningi, skipulagi og fjármögnun verkefna og veitingu lána með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra.

□ Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknun. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Stofnunin getur einnig tekið þátt í gerð svæðisskipulags samkvæmt [skipulagslögum].¹⁾

¹⁾ L. 123/2010, 57. gr.

■ 3. gr. Ársfundur og stjórn.

□ Halda skal ársfund Byggðastofnunar fyrir 1. júlí ár hvert. Nánar skal kveðið á um ársfund í reglugerð.

□ [Ráðherra]¹⁾ skipar á ársfundi sjö menn í stjórn Byggðastofnunar til eins árs í senn og sjö menn til vara. [Ráðherra]¹⁾ skipar formann og varaformann og ákveður þóknun stjórnar.

□ Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða.

¹⁾ L. 126/2011, 291. gr.

■ 4. gr. Verkefni stjórnar.

□ Verkefni stjórnar Byggðastofnunar eru:

1. Að ákveða starfsskipulag að því leyti sem það hefur ekki verið gert í reglugerð.

2. Að móta stefnu um helstu áherslur, verkefni og starfs-hætti og sjá til þess að henni sé framfylgt.

3. Að ákveða rekstrar- og starfsáætlun til eins árs í senn.

4. Að vinna að samstarfi við aðrar stofnanir og sjóði sem starfa að eflingu atvinnulífs í því skyni að samhæfa og gera atvinnuráðgjöf og stuðningsaðgerðir markvissar.

5. Að fjalla um áætlanir sem stofnunin vinnur að, svo og skýrslur um starfsemi hennar.

6. Að fjalla um og samþykkja ársreikning.

7. Að taka ákvarðanir um heildarlántöku, sbr. 15. gr.

8. Að taka ákvarðanir um hlutafjárkaup og þátttöku í eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélögum.

9. Að setja reglur um lánaþjór og fjármögnun verkefna.

10. Að taka ákvarðanir og setja reglur um lán- og ábyrgðarveitingar. Þá skal stjórn setja reglur um upplýsingagjöf til stjórnar um þau efni.

11. Önnur verkefni sem [ráðherra]¹⁾ felur stjórn að vinna á sviði byggða- og atvinnumála.

¹⁾ L. 126/2011, 291. gr.

■ 5. gr. Forstjóri.

□ [Ráðherra]¹⁾ skipar forstjóra til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar. [Kjararáð ákveður starfskjör forstjóra.]²⁾

¹⁾ L. 126/2011, 291. gr. ²⁾ L. 87/2009, 7. gr.

■ 6. gr. Verkefni forstjóra.

□ Verkefni forstjóra Byggðastofnunar eru:

1. Að stjórna daglegum rekstri stofnunarinnar.

2. Að gera tillögur til stjórnar um:

a. starfsskipulag stofnunarinnar,

b. rekstrar- og starfsáætlun,

c. áherslur í starfsemi,

d. lántökur og heildarútlán,

e. reglur um lánaþjór.

3. Að ráða stofnuninni starfsfólk.

4. Önnur verkefni sem honum eru falin af stjórn.

II. kafli. Starfsemi.**■ 7. gr. Byggðaaætlun.**

□ [Ráðherra]¹⁾ leggur fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir fjögurra ára tímabil. Áætlunin skal lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir og tengsl byggðastefnu við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum og áætlunum á sviði opinberrar þjónustu í landinu.

□ Í byggðaaætlun skal gerð grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar í landinu.

□ [Ráðherra]¹⁾ skal vinna að byggðaaætlun í samvinnu við Byggðastofnun. Við gerð byggðaaætlunar hafi [ráðherra]¹⁾ samráð við önnur ráðuneyti, sveitarfélög og aðra aðila eftir þörfum.

□ Byggðaaætlun skal endurskoða á tveggja ára fresti.

¹⁾ L. 126/2011, 291. gr.

■ 8. gr. Rannsóknir á atvinnu- og byggðapróun.

□ Byggðastofnun vinnur að gagnasöfnun og rannsóknum og fylgist með atvinnu- og byggðapróun og helstu áhrifaþáttum hennar og árangri opinberra stuðningsaðgerða á sviði atvinnumála og byggðapróunar, jafnt á Íslandi sem í löndum þar sem svipaðar aðstæður eru. Stofnunin getur tekið þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum og gert samninga við háskóla, rannsóknastofnanir og aðra um rannsóknir á þessu sviði.

■ 9. gr. Atvinnuráðgjöf.

□ Byggðastofnun skipuleggur og vinnur að ráðgjöf við atvinnulífið á landsbyggðinni í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra.

□ Stofnunin skal í samstarfi við þá aðila sem sinna atvinnuráðgjöf vinna að bættu skipulagi atvinnuráðgjafar og aukinni þekkingu ráðgjafa, m.a. í því skyni að gera ráðgjöfina markvissa og stuðla að betri nýtingu fjármuna.

□ Stofnunin getur gert samninga við atvinnuþróunarfélög, stofnanir, sveitarfélög, sjálfstætt starfandi ráðgjafa eða aðra um að annast atvinnuráðgjöf á tilteknu sviði, atvinnugrein eða landsvæði.

■ 10. gr. Fjármögnun verkefna.

□ Byggðastofnun veitir framlög til verkefna á sviði atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar. Stjórn stofnunarinnar ákveður verkefni og leitar eftir samstarfsaðilum um þau. Við umfjöllun um einstök verkefni getur stjórnin, ásamt samstarfsaðilum, sett á fót verkefnanefndir til ráðgjafar. Einnig er heimilt að fela atvinnuþróunarfélögum úthlutun fjár til einstakra verkefna.

■ **11. gr.** *Veiting lána og ábyrgða.*

- Byggðastofnun veitir lán eða ábyrgðir í samræmi við hlutverk sitt, sbr. 2. gr.
- Stjórn stofnunarinnar getur falið forstjóra að ákveða einstakar lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur, sbr. 10. tölul. 4. gr.
- Reikningslegur aðskilnaður skal vera á milli lánastarfsemi stofnunarinnar og annarrar starfsemi. Fjárhagslegt markmið lánastarfsemi stofnunarinnar samkvæmt þessari grein skal vera að varðveita eigið fé hennar að raungildi.
- Stjórn Byggðastofnunar getur tekið ákvörðun um að gera samninga um að fela fjármálastofnunum afgreiðslu og innheimtu lána, sem og aðra fjármálaumsýslu stofnunarinnar.

■ **12. gr.** *Fjármögnun þróunarverkefna.*

- Byggðastofnun er heimilt að fjármagna áhættusöm verkefni á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar samkvæmt nánari reglum sem [ráðherra]¹⁾ setur að fengnum tillögum stjórnar.
- Þessi starfsemi skal einkum fjármögnuð með sérstökum framlögum úr ríkissjóði.

¹⁾ L. 126/2011, 291. gr.

III. kafli. Önnur ákvæði.

■ **13. gr.** *Upplýsingar um starfsemi.*

- [Ráðherra]¹⁾ skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi Byggðastofnunar og framvindu byggðaáætlunar.
- Ársreikningum skal fylgja skrá yfir verkefni stofnunarinnar og fjármögnun þeirra.

¹⁾ L. 126/2011, 291. gr.

■ **14. gr.** *Tekjur.*

- Tekjur Byggðastofnunar eru:

1. Framlag úr ríkissjóði eins og ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.

2. Fjármagnstekjur.

■ **15. gr.** *Lántaka.*

- Byggðastofnun er heimilt innan ramma fjárlaga að taka lán til starfsemi sinnar innan lands eða erlendis, annaðhvort í eigin nafni eða fyrir milligöngu annarra aðila.

■ **16. gr.** *Fjárvarsla.*

- Handbært fé Byggðastofnunar skal geyma á reikningum í bönkum og sparissjóðum eða trygguðum verðbréfum.

■ **17. gr.** *Undanþága frá gjöldum og sköttum.*

- Byggðastofnun er undanþegin öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs.

■ **18. gr.** *Þagnarskylda.*

- Stjórnarmenn og allir starfsmenn Byggðastofnunar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

■ **19. gr.** *Reglugerð.*

- Nánari ákvæði um skipulag og starfsemi Byggðastofnunar og framkvæmd laga þessara má setja með reglugerð.¹⁾

¹⁾ Rg. 347/2000.

■ **20. gr.** *Gildistaka.*

- Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000. . . .

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Við gildistöku laga þessara skipar iðnaðarráðherra stjórn Byggðastofnunar skv. 3. gr. fram að fyrsta ársfundi sem halda skal fyrir 1. júlí 2000.

Tillaga til þingsályktunar

um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010–2013.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2010–2013. Áætlunin byggist á aðgerðum í nýsköpun og atvinnuþróun í samræmi við aðra stefnumótun við gerð Sóknaráætlunar 2020.

Meginmarkmið byggðaáætlunarinnar verði að bæta skilyrði til búsetu, nýsköpunar og sjálfbærrar þróunar í öllum landshlutum og efla menntun, menningu, samfélög og samkeppnishæfni byggða og bæja landsins með margvíslegum aðgerðum.

Til þess að ná markmiðum áætlunarinnar verði gripið til eftirfarandi aðgerða sem falla undir átta skilgreind lykilsvið:

1. *Atvinnustefna*. Kjarni atvinnustefnunnar er bætt samkeppnishæfni, nýsköpun og sjálfbær þróun atvinnulífsins þar sem byggt er á sérstöðu og styrkleikum hvers svæðis eða atvinnugreinar fyrir sig, menntun, rannsóknum og margvíslegum menningar- og samfélagslegum þáttum.
2. *Samþætting áætlana og aukið samstarf*. Samþætting opinberra áætlana, m.a. á sviði byggðamála, menntamála, orkumála, samgangna, fjarskipta og menningarmála, er hugsuð í þeim tilgangi að bæta árangur í þágu atvinnulífs og búsetuskilyrða auk betri nýtingar fjármuna.
3. *Efling stoðkerfis atvinnulífsins*. Tilgangurinn með þessu er m.a. að auka skilvirkni atvinnulífsins og gera það einfaldara. Það er meðal annars gert með því að leggja áherslu á vaxtarsamninga sem byggjast á klasahugsun og á svæðisbundin þekkingarsetur sem samþætta þverfagleg fræðasvið og staðbundnar áherslur, sérkenni og styrkleika og eru líkleg til að skila auknum árangri í nýsköpun og atvinnuþróun.
4. *Nýsköpun og sprotafyrirtæki*. Stuðningur við nýsköpun og sprotafyrirtæki verði þrenns konar. Í fyrsta lagi í gegnum menntakerfið og stoðkerfi atvinnulífsins, svo sem Byggðastofnun og atvinnuþróunarfélögin, starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og sjóði til stuðnings nýsköpun, atvinnusköpun og sprotafyrirtækjum. Í öðru lagi í gegnum skattalegar ívilnanir vegna fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum og endurgreiðslur kostnaðar vegna rannsókna og þróunar. Í þriðja lagi í gegnum skilgreind verkefni, klasa eða áherslur opinberra aðila, svo sem að auka hlutfall innlendra visthæfra orkugjafa í samgöngum eða að þróa leiðir til að nýta eða binda koltvísýring úr útblæstri orku- og iðjuvera.
5. *Erlend nýffjórðing í atvinnulífinu*. Til viðbótar við innlenda nýsköpun og vöxt atvinnulífsins, sem kalla má „innri vöxt“, er mikilvægt að stuðla markvisst að erlendri nýffjórðing í atvinnulífinu. Rammalöggjöf um ívilnanir vegna fjárfestingar mun taka til svæða sem skilgreind eru á byggðakorti Eftirlitsstofnunar EFTA og mikilvægt að at-

vinnuþróunarfélög eigi samstarf við Fjárfestingarstofu um kynningu á helstu kostum og styrkleikum svæða.

6. *Efling ferðaþjónustu*. Eftir mikinn vöxt, vöruþróun og nýsköpun á síðustu árum er ferðaþjónustan orðin ein af meginstöðum íslensks efnahagslífs og skapar um fimmtung gjald-eyristekna þjódarbúsins. Mikilvægt er að byggja nú á þeim styrkleikum sem til staðar eru og markaðssetja þá sérstaklega gagnvart erlendum ferðamönnum um leið og gætt er að gæðum og frekari vöruþróun. Horfa þarf sérstaklega til sviða þar sem sérstaða íslenskrar náttúru, afurða og náttúruauðlinda nýtist, svo sem heilsu- og lífsstílstengdrar ferðaþjónustu.
7. *Félagsauður*. Félagsauður hvers svæðis er grundvöllur atvinnulífs, þjónustu og almennrar þátttöku í uppbyggingu samfélagsins. Félagsauðurinn ræður því miklu um almenn búsetuskilyrði og samkeppnishæfni. Menntun, menning, félagsstarf, lýðræðisleg þátttaka í stefnumótun og framtíðarsýn eru allt atriði sem skipta máli. Jafnrétti og þátttaka beggja kynja í atvinnulífi og samfélagsmótun er sérstakt viðfangsefni sem líta þarf til.
8. *Efling menningarstarfs og skapandi greina*. Menning og listir skipa æ ríkari sess í nýsköpun og eflingu atvinnulífs um land allt og hafa þar með jákvæð áhrif á byggðapróun. Svæðisbundnir menningarsamningar hafa reynst vel og styðja við fjölbreytt menningar- og listalíf á landsbyggðinni og efla tengsl lista og menningartengdrar ferðaþjónustu. Mikilvægt er að styrkja grundvöll skapandi greina með því að auka áherslu á menntun á þessu sviði. Nýta má menningarsamninga og vaxtarsamninga í þessu skyni og koma á víðtæku samstarfi við þekkingarsetur og menningarsetur í heimabyggð, framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðvar um eflingu menntunar á sviði skapandi greina.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Iðnaðarráðherra leggur fyrir Alþingi, skv. 7. gr. laga um Byggðastofnun, nr. 106/1999, tillögu að stefnumótandi byggðááætlun fyrir fjögurra ára tímabil. Áætlunin skal lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir og tengsl byggðastefnu við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum og áætlunum á sviði opinberrar þjónustu í landinu. Í henni skal einnig gerð grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar í landinu. Í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar um Byggðastofnun nr. 347/2000 segir jafnframt að í byggðááætlun skuli gerð grein fyrir framvindu gildandi byggðááætlunar. Lögum samkvæmt vann iðnaðarráðherra að byggðááætlun í samvinnu við Byggðastofnun og hafði við gerð hennar víðtækt samráð við önnur ráðuneyti, sveitarfélög, atvinnuþróunarfélög og fleiri.

Haustið 2008 fól iðnaðarráðuneyti Byggðastofnun að vinna frumdrög að nýrri byggðááætlun sem skyldi byggja á grunni gildandi áætlunar fyrir árin 2006–2009. Árið 2009 var þessi grunnur endurskoðaður með tilliti til samstarfsyfirlýsingar nýrrar ríkisstjórnar og ákveðið að móta byggðááætlunina þannig að hún yrði fyrst og fremst innlegg í Sóknaráætlun 2020 sem nú er unnið að.

Hér á eftir er fyrst farið stuttlega yfir meginmarkmiðin á hverju lykilsviði fyrir sig og svo fylgir listi yfir aðgerðir sem eru leiðir til að hrinda markmiðunum í framkvæmd.

I. Atvinnustefna.

Mikilvægur liður í Sóknaráætlun 20/20 verður greining á styrkleikum og samkeppnishæfni atvinnulífs á Íslandi, bæði einstakra landshluta og atvinnugreina. Unnið verður í nánú samráði við helstu hagsmunaaðila. Við úrvinnslu og eftirfylgni verður byggt á klasahugmyndafræði um samstarf í samkeppni. Auk niðurstöðu samkeppnisgreininga sóknaráætlunar er lagt

til að þegar verði hugað að uppbyggingu klasa á sviðum þar sem sterkur vísir er þegar til staðar. Þá þarf að huga sérstaklega að samkeppnishæfni Íslands á sviði beinna erlendra fjárfestinga.

1. Samkeppnishæfni og klasar.

Markmið: Skilgreina styrkleika og samkeppnishæfni.

Meginhugmynd: Í samráði við helstu hagsmunaaðila verður unnin greining á styrkleikum og samkeppnishæfni atvinnulífs á Íslandi, bæði einstakra landshluta og atvinnugreina, með tilliti til nýsköpunar, rannsókna og þróunar og beinna fjárfestinga. Lögð verður áhersla á að byggja á þeim þáttum sem þegar eru til staðar. Sérstaklega verður litið til sóknarfæra sem stuðla að klasasamstarfi atvinnugreina innan landshluta. Stoðkerfi atvinnulífsins tekur svo mið af greiningunni á samkeppnishæfni við ákvarðanir um uppbyggingu og stuðning auk þess sem atvinnustefnan mun birtast í samþættingu opinberra áætlana.

Árangursmat: Innleiðing stefnumótunar hjá stoðkerfi atvinnulífs og í samþættingu opinberra áætlana. Stofnun klasasamstarfs og samvinnuverkefni innlendra og erlendra aðila um uppbyggingu.

Ábyrgð á framkvæmd: Stýrihópur sóknaráætlunar á vegum forsætisráðuneytis.

Aðrir þátttakendur: Iðnaðarráðuneyti, Nýsköpunarmiðstöð, viðskiptaráðuneyti, umhverfisráðuneyti, atvinnuþróunarfélög/sveitarfélög, Fjárfestingarstofa.

Tímaáætlun: 2010.

2. Heildstæð orkunýtingarstefna.

Markmið: Að ljúka mótun heildstæðrar orkunýtingarstefnu.

Meginhugmynd: Lokið verði við mótun heildstæðrar orkustefnu á vegum iðnaðarráðuneytisins, með áherslu á græna atvinnustarfsemi, m.a. með því að nýta endurnýjanlega orku á sjálfbæran og samfélagslega ábyrgan hátt til verðmæta- og atvinnusköpunar. Fjallað verður sérstaklega um möguleika á nýtingu orkuauðlinda til atvinnu- og verðmætasköpunar á næstu missirum. Breyttar aðstæður, bæði á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og ný eftirspurn frá umhverfisvænum iðnaði kalla á nýja nálgun við uppbyggingu og fjármögnun orkuöflunar svo við getum mætt eftirspurninni. Í tengslum við mótun atvinnustefnu verði lagðar áherslur um það til hvers kyns uppbyggingar nýta á orkuauðlindirnar og tækifærin svo kynnt markvisst fyrir mögulegum fjárfestum.

Unnið er að því að rammaáætlun um verndun og nýtingu vatnsafls og jarðvarma fái lögformlega stöðu og að á grundvelli hennar verði reglubundið lögð fram þingsályktunartillaga um orkunýtingu. Með rammaáætluninni er stefnt að langþráðri sátt um orkunýtingarkosti þannig að uppbygging sem tengist nýtingu sjálfbærra orkuauðlinda verði sem markvissust.

Árangursmat: Kynning stefnumótunar í tveimur áföngum og samráð við hagsmunaaðila.

Ábyrgð á framkvæmd: Stýrihópur um mótun heildstæðrar orkustefnu á vegum iðnaðar-ráðuneytisins.

Aðrir þátttakendur: Orkustofnun, umhverfisráðuneyti, orkufyrirtæki, stýrihópur um sóknaráætlun, sveitarfélög, Fjárfestingarstofa, Nýsköpunarmiðstöð.

Tímaáætlun: 2010.

3. Efling landshluta- og héraðakjarna.

Markmið: Að skilgreina skilvirkar vinnu- og þjónustusóknir og efla landshluta- og héraðakjarna.

Meginhugmynd: Þessi aðgerð mun taka mið af umfjöllun á vettvangi Sóknaráætlunar 2020, en hún byggist á því að skipting landsins í vinnusóknarsvæði verði greind í skilvirkar daglegar vinnu- og þjónustusóknir. Þá verði kannað hvort efla megi kjarna svæðanna, t.d. með því að stækka svæðin með samgöngubótum, svo sem vegstyttingum og almenningsamgöngum. Þannig mætti skapa fólki til sveita betri skilyrði til að sækja vinnu utan heimilis og nýta betur þjónustufjárfestingar ríkis og sveitarfélaga, sem tengist eflingu sveitarstjórnarstigsins. Niðurstöður greininga gætu leitt til áherslubreytinga í áætlunum ríkis og sveitarfélaga og orðið hluti af heildstæðri sóknaráætlun. Eitt af markmiðunum er að almenningur og fyrirtæki geti sótt sem mest af þjónustu í skilgreindar þjónustumiðstöðvar. Þannig næst bæði hagræðing og bætt þjónusta.

Atvinnuþróunarfélögin greini aðstæður hvert á sínu starfssvæði samkvæmt sameiginlegu verklagi og skilgreiningarkvörðum sem þau ákveða í samráði við Bygðastofnun og stýrihóp um sóknaráætlun sem samhæfir niðurstöður félaganna.

Árangursmat: Atvinnuþróunarfélögin munu skila til Bygðastofnunar niðurstöðum sem metnar verða með hliðsjón af markmiðum og kvörðum sem settir verða sameiginlega fyrir öll svæðin. Farið verður yfir verkið og það skilgreint á fundi í upphafi og niðurstöðum og árangri lýst á fundi í verklok.

Ábyrgð á framkvæmd: Bygðastofnun.

Aðrir þátttakendur: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, sveitarfélög, stýrihópur um Sóknaráætlun 2020.

Tímaáætlun: 2010–2011.

4. Iðn- og orkugarðar – efnaverkfræðiklasi.

Markmið: Stuðla að uppbyggingu iðngarða sem tengjast orkuvinnslu, svo sem efnaverkfræðiklasi sem tengist íslenskum jarðhitasvæðum og háskólum.

Meginhugmynd: Iðngarðar með áherslu á nýsköpun sem tengist jarðvarma gæti orðið lyftistöng fyrir íslenskt atvinnulíf. Í iðngörðunum yrði byggt á eignum frá orkuvinnslu, auk hita og raforku. Efnaverkfræðiklasi er álitlegur kostur fyrir iðngarð. Hann samanstæði af mörgum fyrirtækjum sem saman mynduðu heild þar sem hver framleiðslueining stydði aðra. Hráefni sem kæmi frá jarðvarmaverum skapaði grunn að slíkum klasa. Þar sem engin ein framleiðslueining klasans mundi framleiða öll efnasambönd gæti hver og einn sérhæft sig í framleiðslu tiltekinna efna sem svo mætti nýta sem undirstöður í flóknari efnasambönd hjá öðrum. Uppbygging getur farið fram í áföngum. Hver eining gæti þurft á bilinu 30 til 50 MW af raforku til starfseminnar.

Fjárfestingarstofa hefur þegar haft frumkvæði að mótun hugmyndar um „grænan iðngarð“ í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð og Kadeco þar sem áhersla er lögð á mögulega aðkomu erlendra aðila til að tryggja hraða uppbyggingu. Markmið þessa verkefnis er að ljúka kortlagningu allra kosta á þessu sviði samhliða því sem stutt er við þau verkefni sem þegar eru í undirbúningi. Nýsköpunarmiðstöð mun leiða könnun á mögulegri hráefnisvinnslu og staðsetningu slíkra iðngarða og efnaverkfræðiklasa auk þess að leita vísindalegs samstarfs. Fjárfestingarstofa mun leita erlendra fjárfesta og samstarfsaðila við uppbyggingu.

Árangursmat: Skýrsla NMÍ og Fjárfestingarstofu um framgang og ákvörðun um framkvæmdir við iðngarða og efnaverkfræðiklasa.

Ábyrgð á framkvæmd: Nýsköpunarmiðstöð.

Aðrir þátttakendur: Iðnaðarráðuneyti, orkufyrirtækin, Fjárfestingarstofa, háskólar og eftir atvikum fleiri.

Tímaáætlun: 2011–2013.

5. Efling líftækni.

Markmið: Efling framsækinnar nýsköpunarfyrirtækja í líftækni með klasasamstarfi.

Meginhugmynd: Líftækni gæti á næstu áratugum haft svipuð áhrif á nýsköpun og framvindu atvinnulífsins og upplýsingatæknin hefur haft síðustu áratugi. Líftækni liggur til grundvallar margvíslegum lausnum á sviði auðlindanýtingar, heilsugæslu og umhverfisverndar. Þróun líftækninnar byggist á þremur meginstöðum, þ.e. þekkingu á erfðum og flóknum lífsferlum í frumum, frumframleiðslu í lífheiminum og samþættingu líftækninnar þvert á hefðbundna atvinnuvegaskiptingu. Líftæknin verður því best byggð upp með samræmdu átaki í samstarfi allra greina og innan hennar munu skapast mörg tækifæri til uppbyggingar nýrra fyrirtækja. Hér á landi er orðinn til vísir að líftækniklasa og mögulegt að efla enn samstarfið. Komið verði á formlegu klasasamstarfi um rannsóknir, þróun og nýsköpun á sviði líftækni sem með samræmdum aðgerðum getur leitt til stofnunar og eflingar framsækinnar líftæknifyrirtækja.

Árangursmat: 1) myndun klasasamstarfs, 2) árangursmarkmið samstarfsaðila.

Ábyrgð á framkvæmd: Nýsköpunarmiðstöð.

Aðrir þátttakendur: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, Matís, háskólar og Samtök líftæknifyrirtækja.

Tímaáætlun: 2010–2013.

6. Þróun vistvænna veiða á grunnslóð og nýting nýrra veiðistofna.

Markmið: Efling sjálfbærrar nýtingar nytjastofna á strandsvæðum.

Meginhugmynd: Aukin áhersla verður lögð á rannsóknir á stöðu vistkerfa á grunnslóðinni kringum landið, landnámi nýrra nytjategunda og þekktra tegunda þar sem útbreiðsla er að breytast. Meginviðfangsefni rannsókna verður að leggja grunn að aukinni verðmætatsköpun með bættri nýtingu sjávarfangs og þróun vistvænna aðferða við öflun þess. Rannsóknasetur á landsbyggðinni munu hafa mikilvægu hlutverki að gegna við framkvæmd verkefnisins.

Nýjar nytjategundir eru að nema hér land og útbreiðsla margra þekktra tegunda við Ísland að breytast. Þróa þarf veiðar og nýtingu nýrra tegunda og bregðast við tilkomu nýrra nytjastofna á svæðum þar sem þeir hafa ekki áður verið til staðar. Miklir möguleikar eru á að efla nýtingu margvíslegs sjávarfangs á grunnslóð. Á það við ýmsar fisktegundir, en einnig fleiri sjávardýr, þörungur og þang, ásamt þróun líftæknilegra aðferða við vinnslu og nýtingu.

Árangursmat: Árlega verði lagt mat á framþróun.

Ábyrgð á framkvæmd: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Hafrannsóknastofnunin, rannsóknasetur, aðrar rannsóknastofnanir og fyrirtæki.

Tímaáætlun: 2010–2013.

7. Fiskeldi.

Markmið: Fiskeldisafurðir verði samkeppnishæfar á alþjóðlegum mörkuðum.

Meginhugmynd: Á Íslandi er stundað eldi á bleikju, laxi, þorski, lúðu, sandhverfu, regnbogasilungi og urriða auk tilraunaeldis á fleiri tegundum. Einnig eru víða gerðar tilraunir með kræklingarækt. Stórefla þarf rannsóknir og þróun á fiskeldi og framleiðslu valinna tegunda þannig að gott vald náist á öllum þáttum eldis þeirra. Þannig verði markvisst unnið að því að fiskeldi stóraukist og framleiðsla valinna tegunda verði samkeppnisfær á alþjóðlegum mörkuðum.

Þorskeldi byggist nú aðallega á fõngun og eldi á villtum þorski og er reiknað með um 2.000 tonna framleiðslu í ár. Forsenda verulegrar aukningar er að áfram verði unnið að kynbótum og framleiðslu seiða úr kynbættum efnivið. Framleiðsla bleikju er nú undir getu

en forsenda aukningar er átak í markaðsöflun. Kræklingarækt hefur verið í þróun í allnokkur ár en framleiðslan verið lítil hingað til. Á næstu árum kemur í ljós hvort tekst að gera kræklingarækt arðbæra. Landssamband fiskeldisstöðva hefur látið vinna skýrslu um stöðu fiskeldis á Íslandi, framtíðaráform og stefnumótun og er í skýrslunni gerð grein fyrir helstu áherslum í rannsóknar- og þróunarstarfi í fiskeldi á næstu árum.

Árangursmat: Árlega verði lagt mat á framþróun.

Ábyrgð á framkvæmd: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Fiskeldisnefnd, fyrirtæki, háskólar og rannsóknastofnanir.

Tímaáætlun: 2012–2013.

II. Samþætting áætlana og aukið samstarf.

Stjórnvöld vinna reglubundnar áætlanir á ýmsum sviðum. Til að áætlanagerðin verði markviss hluti af heildstæðri stefnu um bættu samkeppnishæfni er unnið að því á vegum stýrihóps um sóknaráætlun að samþætta áætlanirnar. Flestar miða áætlanirnar að eflingu innviða.

8. Samþætting opinberra áætlana.

Markmið: Auka skilvirkni við eftirfylgni stefnumótunar með samþættingu opinberra áætlana á ýmsum sviðum.

Meginhugmynd: Stjórnvöld leggja fram margvíslegar áætlanir á borð við byggðaáætlun, samgönguáætlun, áætlun í menntamálum, umhverfisverndaráætlun, fjarskiptaáætlun og áætlanir í orkumálum. Þá er nú unnið að rammaáætlun um verndun og nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Með því að samþætta þessar áætlanir í gegnum vinnu við sóknaráætlun fyrir alla landshluta í samráði við hagsmunaaðila má ná betri árangri við eftirfylgni og framkvæmd stefnumála. Áhersla verði lögð á markvissa samþættingu opinberra áætlana við fyrirhugaðar breytingar í stjórnarsýslunni. Þessi aðgerð tengist einu helsta verkefni Sóknaráætlunar 2020 og mun að líkindum verða fellt inn í þá vinnu.

Árangursmat: Samstarfshópur ráðuneyta skili tillögum einu sinni á ári til viðkomandi ráðuneytis um samþættingu og breytingar. Árangur mælist af virkni ráðuneyta og stofnana á þessu sviði.

Ábyrgð á framkvæmd: Forsætisráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, önnur ráðuneyti og undirstofnanir þeirra.

Tímaáætlun: 2010–2011.

9. Fjölbjóðlegt samstarf.

Markmið: Að stuðla að gagnvirku flæði upplýsinga og þekkingar og styðja fjölbjóðleg þekkingarnet á sviði byggðamála.

Meginhugmynd: Á grundvelli góðrar reynslu verði Ísland áfram virkur þátttakandi í NORA, Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins NPP og ESPON.

Samstarfsvettvangur Norðurlanda á sviði byggðamála er norræna embættismannanefndin um byggðamál (NR-K). Samstarfið felst í því að miðla reynslu, þekkingu, umræðum og kynnum í því skyni að skapa traustari grunn fyrir stefnumótun í byggðamálum. NR-K hefur veitt fjárstyrki til samstarfs grannsvæða yfir landamæri, langmest til samstarfsins á Norður-Atlantshafssvæðinu, NORA. Byggðastofnun er tengiliður Íslands við NORA. Mörg góð verkefni hafa verið styrkt með fjármunum frá NORA og Íslendingar hafa verið mjög virkir þátttakendur í verkefnum sem styrkt hafa verið.

Meginmarkmið Norðurslóðaáætlunarinnar NPP 2007–2013 er að efla atvinnu-, efnahags- og félagslega samvinnu svæða og landa á norðurslóðum með samstarfsverkefnum yfir landamæri á milli einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Norðurslóðaáætlun er ein af fimm svæðaáætlunum Evrópusambandsins sem tilheyra Interreg IV. Norðurslóðaáætlun hefur fengið víðtæka verkefnaþátttöku og stofnanir, sveitarfélög og atvinnuþróunarfélög verið virkir þátttakendur í mörgum verkefnum sem þótt hafa skilað góðum árangri. Norðurslóðaáætlun nær landfræðilega yfir mjög víðfeðmt svæði en þáttökulönd eru Skotland, Norður-Írland, Svíþjóð, Finnland og Írland auk Noregs, Íslands, Grænlands og Færeyja. Byggðastofnun er landstengiliður NPP á Íslandi.

Fjölbjóðlegar og þverfaglegar byggðarannsóknir í ESB hófust með ESPON-áætluninni 2002. Sú áætlun er Interreg C-áætlun. Miðpunktur ESPON-starfsins er lítil stofnun í Lúxemborg en á vegum áætlunarinnar áttu á annað hundrað evrópskir háskólar og rannsóknastofnanir í rannsóknastarfi á síðasta starfstímabili hennar frá 2002–2006. Öll aðildarlönd ESB, umsóknarlöndin og Noregur, Sviss og Liechtenstein eru aðilar að ESPON og með tímabilinu 2007–2013 er Ísland líka þátttakandi. Byggðastofnun hefur starfrækt samband við ESPON og mun áfram rækja stjórnunarlegt hlutverk. Auglýst var eftir stofnun til að starfrækja faglegt net ESPON á Íslandi og hefur Byggðastofnun valið Háskólann á Akureyri til þess.

Árangursmat: Hver áætlun skilar ársskýrslu til iðnaðarráðuneytis og lýsir starfinu og árangri af því.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðarráðuneyti, Byggðastofnun.

Aðrir þátttakendur: Háskólar, fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir í stoðkerfi atvinnulífsins.

Tímaáætlun: 2010–2013.

10. Tölfræðileg gögn um byggðaðróun.

Markmið: Fá haldgóðar upplýsingar um stöðu og þróun atvinnu- og mannlífs.

Meginhugmynd: Upplýsingar um þróun atvinnulífs og ýmissa samfélagslegra þátta eru ferskendur markvissrar stefnumótunar um byggðapróun. Unnið hefur verið að styrkingu upplýsingasöfnunar t.d. með alþjóðlegu samstarfi sem þarf að efla með víðtæku innlendu samráði. Stofna þarf starfshóp til að móta sameiginlegar tillögur hagsmunaaðila um söfnun, úrvinnslu og birtingu byggðatengdra upplýsinga er byggist m.a. á þeirri forvinnu sem þegar hefur farið fram hjá Byggðastofnun. Á árinu 2007 var á vegum Byggðastofnunar unnin greining á því hvaða upplýsingar væru til staðar og á hvaða formi, jafnframt því að skoðað var hvernig nágrannaþjóðir okkar safna og birta byggðatengdar upplýsingar. Víðast er lögð áhersla á upplýsingaöflun um frumkvöðlastarfsemi, nýsköpun og nýja tækni, menntun og starfshæfni, ferðamennsku og ástand jaðarsvæða. Jafnframt var unnið að mati á því hvaða upplýsingar teldust mikilvægar út frá byggðalegum forsendum og hvaða svæðagrundvöllur væri nauðsynlegur.

Mikilvægt er að tölfræðileg gögn um byggðapróun séu ávallt tiltæk, enda eru slík gögn grundvallaratriði við stöðulýsingu og áætlanagerð á sviði byggðamála. Mikið er til af gögnum um byggðapróun og er Hagstofa Íslands þar lykilaðili þar sem hún vinnur með og geymir mikið af byggðatengdum upplýsingum á aðgengilegu formi. Fjölmarginir aðrir aðilar afla og varðveita upplýsingar en nokkuð hefur vantað upp á að gögnum sem snúa að byggðamálum sé markvisst safnað, unnið úr þeim og þau birt með reglubundnum hætti. Upplýsingar um íbúapróun, atvinnuþátttöku, tekjuþróun, menntunarstig, afkomu atvinnugreina, nýsköpun og áhrif þessara þátta á hagkerfi og samfélag þurfa að vera aðgengilegar og samhæfðar við alþjóðlegar samanburðarrannsóknir, bæði hvað varðar val grunnupplýsinga og framsetningu þeirra eftir úrvinnslu. Auk stöðugrar gagnaöflunar og miðlunar tölfræðilegra upplýsinga um byggðamál þarf að vera unnt að vinna sértækar greiningar með stuttum fyrirvara, t.d. þar sem búist er við breytingum, jafnt vegna nýrra sóknarfæra í atvinnulífi og aðsteðjandi vanda.

Árangursmat: Starfshópurinn skili tillögum innan settra tímamarka.

Ábyrgð á framkvæmd: Byggðastofnun.

Aðrir þátttakendur: Iðnaðarráðuneyti, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, Hagstofa Íslands, ríkisskattstjóri, Rannís, Ferðamálastofa, Fiskistofa, Bændasamtökin, Samband íslenskra sveitarfélaga, Skipulagsstofnun, rannsóknastofnanir, háskólar o.fl.

Tímaáætlun: 2010–2013.

III. Efling stoðkerfis atvinnulífsins.

Stoðkerfi atvinnulífsins er margbrotið og er ýmist almennt eða tengt einstökum atvinnugreinum, fagsviðum eða svæðum. Mikilvægt er að gera ítarlega úttekt á stoðkerfinu í heild og leita leiða til að gera það skilvirkara og einfaldara fyrir atvinnulífið um leið. Þungamiðjan í stoðkerfinu í gegnum byggðaáætlun verður tvíþætt: Annars vegar í gegnum vaxtarsamningana þar sem aðilar á hverjum stað skilgreina styrkleika og sóknarfæri á sviði klasasamstarfs. Hins vegar í gegnum uppbyggingu þekkingarsetra. Stofnun Íslandsstofu verður skref í eflum stuðningi við útflutning á öllum sviðum með samræmdri og skilvirkri markaðssetningu.

11. Skilvirkara stoðkerfi.

Markmið: Bæta samhæfingu og skilvirkni í stoðkerfi atvinnulífsins.

Meginhugmynd: Myndaður verði starfshópur sem geri tillögur um bætt fyrirkomulag í stoðkerfi atvinnulífsins, aukna samhæfingu í störfum og aukið samstarf innan kerfisins. Starfshópurinn hugi m.a. að leiðum til að bæta og þróa þjónustu stoðkerfisins við konur.

Þekking er ein helsta uppspretta verðmætasköpunar og hagvaxtar. Samstarf stjórnvalda, atvinnulífs, háskóla og rannsóknastofnana er mikilvægt. Í því felst að þrjústoðkerfi vinnur saman að framleiðslu, úrvinnslu, miðlun þekkingar og markaðssetningu er lýtur að samþættingu atvinnulífs og rannsóknarumhverfis.

Stöðugt þarf að leita leiða til að ná sem mestum árangri og nýta fjármagn og mannaúð sem best. Hérlendis er stoðkerfi atvinnulífsins nokkuð fastbundið hefðbundnum atvinnugreinum, þ.e. landbúnaði, sjávarútvegi, iðnaði og ferðaþjónustu. Margar vaxtargreinar íslensks atvinnulífs falla illa að slíkri skiptingu og má þar nefna greinar eins og líftækni, ferðaþjónustu og fiskeldi. Víðast í nágrannalöndum okkar er í auknum mæli horfið frá aðgerðum sem beinast fyrst og fremst að einstökum atvinnugreinum en sjónum beint í ríkara mæli að tilteknum svæðum og þeim möguleikum sem felast í atvinnulífi, umhverfi og menningararfi þeirra. Starfshópurinn láti framkvæma ítarlega greiningu á stoðkerfinu, uppbyggingu þess, áherslum, svæðisbundnum sérkennum, virkni og fjármögnun og geri tillögur um úrbætur sem leiði til aukins árangurs og samlegðaráhrifa. Lögð er áhersla á að stoðkerfið verði einn af burðarásam starfs í þekkingarsetrum, sbr. 2. tillögu.

Árangursmat: Starfshópurinn leggi fram tillögur um breytingar á grundvelli greiningar á stöðu og í samráði við aðila stoðkerfisins.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Ferðamálastofa, Bændasamtök Íslands, Byggðastofnun, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Fjárfestingarstofa, atvinnuþróunarfélög/sveitarfélög, leiðbeiningarmiðstöðvar í landbúnaði og fleiri.

Tímaáætlun: 2010.

12. Þróun og styrking vaxtarsamninga.

Markmið: Að efla nýsköpun og atvinnuþróun á landsvísu.

Meginhugmynd: Vaxtarsamningar verða ein helsta burðarstoð atvinnuþróunar og nýsköpunar og nú er komið að endurnýjun þeirra í nýrri mynd. Verkefni á sviði nýsköpunar og þróunar sem skilgreind eru í byggðaáætluninni verði samræmd og tengd saman í gegnum vaxtarsamninga. Tilgangur þess er að efla staðbundna klasa með þátttöku þeirra í stærri heild sem getur náð meiri árangri í samstarfi, t.d. alþjóðlegu samstarfi, en einir sér. Þetta eykur einnig áhrif heimamanna á stefnumótun og framkvæmd aðgerða byggðaáætlunarinnar. Til þess að greiða götu þessa þarf að ljúka þeirri vinnu við framtíðarstefnumótun fyrir vaxtarsamninga sem hafin er. Mikilvægt er að það klasasamstarf sem stofnað hefur

verið til verði sem mest sjálfbært svo svigrúm sé til þess að halda áfram að styðja og þróa nýja klasa auk þess að leggja aukna áherslu á rannsóknir og nýsköpun, m.a. í gegnum þekkingarsetrin.

Lögð hefur verið mikil áhersla á vaxtarsamninga sem aðferð til nýsköpunar og atvinnuþróunar. Gerðir hafa verið slíkir samningar við sjö atvinnuþróunarfélög á grundvelli byggðaaáætlunar 2006–2009. Í vaxtarsamningum er ábyrgð og framkvæmd færð út í landshlutana og á vegum þeirra hefur verið unnið að ýmsum nýjum og árangursríkum verkefnum. Við framkvæmd vaxtarsamninga hefur verið lögð áhersla á aðferðafræði klasa á grundvelli sérstöðu og styrkleika hvers svæðis. Við gerð nýrra vaxtarsamninga er mikilvægt að byggt sé á því sem vel hefur tekist við framkvæmd fyrri samninga, með áherslu á skilvirka stjórnun og árangursmat.

Árangursmat: Mikilvægt er að viðmið árangurs verkefna samningsins séu skilgreind strax í upphafi og þau endurskoðuð reglulega með hliðsjón af framvindu hvers samnings. Árangur af starfi vaxtarsamninga verði metinn með reglubundnum hætti á grundvelli þeirra markmiða og áherslna sem lýst er í byggðaaáætlun, einstökum samningum og verkefnum. Við mat á árangri einstakra vaxtarsamninga verði unnið með samræmda grunnmælikvarða allra vaxtarsamninga þannig að fram komi mat á heildarárangri af starfi þeirra. Almennir mælikvarðar verða því settir öllum vaxtarsamningum. Byggðastofnun og Nýsköpunarmiðstöð eru ábyrgðaraðilar á framkvæmd árangursmats samninganna í nánu samstarfi við stjórnir samninganna.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Atvinnuþróunarfélög/sveitarfélög, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Byggðastofnun.

Tímaáætlun: 2010–2013.

13. Efling þekkingarsetra.

Markmið: Auka rannsóknir, þróun, og nýsköpun í þágu efnahagslegra og félagslegra framfara og treysta þann árangur sem náðst hefur víða um land með myndun og starfi svæðisbundinna þekkingarsetra.

Meginhugmynd: Þekkingarsetur vísar til samstarfs fyrirtækja, háskóla, rannsóknastofnana og stuðningskerfisins um rannsóknir, þróun og nýsköpun í þágu félagslegra og efnahagslegra framfara. Tilgangur samstarfsins er m.a. að örva nýsköpun í fyrirtækjum og efla samkeppnishæfni svæða og er því lögð áhersla á hagnýtar rannsóknir þar sem tekið er mið af svæðisbundnum þörfum atvinnulífs, styrkleikum og tækifærum.

Á vegum menntamálaráðuneytis hefur verið unnin áfangaskýrsla þar sem starfsemi þekkingarsetra er kortlögð og verður hún nýtt sem grundvöllur fyrir áframhaldandi uppbyggingu. Við uppbyggingu þekkingarsetra verði lögð áhersla á samstarf og virkar þekkingarlínur á milli þekkingarsetra hérlendis og erlendra þekkingarsetra sem starfa á áþekktum kjarnasviðum með það að markmiði að styðja enn frekar við nýsköpun og þróun.

Þannig verði þekkingarsetur á landinu hluti af alþjóðlegu netsamstarfi sem lagt getur grunn að uppbyggingu samkeppnishæfra atvinnusvæða á alþjóðavísu.

Með auknum rannsóknnum, svo og nýsköpunar- og fræðistörfum innan þekkingarsetra, má auka möguleika þeirra til að afla fjármagns til verkefna í innlenda og erlenda samkeppnissjóði.

Vaxtarsamningar verði leiðandi í þróun klasasamstarfs fyrirtækja og opinberra aðila um rannsóknir og þróun í tengslum við þekkingarsetrin.

Árangursmat: Aðilar þekkingarsetra gera með sér samstarfssamning með skilgreindum markmiðum og áherslum. Árangur verður metinn með hliðsjón af markmiðum þekkingarsetrana um samstarf innan stoðkerfisins.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, menntamálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, umhverfisráðuneyti og undirstofnanir þessara ráðuneyta auk atvinnuþróunarfélaga, sveitarfélaga og samtaka þeirra.

Tímaáætlun: 2010–2013.

Annað: Mikilvægt er að allir samningar ríkisins er fjalla um menntun, menningu, ferðamál, rannsóknir og þróun tengist með beinum hætti starfi þekkingarsetra.

IV. Nýsköpun og sprotafyrirtæki

Stuðningur við nýsköpun og sprotafyrirtæki er mjög mikilvægur til að auka fjölbreytni í atvinnulífinu og fjölga atvinnutækifærum. Slík fyrirtæki renna þannig sterkari stoðum undir þau byggðarlög sem þau starfa í og bæta búsetuskilyrði. Í þessari byggðaáætlun er stuðningurinn þrenns konar. Í fyrsta lagi í gegnum menntakerfið og stoðkerfi atvinnulífsins svo sem starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, atvinnuþróunarfélögin og Byggðastofnun og sjóði til stuðnings nýsköpun, atvinnusköpun og sprotafyrirtækjum. Í öðru lagi í gegnum skattalegar ívilnanir vegna fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum og endurgreiðslur kostnaðar vegna rannsókna og þróunar. Í þriðja lagi í gegnum skilgreind verkefni, klasa eða áherslur opinberra aðila, svo sem að auka hlutfall innlendra visthæfra orkugjafa í samgöngum, að þróa leiðir til að nýta eða binda koltvísýring úr útblæstri orku- og iðjuvera, efla nýsköpun í ferðaþjónustu og svo framvegis.

14. Ívilnanir vegna fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum og vegna rannsókna og þróunar.

Markmið: Auðvelða nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum að fjármagna sig sjálf og stunda rannsóknir og þróun.

Meginhugmynd: Alþingi hefur til meðferðar frumvörp til laga um endurgreiðslu rannsóknar- og þróunarkostnaðar og ívilnanir vegna fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum. Hagsmunaaðilar hafa kallað eftir slíku skrefi árum saman enda mikilvægt að stuðningur við nýsköpunarstarf í atvinnulífinu felist ekki aðeins í opinberu stoðkerfi eða beinum

styrkjum heldur í umhverfi sem gerir þeim kleift að nýta eigin styrk og stuðning frá einkaaðilum sem hafa trú á framtíð þeirra. Með þessum lögum er fyrirtækjum bæði gert auðveldara að fjármagna sig sjálf og stunda rannsóknar- og þróunarstarf.

Um leið og lögin taka gildi er mikilvægt að kynna þau, byggja upp skilvirkt afgreiðsluferli og hraða afgreiðslu umsókna. Kynningin verði í samvinnu við atvinnuþróunarfélög um allt land.

Árangursmat: Gildistaka laga og reglubundin úttekt á tölum um nýtingu úrræða.

Ábyrgð á framkvæmd: Fjármálaráðuneyti, Rannís.

Aðrir þátttakendur: Iðnaðarráðuneyti, ríkisskattstjóri og atvinnuþróunarfélög.

Tímarammi: 2010.

15. Impru hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands á Akureyri.

Markmið: Að efla nýsköpun og atvinnuþróun á landsbyggðinni.

Meginhugmynd: Starfsstöð Impru á Akureyri var sett á fót í desember 2002 á grundvelli markmiða byggðaáætlunar 2002–2005. Hún hefur gegnt lykilhlutverki í nýsköpunar- og þróunarstarfi á landsbyggðinni, m.a. með rekstri fjölmargra sérhæfðra verkefna sem sniðin hafa verið að þörfum tiltekinna markhópa og með tæknilegri ráðgjöf um vöruþróun og markaðssetningu.

Árangursmat: Á tveggja ára fresti verði gerð úttekt á árangri af starfsemi Impru á Akureyri.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Tímaáætlun: 2010–2013.

16. Nýsköpunarsjóður framhaldsskólanema.

Markmið: Efla áhuga framhaldsskólanema á iðngreinum og nýsköpun með betri nýtingu verknámsaðstöðu um land allt.

Meginhugmynd: Stofna sjóð í samstarfi við hagsmunaaðila í atvinnulífinu sem auglýsir eftir hugmyndum að nýsköpun sem hægt er að þróa í verknámsaðstöðu framhaldsskólanna á sumrin. Góðar hugmyndir eru styrktar þannig að nemendur geti unnið í sumarleyfum að útfærslu og framleiðslu undir handleiðslu verknámskennara og nýtt þannig aðstöðu og tækjabúnað auk þess sem dregið er úr atvinnuleysi skólafólks. Þarna kynnast nemendur ekki aðeins verknámi heldur einnig nýsköpunarvinnu.

Árangursmat: Fjöldi umsókna og þátttakenda. Gæði verkefna.
Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Menntamálaráðuneyti og framhaldsskólar, Nýsköpunarmiðstöð, Samtök iðnaðarins, fræðslumiðstöðvar, Samtök framhaldsskólanema.

Tímaáætlun: 2010–2013.

17. Heildstæð áætlun um aukna hlutdeild innlendra vishæfra orkugjafa í samgöngum.

Markmið: Auka hlutdeild innlendra vishæfra orkugjafa í samgöngum og spara þannig gjaldeyri, draga úr koltvísýringsútbæstri og hvetja til nýsköpunar og þróunar.

Meginhugmynd: Setja fram heildstæða áætlun um að auka hlutdeild innlendra vishæfra orkugjafa í samgöngum með sameiginlegu átaki fjölmargra hagsmunaaðila, skattalegum ívilnunum, uppbyggingu fjölkustöðva og hvatningu til nýsköpunar og þróunar. Í stað þess að velja orkugjafa er ætlunin að skapa almennar forsendur fyrir orkuskiptum, enda munu tækniframfarir og viðtökur markaðarins ráða mestu um það hvaða lausnir ná útbreiðslu. Iðnaðarráðuneytið hefur unnið að orkustefnu í samgöngum í samvinnu við Vistorku. Stefnt er að því að íslenskt efnahagslíf og samfélag geti starfað að mestu án innflutts jarðefnaeldsneytis árið 2050 en markaðir verði skilgreindir áfangar á þeirri leið. Þegar áætlunin um orkuskipti í samgöngum og merki hennar verður kynnt gefst öllum hagsmunaaðilum sem vilja vinna undir merki hennar kostur á að tengja sig verkefninu uppfylli þeir kröfur um vishæfni og nýsköpun. Víða um land er unnið rannsóknar- og þróunarstarf á sviði vishæfra innlendra orkugjafa sem tengja má betur saman. Mikilvægur þáttur í áætluninni er uppbygging fjölkustöðva svo hægt sé að ferðast um landið á innlendum orkugjöfum.

Árangursmat: Innleiðing ívilnana, mælanlegir áfangar í notkun innlends vishæfs eldsneytis.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Umhverfissráðuneyti, Vistorka, fjármálaráðuneyti, samgönguráðuneyti, Nýsköpunarmiðstöð, háskólar, innflytjendur eldsneytis, hagsmunaaðilar í bílgreinum, sjávarútvegi og landbúnaði.

Tímaáætlun: 2010.

18. Alþjóðlegt verkefni um nýtingu koltvísýrings frá stóriðju og jarðvarmaverum.

Markmið: Koma á alþjóðlegu samstarfsverkefni um þróun leiða til að breyta koltvísýringi frá stóriðju og jarðvarmaverum í hráefni.

Meginhugsun: Ljóst er að uppbyggingu margvíslegs iðnaðar á næstu árum mun fylgja losun gróðurhúsalofttegunda á borð við koltvísýring. Takist að þróa hagkvæmar leiðir til að

nýta koltvísýringinn fremur sem hráefni í eldsneyti eða önnur efni er það því ekki aðeins mikilvægt skref í umhverfismálum heldur einnig verðmætasköpun. Einn aðili er þegar að hefja framleiðslu á eldsneyti úr náttúrulegum koltvísýringi frá jarðvarma auk þess sem slík nýting verður eðlilegur hluti iðngarða í tengslum við orkuver og efnaverkfræðiklasa. Ísland getur boðið upp á kjörskilyrði til að leiða fjölþjóðlegt þróunarverkefni á þessu sviði og mun Nýsköpunarmiðstöð hafa frumkvæði að því að koma því af stað.

Árangursmat: Fjöldi samstarfsaðila sem skrá sig til þátttöku og umfang verkefnis.

Ábyrgð á framkvæmd: Nýsköpunarmiðstöð.

Aðrir þátttakendur: Iðnaðarráðuneyti, innlendir og erlendir háskólar, orkufyrirtækin, stór-iðjufyrirtæki.

Tímaáætlun: 2010–2013.

19. Vistvæn orkuöflun til húshitunar og niðurgreiðslur kostnaðar.

Markmið: Minnka kostnað á rafhitunarsvæðum með innleiðingu nýrra lausna við húshitun.

Meginhugmynd: Skoðaðar verði aðrar leiðir en bein rafkynding á svæðum sem nýta raforku til húshitunar. Hvatt verður til uppsetningar varmadælna þar sem það þykir hagkvæmt. Einnig verði könnuð hagkvæmni viðarkyndingar, sem nýta mundi grisjunarvið úr skógum landsins.

Á undanförunum árum hefur hið opinbera varið allt að 930 millj. kr. árlega til niðurgreiðslna á húshitunarkostnaði auk um 250 millj. kr. í jarðhitaleit. Með þessum hætti hefur verið leitast við að jafna orkukostnað á milli þeirra svæða sem búa við hitaveitu og þeirra sem eru á svokölluðum köldum svæðum og nýta raforku og olíu til húshitunar, sem að öllu jöfnu er mun dýrara en hitaveitur. Lögð hefur verið áhersla á að draga úr notkun raforku til húshitunar og því hafa verið byggðar margar hitaveitur víða um land allt undanfarin ár og hafa þær verið styrktar af hinu opinbera til að standa undir hluta þess kostnaðar sem hlýst af lagningu veitnanna. Nú er talið að hitaveituvæðing á Íslandi hafi nánast náð hámarki hvað hagkvæmni varðar. Því þarf að leggja áherslu á aðrar lausnir til umhverfisvænnar orkuöflunar sem mætti styrkja með svipuðum hætti og hitaveitur hafa verið styrktar fram að þessu.

Árangursmat: Lagt verður mat á þann sparnað sem hlýst af því að notendur rafhitunar breyti yfir í aðra orkugjafa svo sem varmadælur eða viðarkyndingu.

Ábyrgð á framkvæmd: Orkustofnun/Orkusetur.

Aðrir þátttakendur: Iðnaðarráðuneyti.

Tímaáætlun: 2011.

V. Erlend nýfjárfesting í atvinnulífinu.

Bein erlend fjárfesting felur ekki aðeins í sér fjölgun starfa, aukin verðmæti inn í hagkerfið og mikilvæga traustsýfirlýsingu á íslenskt atvinnu- og efnahagslíf heldur er hún í flestum tilfellum hvati til nýsköpunar og þróunar. Með fjárfestingum eru erlendir aðilar að leggja fjármagn í framkvæmdir og deila áhættunni með innlendum aðilum í stað þess að bjóða aðeins lánsfé gegn vöxtum. Núverandi staða Íslands á alþjóðavettvangi og samkeppni um erlendar fjárfestingar gerir okkur nauðsynlegt að bæta samkeppnisstöðuna með ívilnunum til handa erlendum fjárfestum enda skila þær sér til baka í formi verðmætasköpunar og tekjuauka. Rammalöggjöf um ívilnanir vegna erlendra fjárfestinga í stað stakra fjárfestingarsamninga er mikilvægt skref sem stíga þarf auk þess sem efla verður kynningarstarf atvinnuþróunarfélaga á tækifærum, kostum og styrkleikum allra landshluta í gegnum samstarf við Fjárfestingarstofu.

20. Rammalöggjöf um ívilnanir.

Markmið: Gera ívilnanir vegna erlendra nýfjárfestinga gegnsærri og bæta samkeppnisstöðu Íslands sem fjárfestingarkosts.

Meginhugmynd: Með rammalöggjöf um ívilnanir vegna erlendra nýfjárfestinga verður ferlið gagnvart erlendum fjárfestum mun einfaldara og gegnsærra auk þess hægt verður að kynna markvisst þær ívilnanir sem í boði eru og tengja styrkleikum og tækifærum Íslands og einstakra landshluta. Núverandi ferli, sem felur í sér sérsniðna fjárfestingarsamninga vegna einstakra verkefna, byggða á heimildarlögum frá Alþingi og með fyrirvara um samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA, er tímafrekt og ógegnsett.

Heimild til að veita ívilnanir er byggð á byggðakorti ESA af Íslandi og nú miðast það við landsbyggðarkjördæmin þrjú.

Iðnaðarráðuneytið mun leggja fram frumvarp að rammalöggjöf um ívilnanir.

Árangursmat: Gildistaka rammalöggjafar, nýfjárfestingar á grundvelli rammalöggjafar.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Alþingi, ESA.

Tímaáætlun: 2010–2013.

21. Markviss kynning á tækifærum fyrir erlendar nýfjárfestingar.

Markmið: Styrkleikar og tækifæri Íslands og einstakra landshluta verði kynnt erlendum fjárfestum með markvissum og samræmdum hætti til að efla atvinnuuppbyggingu og verðmætasköpun.

Meginhugmynd: Fjárfestingarstofa annist samræmda kynningu á Íslandi og einstökum landshlutum sem fjárfestingarkosti fyrir erlenda fjárfesta auk þess að samræma upplýsingaöflun og greiningarvinnu. Atvinnuþróunarfélög, í samvinnu við sveitarfélög og landshlutasamtök, verði bakhjarlar og samstarfsaðilar Fjárfestingarstofu í þessu mikilvæga

verkefni og leggi áherslu á að láta vinna greiningar og upplýsingaefni um styrkleika og tækifæri einstakra svæða, landshluta eða atvinnugreina með samræmdum hætti.

Sérstök kynningarverkefni um einstök svæði, verkefni eða greinar verði unnin í samráði við Fjárfestingarstofu og framkvæmd samkvæmt umsaminni verkefnaáætlun. Mikilvægt er að fyrir liggi skilgreindar boðleiðir, upplýsingamiðlun og verkaskipting þegar erlendir fjárfestar leita eftir upplýsingum um fjárfestingartækifæri eða staðsetningu fyrir nýfjárfestingu. Í undirbúningi að stofnun Íslandsstofu hefur komið skýrt fram að kynning á Íslandi sem fjárfestingarkosti er eitt af lykilhlutverkum stofunnar. Það starf verður undirbúið af kostgæfni.

Árangursmat: Fjöldi skilgreindra samstarfsverkefna á sviði kynningar, fjöldi nýfjárfestingarverkefna.

Ábyrgð á framkvæmd: Fjárfestingarstofa og atvinnuþróunarfélögin.

Aðrir þátttakendur: Íslandsstofa, iðnaðarráðuneyti, Bygðastofnun, sveitarfélög, landshlutasamtök sveitarfélaga.

Tímaáætlun: 2010–2013.

VI. Efling ferðaþjónustu.

Innviðir ferðaþjónustunnar hafa byggst hratt upp á undanförunum árum og greinin er nú ein af aðalútflutningsgreinum Íslendinga. Ferðaþjónustan er einnig sú atvinnugrein sem hraðast getur aukið gjaldeyrstekjur og fjölgað störfum án umfangsmikilla fjárfestinga. Áherslan er því lögð á frekari vöruþróun og nýsköpun á grunni vandaðrar úttekta á auðlindum greinarnar og stefnumótun og sýn m.a. unnin á forsendum heimamanna. Þessi vöruþróun miðar að því að skapa fleiri tækifæri til upplifunar, dreifa ferðamannastraumnum, bæði um landið og yfir árið og auka þau verðmæti sem greinin skapar um leið og sjálfbærni er lykilhugtak. Horfa þarf sérstaklega til sviða sem eiga það sameiginlegt að byggja á sérstöðu Íslands sem áfangastaðar, eru óháðir árstíðum og skapa mikil verðmæti.

22. Nýsköpun og vöruþróun í ferðaþjónustu tengd heilsu, lífsstíl, ráðstefnum og menningu.

Markmið: Kortleggja innviði og vöruframboð, skilgreina sóknarfærin, efla nýsköpun og miðla samræmdum skilaboðum um kosti Íslands á viðkomandi sviðum.

Meginhugmynd: Á undanförunum árum hefur mikið starf verið unnið í þróun ýmiss konar afþreyingar fyrir ferðamenn. Nýjar áherslur hafa m.a. tengst sjálfbærri þróun, heilsueflingu og útivist og menningartengdri ferðaþjónustu. Mikilvægt er að hlúð verði að sjálfbærri nýsköpun innan ferðaþjónustunnar til að auka framlegð og styrkja samkeppnisstöðu hennar gagnvart ferðaþjónustu annarra landa.

Á vegum iðnaðarráðuneytisins hefur verið unnið að samantekt um möguleika heilsu- og lífsstílstengdrar ferðaþjónustu á Íslandi. Næstu skref eru að taka á þeim veikleikum eða vöntun á vöruframboði sem greiningin leiðir í ljós og móta svo áætlun um kynningu á Íslandi sem valkosti. Skilgreina þarf markmið og stefnu í uppbyggingu heilsuferðaþjón-

ustu og síðan byggja upp þekkingargrunn er nýtist þeim sem vilja hasla sér völl innan þessarar greinar ferðaþjónustunnar og nýtist opinberum aðilum í stuðningsverkefnum, m.a. við móttun sameiginlegs vörumerkis fyrir Ísland sem heilsulind. Þá þarf einnig að skoða þann möguleika sem stærri verkefni á þessu sviði skapa til að fá hingað erlenda og innlenda nýfjárfestingu í ferðaþjónustu. Samkeppnisgreining gæti aukið áhuga erlendra fjárfesta ekki síður en ferðamanna.

Fundir, ráðstefnur, menningarviðburðir og hvataferðir fyrirtækja eru mikilvæg uppspretta tekna utan háannar í ferðaþjónustu. Tenging við náttúrutengda afþreyingu eða úti-vist skapar sóknarfæri fyrir marga landshluta. Þá rís nú ráðstefnu- og tónlistarhús í Reykjavík og menningarhús víða um land sem opnar íslenskri ferðaþjónustu nýja möguleika. Þeir verða aðeins nýttir með kynningu á Íslandi sem stað fyrir stærri fundi, ráðstefnur og menningarviðburði.

Vinna þarf áfram með greiningu á því hvernig nýta megi betur náttúru landsins, sögu þjóðarinnar og menningu í allri sinni fjölbreytni, hvort sem um er að ræða samtímasögu og menningu nútíðar eða sagnaarfinn.

Árangursmat: Fjöldi afþreyingarmöguleika er stendur ferðamönnum til boða samkvæmt gagnagrunni Ferðamálastofu, þjónustukaup erlendra og innlendra ferðamanna.

Ábyrgð á framkvæmd: Ferðamálastofa.

Aðrir þátttakendur: Umhverfisstofnun, heilbrigðisráðuneyti, atvinnuþróunarfélög, Bygðastofnun, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, SAF og hagsmunaaðilar innan ferðaþjónustunnar.

Tímaáætlun: 2010–2013.

23. Rannsóknir og þekkingaruppbygging í ferðaþjónustu.

Markmið: Efla hagnýtar rannsóknir og þróun í ferðaþjónustu og koma á varanlegu og markvissu samstarfi fyrirtækja, háskóla og rannsóknastofnana.

Meginhugmynd: Unnið verði á grunni markvissrar langtímaáætlunar þar sem hagnýt rannsóknar- og fræðsluverkefni eru skilgreind í samvinnu við hagsmunaaðila. Þróað verður hagnýtt fræðslufni og verkefni sem nýtist fólki sem starfar í ferðaþjónustu. Hagnýtar rannsóknir og kannanir verði auknar til stuðnings við markvissa vöruþróun, atvinnuuppbyggingu og markaðssetningu. Haldið verði áfram að efla gerð hliðarreiknings við þjóðhagsreikning (*Tourism Satellite Account*) um ferðaþjónustu en fyrstu tölur byggðar á þeirri aðferðafræði voru birtar síðari hluta árs 2008. Hagstofa Íslands hefur stýrt þessu verkefni í samstarfi við iðnaðarráðuneytið.

Árangursmat: Byggt verði á endurmati frá ferðaþjónustuaðilum.

Ábyrgð á framkvæmd: Ferðamálastofa, (Hagstofan og Rannsóknamiðstöð ferðamála).

Aðrir þátttakendur: Nýsköpunarmiðstöð, Byggðastofnun, sveitarstjórnir, háskólar, ýmis hagsmunasamtök, fræðslusamtök atvinnulífsins og fagfélög innan ferðaþjónustunnar.

Tímaáætlun: 2010–2013.

24. Undirbúningur landnýtingaráætlunar fyrir ferðaþjónustu á hálendinu.

Markmið: Safna saman fyrirbyggjandi rannsóknnum og gögnum og meta frekari rannsóknabörf svo ljúka megi gerð landnýtingaráætlunar fyrir ferðaþjónustu á hálendi Íslands.

Meginhugmynd: Fjölmargir aðilar hafa safnað gögnum og sinnt rannsóknum á áhrifum ferðaþjónustu á hálendið og fjölfarna ferðamannastaði. Þörfin fyrir heildstæða áætlun um landnýtingu ferðaþjónustunnar á hálendinu vex með fjölda ferðamanna sem þangað sækja. Til að undirbúa gerð slíkrar landnýtingaráætlunar þarf að kortleggja fyrirbyggjandi rannsóknir á áhrifum og gögn um ferðahegðun og gera áætlun um frekari rannsóknir eftir því sem þörf krefur. Í því skyni mun Ferðamálastofa kalla til samráðshóp aðila sem lýkur þeirri vinnu og gerir tillögur um næstu skref og tímasetta áætlun um gerð landnýtingaráætlunar fyrir hálendið.

Árangursmat: Áfangaskýrsla og áætlun um rannsóknir og vinnslu landnýtingaráætlunar.

Ábyrgð á framkvæmd: Ferðamálastofa.

Aðrir þátttakendur: Iðnaðarráðuneyti, umhverfisráðuneyti, Byggðastofnun, sveitarfélög, háskólar, rannsóknaraðilar á sviði ferðaþjónustu, SAF, ferðamálasamtök, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, nefnd um skipulag miðhálandisins.

Tímaáætlun: 2011–2012.

25. Þróun gæða- og umhverfisviðmiða fyrir íslenska ferðaþjónustu.

Markmið: Koma á samræmdu gæða- og umhverfiskerfi fyrir smá sem stór fyrirtæki.

Meginhugmynd: Í byggðaáætlun 2006–2009 hófst vinna við að koma á gæða- og umhverfisvottunarkerfi sem nýtist íslenskri ferðaþjónustu í heild. Í þessu samhengi hefur einkum verið horft til þeirrar aðferðafræði sem unnið hefur verið eftir í nágrannalöndum okkar, svo og í Nýja-Sjálandi. Mikilvægt er að stefna áfram að því markmiði að samræma gæðakröfur innan ferðaþjónustunnar. Jafnframt er mikilvægt að veita fyrirtækjum faglegan stuðning og ráðgjöf til þess að taka þátt í þeirri vinnu.

Samhliða aukinni vetrarferðamennsku þarf að huga sérstaklega að vottunarmálum fyrir ferðaþjónustuaðila sem bjóða upp á útivist og ferðalög. Vetrarferðir, og raunar einnig hálandis- eða jöklaferðir að sumarlagi, gera ríkar kröfur um undirbúning, aðgát og viðbrögð.

Árangursmat: Fjöldi fyrirtækja sem starfa á grunni þess kerfis sem þróað verður.

Ábyrgð á framkvæmd: Ferðamálastofa.

Aðrir þátttakendur: Nýsköpunarmiðstöð Íslands, iðnaðarráðuneyti, SAF, fræðslusamtök atvinnulífsins, ferðamálasamtök og landshlutamiðstöðvar.

Tímaáætlun: 2010–2011.

26. Fjölgun veigamikilla ferðamannastaða.

Markmið: Auka dreifingu ferðamanna um landið með markvissri uppbyggingu nýrra áfangastaða, svo og viðhaldi þeirra ferðamannastaða sem þegar eru til staðar.

Meginhugmynd: Unnin verði greining á hverju landsvæði þar sem horft verður til raunverulegra framkvæmdaverkefna til að byggja upp meginferðamannastaði. Tillögunum verði í framhaldi raðað í forgangsrið og markvisst unnið að uppbyggingu samkvæmt þeirri áætlun. Ferðamálastofa sem og aðrir er koma að úthlutun styrkfjár styðjist við þessa greiningu þegar kemur að nýtingu fjármagns.

Árangursmat: Dreifing ferðamanna sé vöktuð á landsvæðunum. Framkvæmdir metnar á grunni áætlunar með reglubundnum hætti.

Ábyrgð á framkvæmd: Ferðamálastofa.

Aðrir þátttakendur: Umhverfissráðuneyti, samgönguráðuneyti, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, menntamálaráðuneyti, Bygðastofnun, Þjóðgarðar, Umhverfisstofnun, Landgræðsla ríkisins, Skógrækt ríkisins, Vegagerðin, sveitarfélög o.fl.

Tímaáætlun: 2010–2013.

27. Ferðaþjónusta tengd hefðbundnum atvinnugreinum.

Markmið: Skoða sérstaklega hvernig stuðla megi að frekari uppbyggingu ferðaþjónustu tengdri landbúnaði og sjávarútvegi.

Meginhugmynd: Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á nýtingu hefðbundins staðbundins hráefnis og landbúnaðarafurða í margvíslegum matarverkefnum. Mikilvægt er að greina hvernig til hefur tekist og hvað þarf til að efla þessa starfsemi en bændamarkaðir eða sala afurða beint frá býli geta verið vaxandi tekjulind auk þess sem svæðisbundnar afurðir í matargerð geta verið mikilvægur þáttur í upplifun ferðamanna. Þá þarf að leysa kvótamál tengd vaxandi sjóstangveiði ferðamanna.

Árangursmat: Einföldun reglna og hindrunarlaus vöxtur greinarinnar.

Ábyrgð á framkvæmd: Ferðamálastofa.

Aðrir þátttakendur: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og stofnanir þess.

Tímaáætlun: 2011–2012.

VII. Félagsauður.

Félagsauður hvers samfélags er innri styrkur þess til verkefna hvort sem er á sviði nýsköpunar, atvinnuuppbyggingar eða bættrar þjónustu og innviða. Félagsauðurinn hefur því afgerandi áhrif á búsetuskilyrði. Hann má til dæmis efla með menntun, menningarstarfi eða hvatningu til lýðræðislegrar þátttöku í ákvörðunum. Jöfn staða og tækifæri kynjanna á vinnumarkaði, tækifæri til að afla sér menntunar við hæfi, sækja þjónustu og afþreyingu og margt fleira hefur áhrif á búsetuval. Skapandi greinar efla skapandi atvinnulíf. Því er mikilvægt að taka félagsauðinn ætíð með í reikninginn í allri áætlanagerð.

28. Rannsókn á orsökum búferlaflutninga.

Markmið: Að lýsa orsökum búferlaflutninga.

Meginhugmynd: Lagt er til að gerð verði rannsókn á orsökum búferlaflutninga á Íslandi og hvaða áhrifaþættir ráða búsetuvali kynjanna. Í framhaldi af því verði gerð áætlun um úrbætur, sé tilefni til.

Árið 1997 kom út skýrslan „Búseta á Íslandi. Rannsókn á orsökum búferlaflutninga“. Skýrsla þessi vakti verðskuldaða athygli á sínum tíma.

Margt hefur breyst í íslensku samfélagi frá útkomu skýrslunnar og upplýsingar í skýrslunni voru ekki kyngreindar. Í ljósi þess að mikill kynjahalli er orðinn á landsbyggðinni, þar sem konur eru víða mun færri en karlar, karlar leita sér mun síður menntunar en konur og ekki síst vegna upplýsinga nýrra rannsókna sem sýna aukinn launamun karla og kvenna á landsbyggðinni er ástæða til að ráðast í þessa rannsókn. Skoða þarf þær samfélagsbreytingar sem átt hafa sér stað tengt atvinnulífi.

Árangursmat: Skýrslan verður kynnt og hún birt í heild sinni þegar rannsókninni og úrvinnslu er lokið.

Ábyrgð á framkvæmd: Byggðastofnun.

Aðrir þátttakendur: Jafnréttisstofa, Samband íslenskra sveitarfélaga, Hagstofan, háskólar og rannsóknastofnanir.

Tímaáætlun: 2012.

29. Bætt aðgengi að menntun.

Markmið: Að bæta framboð og aðgengi að menntun á öllum skólastigum.

Meginhugmynd:

1. Að þekkingarsetrin verði miðstöðvar fjarnáms í sem flestum greinum sem kenndar eru á framhalds- og háskólastigi, einkum á þeim stöðum þar sem framhalds- og háskólar eru ekki staðsettir.
2. Að efla framboð á starfs- og iðnnámi og gera skólum kleift að mæta ólíkum þörfum nemenda þar sem hver skóli byggir, eftir því sem hægt er, á sérkennum og styrkleikum hvers svæðis.

3. Að kortleggja í samvinnu við framhaldsskóla, fræðslusamtök á vinnumarkaði og Samtök iðnaðarins þau fyrirtæki í hverjum landshluta sem tekið geta nemendur á námssamning svo þeir geti lokið iðnnámi í sinni heimabyggð.

Árangursmat: Metið af menntamálaráðuneyti. Árangur verður metinn út frá fjölda nema í námi og útskrifuðum nemum í gegnum fjarnám í samanburði við fyrri ár.

Ábyrgð á framkvæmd: Menntamálaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Símenntunarstöðvar, Byggðastofnun, sveitarfélög, háskólar og framhaldsskólar og samgönguráðuneyti.

Tímaáætlun: 2011.

30. Áætlun um útrýmingu kynbundins launamunar.

Markmið: Að skilja orsakir kynbundins launamunar eftir svæðum svo gera megí markvissa aðgerðaáætlun.

Meginhugmynd: Rannsóknir benda til að kynbundinn launamunur sé mismunandi eftir svæðum. Frekari rannsóknir á þróun kynbundins launamunar og skýringum þess að hann er mismunandi eru mikilvægar forsendur markvissrar aðgerðaáætlunar um útrýmingu hans. Þá benda rannsóknir einnig til þess að munurinn á tekjum karla og kvenna sé mjög mismunandi eftir svæðum en sá munur getur einnig haft áhrif á þann kynjahalla sem víða gætir á landsbyggðinni og verður sífellt alvarlegra lýðfræðilegt vandamál þar sem fæðingartíðni lækkar og það fækkar í þeim aldurshópum sem samfélagið hvílir á.

Árangursmat: Kannanir á kynbundnum launamun og tekjum karla og kvenna.

Ábyrgð á framkvæmd: Félagsmálaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Jafnréttisstofa, Byggðastofnun, Hagstofan, háskólar og rannsóknastofnanir.

Tímaáætlun: 2013.

31. Menning, skapandi greinar og listnám.

Markmið: Efla fjölbreytni og nýsköpun í lista- og menningarmálum og þróun skapandi greina.

Meginhugmynd: Fjölbreytt menningarlíf, listir og skapandi greinar hafa blómstrað víða um land. Svæðisbundnir menningarsamningar hafa skilað miklu og mikilvægt er að áfram verði stutt við fjölbreytt menningar- og listalíf á landsbyggðinni og tengsl þess við atvinnulífið verði bætt. Til að ná enn meiri árangri þarf að efla menntun á þessum sviðum. Menningarsamningar gætu í samstarfi við vaxtarsamninga og aðra álíka samninga sem

kostaðir eru af ríkinu komið á fót og stutt samstarfsverkefni með framhaldsskólum og símenntunarmiðstöðvum og þannig unnið að framgangi þessara greina. Verkefnið gætu einnig tengst hugmyndum um þekkingarsetur á landsbyggðinni, sérstaklega ef þau ættu að tengjast starfsemi á háskólastigi. Þau ættu að byggjast á menningar- og náttúrusérkennum hvers svæðis, vera sem víðtækust á sviði rit-, nytja-, sviðs- og sjónlista og hafa tengsl við atvinnulíf, t.d. framleiðslufyrirtæki.

Árangursmat: Stjórnir vaxtar- og menningarsamninga munu meta árangur af því tveggja ára starfi sem tillagan er um. Eftirsóknarvert er að geta metið svæðisbundinn árangur af listnámi, hvort það muni hafa áhrif á starfsemi sem fyrir er á svæðinu, leiða til nýrrar starfsemi, og hvort það muni hafa áhrif á búsetu-, starfs- og námsval nemendanna.

Ábyrgð á framkvæmd: Svæðisbundnir menningar- og vaxtarsamningar.

Aðrir þátttakendur: Þekkingarsetur, atvinnuþróunarfélög, símenntunarstöðvar, framhaldsskólar, leikfélög, framleiðslu- og ferðafyrirtæki.

Tímaáætlun: Gert er ráð fyrir undirbúningstímabili 2010 og að verkefninu verði hrundið í framkvæmd á árunum 2012–2013.

Tillaga til þingsályktunar

um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt.

(Lögð fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa sóknaráætlun til að efla atvinnulíf og samfélag um allt land. Markmiðið er að Ísland verði í fararbroddi í verðmætasköpun, menntun, velferð og lífsgæðum. Til þess að svo megi verða þarf að huga sérstaklega að hvernig hægt er að tryggja samkeppnishæfni landsins til lengri tíma. Sóknaráætlun felur í sér áform um fjárfestingar í mannauði og nauðsynlegum innviðum efnahagslífsins og stefnu um hvernig megi styrkja menntun og menningu, nýsköpun og þróun, umhverfismál og samfélagslega innviði. Grundvöllur atvinnustefnunnar skal vera fjölbreytni, jafnræði, heilbrigðir viðskiptahættir, jafnrétti og græn atvinnuuppbygging í samræmi við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.

Heildstæð sýn og sameiginleg markmið tryggja markvissari og öflugri áætlanagerð. Með sóknaráætlun skal ríkisstjórnin samþætta opinberar áætlanir sem miða að því að efla atvinnu, menntun og endurskipulagningu opinberrar þjónustu. Þannig verði stuðlað að betri nýtingu fjármuna og öflugri samstarfi stjórnarsýslustiga og stofnana, þvert á ráðuneyti. Við stefnumótunina skal sérstaklega huga að hópum sem hætt er við atvinnuleysi til langs tíma í kjölfar efnahagshrunsins, gera áætlanir sem miða að samfélagslegri þátttöku og virkni allra auk þess að styrkja samfélagslega innviði velferðarþjónustu, menntakerfis og menningarlífs. Samþætta þarf kynjasjónarmið allri áætlanagerð og tryggja að uppbygging samfélags og atvinnulífs taki mið af báðum kynjum.

Lögbundnar áætlanir sem skal samþætta eru samgönguáætlun, sbr. lög nr. 33/2008, um samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun, sbr. 2. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti, byggðaáætlun sbr. 7. gr. laga nr. 106/1999, um Byggðastofnun, áætlanir í ferðamálum, sbr. þingsályktun um ferðamál, nr. 90/2005, og áætlun um orkubúskap þjóðarinnar, hagnýtingu orkulinda og annarra jarðrænna auðlinda landsins, sbr. 2. gr. laga nr. 87/2003, um Orkustofnun, þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum, sbr. 11. gr. laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Enn fremur skal flétta saman áætlanir til að vinna gegn atvinnuleysi, sí- og endurmenntunaráætlanir, aðrar áætlanir í mennta- og menningarmálum, áætlanir um þróun vísinda- og nýsköpunarumhverfisins, markáætlanir Vísinda- og tækniráðs og áætlanir í umhverfis- og skipulagsmálum. Þá skal sóknaráætlun fela í sér áætlun um endurskipulagningu opinberrar þjónustu og eflingu sveitarstjórnarstigsins.


Samþætt sóknaráætlun skal gerð fyrir landið sem heild en jafnframt skulu unnar sóknaráætlanir fyrir einstök landsvæði, þar sem landinu er skipt í átta svæði, sjá viðauka. Ætlunin er að hver landshlutaáætlun byggist á greiningu á styrkleikum og veikleikum hvers svæðis

fyrir sig þar sem dregin er fram lykilhæfni svæðisins og atvinnugreina innan þess, skýr forgangsröðun og framtíðarsýn sem góð samstaða er um. Landsvæðin eru: Vestursvæði, Vestfjarðasvæði, Norðvestursvæði, Norðaustursvæði, Austursvæði, Suðursvæði, Suðurnes og Höfuðborgarsvæði. Þá verði sérstaklega skoðaðir sameiginlegir sóknarmöguleikar svokallaðs Suðvestursvæðis (stórhöfuðborgarsvæðis) sem ná til alls suðvesturhluta landsins, þ.e. frá Borgarbyggð í vestri til Árborgar í suðri.

Samþætt sóknaráætlun verði lögð fram á haustþingi 2010. Áherslur og forgangsröðun sóknaráætlunar munu síðar birtast í einstökum lögbundnum opinberum áætlunum, breytingum á þeim, framkvæmd þeirra og fjárveitingum til þeirra.

Viðauki.

Svæðaskipting sóknaráætlunar.




Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að hefja undirbúning að nýrri sókn til eflingar atvinnulífs og samfélags um allt land. Þetta er liður í efnahagslegri endurreisn þjóðarbúsins og hefur það að markmiði að Ísland verði í fararbroddi í verðmætasköpun, menntun, velferð og lífsgæðum. Þetta verkefni hefur fengið nafnið *20/20 Sóknaráætlun fyrir Ísland*.

Forsætisráðherra hefur skipað stýrihóp sem hafi yfirstjórn með undirbúningi og framkvæmd verkefnisins. Formaður stýrihópsins er Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi og varaformaður Samfylkingarinnar.

Verkefnið felur í sér stefnumörkun og áform um fjárfestingu sem tekur til atvinnustefnu og nauðsynlegra innviða efnahagslífsins, menntunar og mannauðs, nýsköpunar og þróunar og samfélagslegra innviða. Í sóknaráætluninni skal ríkisstjórnin samþætta opinberar áætlanir sem miða að því að efla atvinnu, menntun og opinbera þjónustu. Þá skal sóknaráætlun fela í sér áætlun um endurskipulagningu opinberrar þjónustu og eflingu sveitarstjórnarstigsins. Grundvöllur atvinnustefnunnar skal vera fjölbreytni, jafnræði, heilbrigðir viðskiptahættir, jafnrétti og græn atvinnuuppbygging í samræmi við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.



Lögð er áhersla á að breið samstaða náist um sameiginlega framtíðarsýn og lykilákvæðanir í endurreisnarstarfinu. Stýrihópnum er því ætlað að vinna verkefnið í góðu samræði við aðila vinnumarkaðarins, landshlutasamtök sveitarfélaga, hagsmunaaðila og hugmyndaríkt fólk á viðkomandi svæðum. Þá munu hlutaðeigandi ráðuneyti og undirstofnanir þeirra vinna með stýrihópnum að afmörkuðum þáttum.

Mótun framtíðarsýnar.

Ein grunnstoð verkefnisins er að kalla fram framtíðarsýn fyrir landið í heild og einstaka landshluta. Lagt verður heildstætt mat á styrkleika Íslands og tækifæri og hvernig sækja megi fram, ekki sist á sviði mennta- og atvinnamála. Félagsvísindastofnun og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hafa unnið stöðumatsskýrslu fyrir ríkisstjórnina og rýnt hefur verið í greiningar og stefnumótun sem fjölmargir aðrir hafa unnið að undanfögnu, t.d. Vísinda- og tækniráð, Samtök atvinnulífsins, verkalyðshreyfingin og ýmsar stofnanir.

Á vegum iðnaðarráðuneytis og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands hafa verið unnar svokallaðar sviðsmyndir sem verða nýttar sem grundvöllur fyrir stefnumótunaryrvinna.

Sviðsmyndir henta vel til að ná fram sameiginlegum skilningi ólíkra aðila á framtíðinni og myndræn framsetning þeirra auðveldar miðlun til stærri hóps. Af þessum sökum hefur aðferðin verið mikið notuð við gerð landshluta- og svæðisáætlana víða um heim og er sömu leiðis algeng við mótun og uppbyggingu klasa.

Þá hefur ríkisstjórnin ákveðið að niðurstöður og hugmyndir sem fram komu á Þjóðfundi sem haldinn var í nóvember að frumkvæði sjálfsprottins hóps sjálfboðaliða verði nýttar og samþættar stefnumótun sóknaráætlunar.

Framtíðarsýninni er ætlað að leggja grunn að meginmarkmiðum sóknaráætlunar.

Grunnur forgangsröðunar verkefna og fjármuna.

Önnur grunnstoð verkefnisins er hagræn greining til næsta áratugar, greining á samkeppnishæfni og mótun atvinnustefnu.

I. Hagræn greining.

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið mun hafa forustu um gerð hagrænnar greiningar til næsta áratugar. Þar verða skilgreindir lykilkættir sem áhrif geta haft á verðmætasköpun og hagsæld. Jafnframt verða dregnir fram styrkleikar og veikleikar íslensks efnahagslífs og lykilviðfangsefni sem stuðla að efnahagslegum stöðugleika. Greiningin verður unnin í samvinnu við Seðlabanka og fjármálaráðuneyti, að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins. Á grundvelli hennar verður sett fram forgangsröðun áherslna, verkefna og fjárfestinga í sóknaráætlun.

II. Samkeppnishæfni.

Auk framangreindrar greiningar mun efnahags- og viðskiptaráðuneytið hafa forustu um að meta stöðu Íslands, m.a. með hliðsjón af alþjóðlegum mælikvörðum. Þá verða árangursviðmið skilgreind og þeim fylgt frá ári til árs í þeim tilgangi að meta og bæta jafnt og þétt framvindu á einstökum sviðum. Í því augnamiði hefur verið settur á fót verkefnishópur um samkeppnishæfni sem er ætlað að móta áherslur sem aukið geta samkeppnishæfni landsins. Við mælingu á samkeppnishæfni er að grunni til gengið út frá greiningum og mælingum Alþjóðæfnahagsráðsins (World Economic Forum, WEF) sem Ísland er þátttakandi í. Að auki mun verkefnahópurinn líta til alþjóðlegra samantekta, rannsókna og verkefna á þessu sviði sem geti orðið mikilvæg eða áhugaverð viðbót við mælingar Alþjóðæfnahagsráðsins. Fimm hópar, skipaðir sérfræðingum úr atvinnulífi, stjórnsýslu og háskólaumhverfinu, munu rýna í mælingar og gera tillögur til umbóta hver á sínu sviði sem skiptast þannig:

- Grunngerð og stofnanir, þ.e. stofnanir (institutions), grunnstoðir/innviðir (infrastructure), efnahagslegur stöðugleiki (macroeconomic stability).

- Skilvirkni og markaðir, þ.e. markaðsstærð, skilvirkir markaðir, skilvirkt vinnuafli, hæfni fjármálamarkaða og viðskipti.
- Menntun og vísindi, þ.e. grunntenntun, framhaldsmenntun og endurmenntun.
- Nýsköpun og þróun, þ.e. tæknigrunnur og nýsköpun.
- Lífsgæði, heilbrigði og jöfnuð.

Framangreindum verkefnishópi er einnig ætlað að gera tillögur um og sjá til þess að þróaðir verði mælikvarðar til að meta árangur í einstökum landshlutum og aðra þætti sem skipta máli til að sóknaráætlunin nái markmiðum sínum, svo sem lífsgæði og jöfnuð.

Verkefnishópurinn mun standa fyrir a.m.k. tveimur opnum fundum ár hvert. Að vori þar sem fjallað verður um umbótatillögur grunnsviðanna og eftirfylgni þeirra, í fyrsta sinn vorið 2010, og í vetrarbyrjun þar sem gerð verður grein fyrir árlegri skýrslu Alþjóðæfnahagsráðsins um samkeppnishæfni Íslands í alþjóðlegum samanburði.

III. Atvinnustefna.

Settur hefur verið á fót samráðshópur til þess að halda utan um vinnu við mótun atvinnustefnu. Honum ber m.a. að hafa viðtækt samráð við atvinnulíf, félags- og hagsmunasamtök. Atvinnustefnan skal m.a. taka til:

- efnahags- og samfélagsuppbyggingar sem ætla má að nýtist Íslandi best með tilliti til styrkleika og veikleika landsins,
- þess hlutverks sem þjóðin ætlar sér í efnahagskerfi heimsins til langs tíma,
- fyrirtækja- og þekkingarklasa sem áhersla verður lögð á að byggja upp.

Sóknarfæri hefðbundinna atvinnuvega verða skoðuð en megináhersla verður á ný tækifæri til sóknar. Alþjóðlegir mælikvarðar verða m.a. notaðir til að meta núverandi stöðu og sem árangursviðmið frá ári til árs í þeim tilgangi að bæta jafnt og þétt framvindu á einstökum sviðum.

Samþætting áætlana.

Þriðja grunnstoð verkefnisins er samþætting opinberra áætlana sem miða að því að efla atvinnu, menntun og opinbera þjónustu. Lögbundnar áætlanir sem skal samþætta eru samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun, byggðáætlun, áætlanir í ferðamálum, áætlun um orkubúskap þjóðarinnar, hagnýtingu orkulinda og annarra jarðrænna auðlinda landsins og framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum. Enn fremur áætlanir í mennta- og menningarmálum, áætlanir um þróun vísinda- og nýsköpunarumhverfisins, markáætlanir Vísinda- og tækniráðs og áætlanir í umhverfis- og skipulagsmálum. Þá skal sóknaráætlun fela í sér áætlun um endurskipulagningu opinberrar þjónustu og eflingu sveitarstjórnarstigsins.

Samþætt sóknaráætlun skal gerð fyrir landið í heild en jafnframt skulu unnar sóknaráætlanir fyrir einstök landsvæði, þar sem landinu er skipt í átta svæði, sbr. kort í viðauka við tillöguna, sem hvert um sig stefni að sameiginlegum markmiðum til samfélagslegrar uppbyggingar. Landsvæðin eru: Vesturland, Vestfirðir, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland, Suðurland og Suðvesturland („stórhöfuðborgarsvæði“), þ.m.t. Suðurnes. Ætlunin er að hver áætlun byggji á greiningu á styrkleikum og veikleikum hvers svæðis, skýrri forgangsröðun og framtíðarsýn sem góð samstaða er um.

Samþætt sóknaráætlun skal lögð fram á haustþingi 2010. Í sóknaráætlun fyrir landið í heild verður lagt heildstætt mat á styrkleika Íslands og tækifæri og hvernig sækja megi fram, ekki síst á sviði mennta- og atvinnumála. Í áætluninni mun m.a. koma fram meginmarkmið, undirmarkmið, forgangssvið og forgangsverkefni sem miði að því að efla hagsæld og vel-

megun landsins í heild og auka lífsgæði og getu efnahags- og atvinnulífs til að standast alþjóðlegan samanburð. Sóknaráætlun landshluta er ætlað að stuðla að því og tryggja eftir föngum að hver og einn landshluti nýti kosti sína og styrkleika til hins ýtrasta í þágu sömu heildarhagsmuna. Við núverandi aðstæður er skiptingu landsins í svæði jafnframt ætlað að skapa viðspyrnu í endurreisnarstarfinu og stuðla að sterkum samfélögum og lífsgæðum til framtíðar.

Með svæðaskiptingunni er leitast við að:

1. styrkja samkeppnishæfni svæða og landsins í heild,
2. byggja á markvissan hátt upp opinbera þjónustu um allt land og gera verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga skilvirkari,
3. efla getu svæða og sveitarfélaga til þess að taka að sér verkefni og stuðla þannig að aukinni valddreifingu,
4. auka samstarf sveitarfélaga og skilvirkni við nýtingu fjármagns,
5. tryggja virkt samspil öflugrar landsbyggðar og öflugs höfuðborgarsvæðis þar sem hvort styður við annað.

Grunnur að svæðaskiptingunni var unninn af hópi verkefnisstjóra ráðuneytanna sem best þekkja til opinberrar áætlanagerðar, stjórnáætlunar og þjónustu sem byggir á skiptingu landsins í svæði. Haft var samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga. Að fengnum ábendingum hinna síðarnefndu byggist svæðaskiptingin að verulegu leyti á núverandi starfssvæðum þeirra.

Landshlutasamtök sveitarfélaga munu gegna mikilvægu hlutverki við gerð áætlunar á hverju svæði. Gengið er út frá því að sveitarfélögin á hverju svæði vinni saman að ákveðnum verkefnum og að náin samvinna verði á milli svæða. Markmiðið er m.a. að efla burði svæða og sveitarfélaga til þess að taka að sér verkefni og auka valddreifingu. Sameinuð sveitarfélög innan svæða eða öflugt samstarf sveitarfélaga á hverju svæði fyrir sig er því í raun forsenda fyrir slíkum verkefnaflutningi.

Skipulagðir verða vinnufundir á hverju svæði undir handleiðslu ráðgjafa þar sem settir eru fram stefnumótandi valkostir og þeir ræddir. Gert er ráð fyrir að þau svæði sem skarast samræmi vinnuna á fyrstu stigum hennar. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) falla innan marka „stórhöfuðborgarsvæðisins“ en til viðbótar þurfa Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) að vinna saman við gerð þeirrar áætlunar eða alls fjögur landshlutasamtök. Sóknaráætlun á þessu svæði kallar á samvinnu þessara samtaka og sveitarfélaga innan þeirra marka. Það þýðir að SASS og SSV koma að gerð tveggja áætlana þar sem þau koma einnig að gerð áætlana fyrir sín svæði óskert. Árborg mun því t.d. falla undir tvær áætlanir, þ.e. annars vegar sem þjónustukjarni fyrir Suðurland og hins vegar sem jaðarbyggð höfuðborgarsvæðisins. Eðlilegt er að í upphafi vinnunnar verði tekin afstaða til þess hvort ástæða er til að vinna sérstaka sóknaráætlun fyrir Suðurnes eða að hún verði alfarið unnin sem hluti heildstæðrar áætlunar fyrir allt svæðið.

Svo að vel takist til við gerð sóknaráætlunar fyrir einstök svæði þarf að fara fram greining á styrkleikum og veikleikum hver svæðis. Þannig er gert ráð fyrir að Hagstofa Íslands og Bygðastofnun leggi til upplýsingar sem snýr að mannauðinum, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, iðnaðarráðuneyti og umhverfisráðuneyti leggi til upplýsingar um náttúruauðlindir og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti og félags- og tryggingamálaráðuneyti leggi til upplýsingar um innviði á vegum hins opinbera. Að lokinni greiningarvinnu verði boðað til víðtæks samráðs innan

hvers landshluta þar sem öllum áhugasömum gefst kostur á að koma að mótun helstu kosta sem unnið verður með við gerð sóknaráætlunarinnar.

Gert er ráð fyrir að Bygðastofnun, starfsstöðvar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, atvinnuþróunarfélög, menntastofnanir og setur og velferðarstofnanir í viðkomandi landshlutum hafi samvinnu um að veita landshlutasamtökunum ráðgjöf við gerð sóknaráætlunarinnar.

Sóknaráætlun hvers landshluta mun fela í sér stefnumörkun og áherslur á eftirfarandi sviðum:

1. Atvinnuþróun. Þar verður lögð áhersla á möguleika í nýsköpun og skapandi greinum, sjálfbærni í nýtingu auðlinda, svo sem jarðorku og vatnsorku og uppbyggingu og þróun í ferðaþjónustu, sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði.
2. Mannauður. Þar verður lögð áhersla á að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla þannig að allir einstaklingar eigi jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni. Horft verður til aldursskiptingar og hvernig skuli brugðist við hugsanlegu misvægi í aldursþróun. Þá verði samræmdar áherslur og skipulag í grunnmenntun, framhaldsmenntun og starfsþjálfun á viðkomandi svæði.
3. Félagsauður. Þar verður lögð áhersla á skipulag heilbrigðisþjónustu og skipulag félagsþjónustu með tilliti til aldraðra, öryrkja, fatlaðra og atvinnulausra. Hér er um kostnaðarsama þjónustu að ræða og því mikilvægt að samþætta þjónustuna innan svæðisins og við nærliggjandi svæði og þar með að samnýta það fé sem veitt er til þessa málaflokka. Þá verður einnig áhersla lögð á gott framboð frístundastarfs á sviði menningar og íþróttar og athugað hvernig virkja megi einstaklinga og félagasamtök við skipulagningu þess starfs.
4. Innviðir. Þar verður lögð áhersla á samgöngumannvirki, fjarskipti, orku- og veitukerfi og opinbera þjónustu, svo sem umhverfismál, lagaumhverfi, eftirlits- og öryggismál og skattkerfi. Horft verður til þess að innviðir samfélagsins stuðli að framförum og eflingu atvinnulífs og samfélags.
5. Leikreglur. Þar verður lögð áhersla á samfélagslega ábyrgð, almennar siðareglur og agaða forgangsröðun framkvæmda þar sem arðsemi og aukin samkeppnishæfni verða höfð að leiðarljósi. Áhersla á vandaða áætlanagerð og eftirfylgni framkvæmda þannig að bæði kostnaðar- og tímaáætlanir standist.
6. Mælanleg markmið um árangur. Áhersla er lögð á að sóknaráætlunin verði þannig framsett að jafnhliða verði sett fram árangursmarkmið til að stefna að og kvarðar til að mæla árangur.

Þegar drög að sóknaráætlun liggur fyrir verða á ný opnar vinnustofur í hverjum landshluta þar sem áætlunin verður kynnt og íbúum gefinn kostur á að koma með athugasemdir.

Í sóknaráætlun fyrir hvern landshluta mun liggja fyrir forgangsröðun og áherslur á ýmsum sviðum sem ætla má að víðtæk sátt sé um. Samhliða þessu og í kjölfarið verða lögbundnar og ólögbundnar áætlanir felldar að sömu áherslum. Miklu skiptir fyrir árangur þessarar vinnu að landshlutasamtök horfi á sóknarfæri til framtíðar á breiðum grunni og líti einnig til nærliggjandi svæða.

Með því móti næst meiri viðspyrna í atvinnumálum og grunnur fyrir öflugri verkefni. Þannig ættu einnig að gefast ný og spennandi tækifæri til að setja fram sýn um nánari samvinnu og samþættingu í allri opinberri þjónustu og verkefnum sem snúa að atvinnu- og byggðamálum. Sumum verkefnum væri hægt sinna á sameiginlegum þjónustumiðstöðvum ríkis og sveitarfélaga, svo sem á sviði velferðarþjónustu ef málaflokkar yrðu ekki fluttir í heild til sveitarfélaga. Almenn tætti þó að huga að því að hafa verkaskiptingu ríkis og sveitar-

félaga sem skýrasta, tryggja að tekjustofnar fylgi með verkefnum og forðast þannig ágreining í kjölfar flutnings. Í því efni þarf jafnframt að hafa í huga stjórnsýsluverkefni sem nú eru hjá sveitarstjórnunum en eiga betur heima hjá ríkinu. Óháð því hvaða verkefnaflutningur verður formlega í fyllingu tímans og hvernig honum verður áfangaskipt er mikilvægt að á hverju svæði verði sett fram sýn um möguleg samlegðaráhrif, samvinnu og samrekstur þar sem við á. Þess vegna er mikilvægt að samræma umdæmi og þjónustusvæði allrar opinberrar þjónustu til að stuðla að einfaldari samskiptum og samvinnu, óháð því hvaða verkefni eru og verða á hendi ríkisins og sveitarfélaga. Þá er ljóst að sum hinna sjö svæða eru svo fámenn að skynsamlegt er að stjórnsýsluumdæmi nái yfir fleiri en eitt svæði. Mikilvægt er hluti af gerð sóknaráætlunar verði að horfa til slíks samstarfs einstakra svæða við nærliggjandi svæði.

Nánar um einstök svæði:

Höfuðborgarsvæði.

Lagt er til að Höfuðborgarsvæðið nái til Garðabæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kjósarhrepps, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarneskaupstaðar og Sveitarfélagsins Álftaness.

Suðurnes.

Lagt er til að Suðurnes séu sérstakt svæði sem nái til Grindavíkurbæjar, Reykjanesbæjar, Sandgerðisbæjar, Sveitarfélagsins Garðs og Sveitarfélagsins Voga.

Suðvestursvæði („stórhöfuðborgarsvæði“).

Lagt er til að útbúin verði sóknaráætlun fyrir Suðvestursvæði (stórhöfuðborgarsvæði). Svæðið nái til alls suðvesturhluta landsins, þ.e. höfuðborgarsvæðisins og Reykjanes í vestri, Árborgarsvæðis í austri og Akraness/Borgarfjarðar í norðri. Þetta styðst við þau rök að í raun er svæðið að verulegu leyti eitt atvinnusvæði sem verður að skoða heildstætt. Á hinn bóginn tilheyrja jaðrar þess í austri og norðri jafnframt öðrum landshlutum.

Vestursvæði.

Kjósarhreppur, Hvalfjarðarsveit og Akranes, sem hafa um 7.500 íbúa, eru innan stærra Suðvestursvæðisins en þar er einnig þjónustukjarni fyrir Vesturland. Á Vesturlandi, frá stærra Suðvestursvæðinu að Vestfjörðum, búa um 9.000 manns og þar af tæplega 4.000 í Borgarbyggð. Svæðið nýtur góðs af sterkri tengingu við Suðvestursvæðið.

Vestfjarðasvæði.

Á Vestfjörðum búa um 7.000 manns. Líkt og Norðvestursvæðið er Vestfjarðasvæðið fámennt svæði og þyrfti uppbygging þar og skipulag samgöngubóta og opinberrar þjónustu að vera í góðu samhengi við Vestursvæði.

Íbúar Bæjarhrepps horfa til Húnaþings vestra frekar en Vestfjarða og eftir að vegur um Arnkötluadal verður aðalvegurinn til Vestfjarða er talið að hreppurinn eigi frekar samleið með Norðvestursvæðinu en Vestursvæðinu.

Norðvestursvæði.

Á Norðvestursvæði búa um 7.500 manns. Sé einungis litið til fólksfjölda er svæðið nokkuð fámennt en styrkleikar þess eru m.a. að þar eru ýmsir möguleikar á öflugu samstarfi innan svæðisins og við nærliggjandi svæði.

Svæðið liggur að Norðaustursvæði en þar er sterkur þjónustukjarni í Eyjafirði sem ætti að geta skapað sóknarfæri og samvinnu milli þessara tveggja svæða, t.d. í atvinnumálum. Þá ætti tenging svæðisins við Vestursvæðið og tenging þess svæðis við Suðvestursvæðið einnig að vera styrkur fyrir Norðvestursvæðið.

Norðaustursvæði.

Á Norðausturlandi er Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið áberandi sterk miðja. Á Eyjafjarðarsvæðinu búa 24.000 manns og um 5.000 manns austan Eyjafjarðar. Svæðið í heild hefur því tæplega 30.000 íbúa og þar með alla burði til þess að verða öflugt. Svæðið ætti einnig að geta verið styrkur fyrir nálæg fámennari svæði, þ.e. Austursvæði og Norðvestursvæði. Lagt er til að Langesbyggð og sveitarfélögin þar fyrir vestan tilheyri Norðaustursvæði, sem er í samræmi við vilja íbúanna og fyrirsjáanlegar samgöngubætur munu tengja sveitarfélögin frekar Norðaustursvæðinu en Austursvæðinu.

Austursvæði.

Á Austurlandi án Hornafjarðar búa tæplega 11.000 manns. Þar af eru um 8.500 í Fjarðabyggð og á Fljótsdalshéraði sem mynda sterka miðju í annars dreifbýlu svæði. Ekki er talinn grundvöllur fyrir því að sameina þetta svæði Norðaustur- eða Suðursvæði vegna fjarlægðar frá þjónustukjarna þeirra.

Suðursvæði.

Á Suðurlandi búa um það bil 26.000 manns, þar af rúmlega 12.000 manns í Ölfusi, Árborg og Hveragerði. Árborg, með 8.000 íbúa, er í senn innan stærra Suðvestursvæðisins og sterkur þjónustukjarni fyrir Suðursvæðið en um Árborg fara flestir af Suður- og Austurlandi sem leið eiga til höfuðborgarsvæðisins.

Um sveitarfélagið Hornafjörð, sem hefur rúmlega 2.000 íbúa og lagt er til að tilheyri Suðursvæði, gilda svipuð rök og um Langesbyggð nema ljóst er að fjöldi íbúa þar gæti skipt máli fyrir Austursvæðið. Vegna stærðar byggðarinnar og fjarlægðar frá stærri þjónustukjörnum hvort heldur er á Austur- eða Suðurlandi verður ákveðin grunnþjónusta að vera á Hornafirði. Talið er að vilji íbúanna standi til að tilheyra Suðursvæðinu og að það eigi að ráða úrslitum.

Fjármögnun verkefnisins 20/20 Sóknaráætlun fyrir Ísland.

Verkefnið 20/20 *Sóknaráætlun fyrir Ísland* er komið vel af stað. Í ljósi þröngrar fjárhagsstöðu ríkissjóðs hefur verið lagt upp með að takmarka bein útgjöld ríkisins eins og kostur er. Þannig er t.d. lögð áhersla á að þeir hagsmunaaðilar sem koma að áætluninni standi undir kostnaði sem af þátttöku þeirra leiðir. Þeim tilmælum hefur verið beint til ráðuneyta og stofnana þeirra að þær standi straum af kostnaði sínum tengdum verkefninu.

Ríkisstjórnin mun leggja verkefninu til 20 millj. kr. á árinu 2009 og reiknað er með að veittar verði til þess 25 millj. kr. á fjárlögum fyrir árið 2010. Þessum fjármunum er ætlað að standa undir kostnaði við verkefnastjórn heildarverkefnisins og samræmda ráðgjöf, gagnaöflun og verkstjórn við gerð sóknaráætlana fyrir einstök sóknarsvæði. Enn fremur er fjármunum ætlað að standa undir kostnaði við kynningarfundir, ráðstefnur og útgefið efni.

Skipting fjár til atvinnuþróunarfélaga

Stjórn Byggðastofnunar hefur samþykkt reiknilíkan fyrir skiptingu fjár til atvinnuþróunar, en fram til þessa hefur slíkt formlegt reiknilíkan ekki verið til staðar. Ekki eru augljós rök fyrir skiptingunni eins og hún hefur verið undanfarin allmörg ár, jafnframt því sem breytingar hafa orðið á starfssvæðum margra atvinnuþróunarfélaga án þess að það leiddi til samsvarandi flutninga á fjármunum á milli félaganna. Reiknilíkaninu er ætlað að auka gagnsæi við úthlutun opinberra fjármuna og gæta jafnræðis meðal samsvarandi svæða.

Meginhluta fjár til atvinnuþróunar verður skipt á milli starfandi atvinnuþróunarfélaga í samræmi við stærð og fjölda vinnusóknarsvæða innan þeirra vébanda. Fjöldi vinnusóknarsvæða endurspeglar að talsverðu leyti vegalengdir innan starfssvæða atvinnuþróunarfélaga og kostnað við starfsemi á mörgum stöðum. Stærð vinnusóknarsvæðanna endurspeglar styrk þeirra og þótt gert sé ráð fyrir að kostnaður við atvinnuþróun aukist með auknum mannfjölda er reiknað með hlutfallslega hærri upphæðum til fámennari svæða. Sums staðar falla vinnusóknarsvæði saman og er þá íbúafjöldi aðeins talinn til annars svæðisins.

Tafla 1 sýnir vægi vinnusóknarsvæða eftir stærð:

Tafla 1 vægi vinnusóknarsvæða

| | |
|---|-------------|
| A - Stærstu vinnusóknarsvæðin | 10 einingar |
| B - Stærstu vinnusóknarsvæði annarra félaga | 10 einingar |
| C - Önnur stærri vinnusóknarsvæði | 6 einingar |
| D - Miðlungs vinnusóknarsvæði | 3 einingar |
| E - Lítil vinnusóknarsvæði | 1 eining |

Á árinu 2013 verður 142 Mkr skipt á milli atvinnuþróunarfélaga samkvæmt þessum forsendum og reiknast hver eining vera 1 Mkr. Sú upphæð mun síðan taka breytingum í samræmi við framlag á fjárlögum hverju sinni. Verði síðar gerð breyting á einingafjölda vegna tiltekinnar tegundar svæðis gengur hún sjálfkrafa yfir öll sambærileg svæði á landinu. Flytjist vinnusóknarsvæði milli atvinnuþróunarfélaga leiðir það jafnframt sjálfkrafa til breytinga á fjárframlögum samkvæmt þessu líkani.

Jafnframt er gert ráð fyrir að tiltekinni upphæð vegna sérstakra aðstæðna sem ekki endurspeglast í fjölda og stærð vinnusóknarsvæða. Hér verður sérstaklega litið til erfiðra samgangna, mikillar fólksfækkunar, lágra launa, fábreytni í atvinnulífi og atvinnuleysis. Þessar upphæðir verða samningsbundnar vegna þróunarsetra á vegum viðkomandi atvinnuþróunarfélaga og verða endurskoðaðar með tilliti til breytinga á aðstæðum á viðkomandi svæði og öðrum svæðum landsins. Á árinu 2013 verður veitt 29,2 Mkr til slíkra þróunarsetra á Vestfjörðum og á Suðurnesjum.

Samningar við atvinnuþróunarfélögin eru útrunnir og fallnir úr gildi en stefnt er að því að endurnýja þá fyrir árið 2013 miðað við ofangreindar forsendur. Stjórn Byggðastofnunar hefur ákveðið að á árinu 2013 skuli öll atvinnuþróunarfélög fá að lágmarki sömu krónutölu og á árinu 2012. Á árinu 2013 er því 1 Mkr veitt til að bæta skerðingu sem annars hefði orðið á framlögum til ákveðinna félaga.

Á Fjárlögum 2013 er fjárveiting til Byggðastofnunar vegna atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni 167,6 Mkr. Byggðastofnun bætir svo við 4,6 Mkr til að ná því markmiði að fjárframlög skerðist ekki til neins félags.

Tafla 2 sýnir skiptingu fjár milli félaganna árið 2013 samkvæmt þessum forsendum. Regluleg framlög til atvinnuþróunar í Eyjafirði og á Suðurlandi hækka í samræmi við stærð og fjölda vinnusóknarsvæða, þ.m.t. flutning Siglufjarðar frá Norðurlandi vestra til Eyjafjarðar og Hornafjarðar frá Austurlandi til Suðurlands. Á öðrum svæðum verði litlar sem engar breytingar.

Tafla 2 Skipting fjár til atvinnuþróunar árið 2012 og 2013

| <u>Samningur</u> | <u>2012</u> | <u>2013</u> | <u>Breyting</u> |
|-----------------------------|----------------|----------------|-----------------|
| Vesturland | 19.186 | 19.200 | 14 |
| A Sunnanvert Vesturland | | 10.000 | |
| C Snæfellsnes | | 6.000 | |
| D Norðanvert Vesturland | | 3.000 | |
| Sérstakt framlag 2013 | | 200 | |
| Vestfirðir | 38.158 | 38.200 | 42 |
| A Norðanverðir Vestfirðir | | 10.000 | |
| D Sunnanverðir Vestfirðir | | 3.000 | |
| D Strandir | | 3.000 | |
| E Austur-Barðastrandasýsla | | 1.000 | |
| Atvest-þróunarsetur | 16.047 | 21.200 | |
| Norðurland vestra | 19.186 | 19.200 | 14 |
| B Skagafjörður | | 10.000 | |
| C Austur-Húnavatnssýsla | | 6.000 | |
| D Vestur-Húnavatnssýsla | | 3.000 | |
| Sérstakt framlag 2013 | | 200 | |
| Eyjafjörður | 12.339 | 16.000 | 3.661 |
| A Sunnanverður Eyjafjörður | | 10.000 | |
| C Norðanverður Eyjafjörður | | 6.000 | |
| Þingeyjarsýslur | 12.738 | 13.000 | 262 |
| B Suður-Þingeyjarsýsla | | 10.000 | |
| D Norður-Þingeyjarsýsla | | 3.000 | |
| Austurland | 21.941 | 22.000 | 59 |
| A Hérað og Seyðisfjörður | | 10.000 | |
| B Fjarðabyggð | | 6.000 | |
| D Vopnafjörður | | 3.000 | |
| E Borgarfjörður eystri | | 1.000 | |
| E Breiðdalur | | 1.000 | |
| E Djúpavogshreppur | | 1.000 | |
| Suðurland | 20.563 | 24.000 | 3.437 |
| A Vestanvert Suðurland | | 10.000 | |
| C Vestmannaeyjar | | 6.000 | |
| C Austur- Skaftafellssýsla | | 6.000 | |
| E Skaftárhreppur | | 1.000 | |
| E Mýrdalshreppur | | 1.000 | |
| Suðurnes | 20.589 | 20.600 | 11 |
| A Suðurnes | 10.624 | 10.000 | |
| Suðurnes-þróunarsetur | 9.965 | 10.000 | |
| Sérstakt framlag vegna 2013 | | 600 | |
| Samtals | 164.700 | 172.200 | 7.500 |

Allar tölur eru í þúsundum króna.

Minnisblað

Til: Steingríms J. Sigfússonar atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra

Frá: Aðalsteini Þorsteinsyni forstjóra Byggðastofnunar
Póroddi Bjarnasyni formanni stjórnar Byggðastofnunar

Efni: Sértekur stuðningur ríkisins við byggðarlög í bráðum vanda.

Samantekt

Óskað er eftir að Byggðastofnun verði veittar 75 mkr á fjárlögum ársins 2013 sem varið yrði til sérteakra aðgerða í fámennum byggðarlögum á varnarsvæðum sem átt hafa við mikinn vanda að etja um langt árabíl. Þessi vandi birtist einkum í viðvarandi fólksfækkun, einhæfni atvinnulífs, fækkun starfa og hækkandi meðalaldri íbúanna. Reynsla undangenginna ára og áratuga sýnir að uppbygging almenns stoðkerfis hefur ekki nýst brothættustu samfélagunum sem skyldi. Byggðastofnun hefur því hug á að leita nýrra leiða til að styrkja slíkar byggðir. Í því felst meðal annars að skýrari greinarmunur verði gerður á stöðu ólíkra byggðarlaga og mismunandi leiðir þróaðar í samræmi við tækifæri og áskoranir á hverjum stað, þar sem fyrst og fremst verði leitast við að leiða fram vilja og skoðanir íbúanna sjálfra, og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, sveitarfélög, stoðkerfi atvinnulífsins, brottflutta íbúa og fleiri aðila. Byggðastofnun óskar því eftir stuðningi ráðuneytisins við að þróa nýja og markvissari aðferðafræði í málefnum byggðarlaga í bráðum vanda.

Bakgrunnur

Á undanförunum árum og áratugum hefur byggð blómstrað víða um land, sérstaklega í byggðarlögum í innan við 100 km fjarlægð frá Reykjavík og á Mið-Norðurlandi og Mið-Austurlandi. Á þessum svæðum búa um 92% þjóðarinnar. Hins vegar hafa nokkur byggðarlög á varnarsvæðum landsins átt við mikinn vanda að etja um langt árabíl. Þessi vandi birtist í viðvarandi fólksfækkun, einhæfni atvinnulífs, fækkun starfa og hækkandi meðalaldri íbúanna. Hér er einkum um að ræða fámenna byggðakjarna og sveitir í umtalsverðri fjarlægð frá stærri byggðakjörnum.

Samkvæmt Hagstofu Íslands voru 53 byggðakjarnar með færri en 300 íbúa þann 1. janúar 2012. Aðstæður eru mjög mismunandi í þessum byggðakjörnum. Sumir þeirra búa við hraða fólksfjölgun, aðrir við tiltölulega mikinn stöðugleika. Frá síðustu aldamótum hefur íbúum fækkað um meira en 20% í níttján þessara byggðakjarna, þar af hefur fólksfækkunin verið meiri en 30% í átta byggðarkjörnum en meiri en 40% í þremur byggðakjörnum.

Jafnframt hefur fólki fækkað víða í sveitum landsins, að hluta til vegna aukinnar tæknivæðingar og minni þarfar fyrir vinnuafli. Í sumum sveitasamfélagum eru þó flóknari félagslegar og hagrænar ástæður fyrir fólksfækkun og kanna að horfa til landauðnar innan fárra ára eða áratuga.

Byggðarlögin þar sem fækkunin hefur verið mest standa nú mjög höllum fæti. Þau verkfæri sem til staðar eru, svo sem lánveitingar af hálfu Byggðastofnunar og fjölþættur stuðningur atvinnuþróunarfélaga og stoðkerfisins, auk ýmissa annarra aðgerða opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga í gegnum tíðina hafa ekki megnað að stöðva þessa þróun, hvað þá að snúa henni við. Verði ekki gripið til markvissari aðgerða og íbúum rétt hjálparhönd er raunveruleg hættu á að byggð leggist að mestu leyti af í einstökum byggðakjörnum og sveitarsamfélögum.

Samstarf við íbúa byggðarlaga í bráðum vanda

Á síðasta ári hafa stjórn og starfsmenn Byggðastofnunar lagt áherslu á að leita nýrra leiða til að styrkja byggð um allt land. Í því felst meðal annars að skýrari greinarmunur verði gerður á stöðu ólíkra byggðarlaga og mismunandi leiðir þróaðar í samræmi við tækifæri og áskoranir á hverjum stað. Margvísleg verkfæri eru þegar til staðar sem nýtast sterkari byggðarlögum til uppbyggingar og má þar nefna lánveitingar Byggðastofnunar, starfsemi atvinnuþróunarfélaga og Nýsköpunarmiðstöðvar í einstökum landshlutum og margvísleg starfsemi einstakra sveitarfélaga. Nú er unnið að því að styrkja stoðkerfi atvinnulífsins og efla samstarf ríkis og sveitarfélaga á grundvelli landshlutasamtaka undir merkjum Sóknaráætlunar 2020. Byggðastofnun hefur tekið virkan þátt í þessu starfi og væntir mikils af þeirri aðferðafræði sem þar er lögð til grundvallar.

Reynsla undangenginna ára og áratuga hefur hins vegar sýnt að uppbygging almenns stoðkerfis hefur ekki nýst brothættustu samfélögum sem skyldi. Yfirleitt hafa íbúar fámennra samfélaga takmarkaðar forsendur til þess að nýta sér stoðkerfið og raunar eru þau verkfæri sem til staðar eru ekki vel til þess fallin að rjúfa vítahring fólksfækkunar, samdráttar í þjónustu og einhæfni í atvinnulífi. Við viljum hér með óska eftir stuðningi ráðuneytisins við að þróa nýja og markvissari aðferðafræði í málefnum byggðarlaga í bráðum vanda.

Byggðastofnun hefur haft frumkvæði að tilraunaverkefni þar sem leitað er lausna á bráðum vanda Raufarhafnar í samstarfi við íbúasamtök á Raufarhöfn, sveitarfélagið Norðurþing, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Háskólann á Akureyri og fleiri aðila. Aðferðafræðin felur í sér að leitast er við að leiða fram vilja og skoðanir íbúanna sjálfra, og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, atvinnuþróunarfélag, sveitarfélagið, brottflutta íbúa og aðra sem vilja láta sig framtíð byggðarlagsins varða. Þetta verkefni hefur nú þegar skilað umtalsverðum árangri við að virkja heimamenn til að tryggja eigin framtíð og miklar væntingar eru gerðar til þess að verkefnið skili meiri árangri en fyrri tilraunir til að nálgast vanda Raufarhafnar að ofan og utan.

Árangur þessa verkefnis veltur að stórum hluta á því að Byggðastofnun geti fyrir hönd ríkisins komið fram sem fullgildur mótaðili í þeim lausnum sem nú er unnið að. Þannig leggja íbúarnir drjúgt af mörkum af tíma og vinnu og starfsmenn Atvinnuþróunarfélagsins og Norðurþings leita allra leiða til að styðja við verkefnið með þeim verkfærum sem þeir búa yfir. Aðkoma Byggðastofnunar fyrir hönd ríkisins gæti til dæmis falist í ráðningu verkefnisstjóra í ákveðinn tíma í samvinnu við samstarfsaðila, beinum stuðningi við verslun eða þjónustu til að bæta úr aðsteðjandi vanda eða til að nýta uppbyggingartækifæri, t.d. með litlum styrkjum, hlutafjárframlögum eða mótframlagi til nýsköpunarverkefna. Útfærsla slíkrar aðkomu ríkisins gæti þannig verið með mjög mismunandi hætti í samræmi við þarfir og vilja heimamanna.

Við viljum hér með leggja til að Byggðastofnun verði veittar 75 Mkr á fjárlögum ársins 2013 til að þróa þessa aðferðafræði áfram á skýrt afmörkuðum svæðum sem búa við brýnan vanda. Í því sambandi er mikilvægt að auk Raufarhafnar verði valin fleiri svæði þar sem veruleg hættu er á því að búseta leggist af í fámennum byggðakjörnum eða strjálbýlum sveitasamfélögum. Með því fæst fjölbreyttari reynsla og aukið jafnræði milli þeirra byggðarlaga sem verst standa í byggðalegu tilliti. Nokkur byggðarlög koma helst til álita í þessu sambandi en endanlegt val myndi velja á áhuga heimamanna og möguleikum á samstarfi.

Dæmi um stöðu í einstökum byggðarlögum

Aðstæður eins og uppi eru á Raufarhöfn kunna að vera fyrir hendi, eða geta komið upp víðar. Auk Raufarhafnar má í dæmaskyni nefna fleiri byggðarlög sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun en eru þó ólík innbyrðis. Rétt er að áréttta sérstaklega að í þessari upptalningu felst ekki mat á stöðu þeirra innbyrðis eða gagnvart öðrum byggðarlögum.

Breiðdalsvík

| | |
|------------------------------|---|
| Íbúafjöldi 1.12.2011: | 189 |
| Fjarlægð frá landshl.kjarna: | Til Egilsstaða eru 92 km |
| Fólksfækkun frá 1994: | Mikil og stöðug fækkun hefur verið í Breiðdalshreppi allt frá árinu 1994. Árið 1994 voru 333 íbúar en 189 árið 2011. Það er fækkun upp á 43%. Fækkunin í dreifbýlinu var 52% á meðan fækkun í þéttbýlinu var tæp 40%. Á tímabilinu varð stórfelld fækkun fólks undir fertugu. Fólki undir tvítugu fækkaði um 65% og fólki á aldrinum 20-39 ára um 58%. Fólki á aldrinum 40-59 ára fækkaði um rúmlega 20% og fólki yfir sextugu um 9%. |
| Atvinnustarfsemi: | Sveitarfélagið er stærsti vinnuveitandinn í Breiðdalshreppi, með um 15 stöðugildi og því næst kemur sjávarútvegurinn. Ferðaþjónusta er einnig mikilvægur þáttur og eru tvö hótél á svæðinu, Staðarborg og Hótel Bláfell auk bændagistingar og kaffihúsa. Áætlað er að í álveri Alcoa á Reyðarfirði starfi að jafnaði um 10 manns af Breiðdalsvík. |
| Annar vandi: | Óhagstæð aldurssamsetning íbúanna, 27,3% eru yfir 60 ára (Landsmeðaltalið er 17,7%). Breiðdalur telst eitt vinnusóknarsvæði. |

Skaftárhreppur

| | |
|------------------------------|--|
| Íbúafjöldi 1.12.2011: | 442 |
| Fjarlægð frá landshl.kjarna: | Til Reykjavíkur eru 258 km, til Hafnar 201 km. |

Fólksfækkun frá 1994: Fækkun íbúa á Suðurlandi á tímabilinu 1994-2011 er langmest í Skaftárhreppi, eða 28%. Íbúar í hreppnum voru 614 árið 1994 en hafði fækkað niður í 442 árið 2011. Það var fækkun upp á 172 íbúa eða 28%. Nokkuð stöðug fækkun var allt tímabilið. Sömuleiðis voru karlar mun fleiri en konur allan tímann þó að heldur hafi dregið saman. Íbúum á Kirkjubæjarklaustri fækkaði um 19,6% á tímabilinu á meðan að íbúum annars staðar í sveitarfélaginu fækkaði um 30,6%.

Atvinnustarfsemi: Í Skaftárhreppi eru landbúnaður og ferðaþjónusta aðal atvinnugreinar. Landbúnaður er þó í hnignun, en ferðaþjónusta í vexti.

Annar vandi: Ferðaþjónustan er árstíðabundin og sveitarfélagið eitt það allra strjálbýlasta á landinu. Mjög langt að sækja verslun og þjónustu.

Bíldudalur

Íbúafjöldi 1.12.2011: 168

Fjarlægð frá landshl.kjarna: Til Ísafjarðar eru 205 km um fjallvegi sem eru mikið til lokaðir yfir vetrartíma, og til Reykjavíkur eru 427 km.

Fólksfækkun frá 1994: Frá árinu 1994 hefur íbúum fækkað um 45% á Bíldudal, og fækkunin mælist 53% frá árinu 1991.

Atvinnustarfsemi: Mikil umbreyting hefur orðið síðustu ár eftir tíð gjaldþrot sjávarútvegsfyrirtækja á staðnum og síðan uppbyggingu Kalkþörungaverksmiðjunnar.

Annar vandi: Erfiðar samgöngur og hár flutningskostnaður.

F.h. Byggðastofnunar

Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri

Póroddur Bjarnason, stjórnarformaður

Rekstrar- og útlánaáætlun Byggðastofnunar 2013



Byggðastofnun

Áætlun um starfsemi Byggðastofnunar 2013

Samkvæmt 11. gr. laga um Byggðastofnun nr. 106/1999 skal vera reikningslegur aðskilnaður milli lánastarfseminnar og annarrar starfsemi. Samkvæmt 7. gr. reglugerðar um Byggðastofnun nr. 347/2000 skal stjórn ákveða starfsáætlun, rekstraráætlun, og útlánaáætlun til eins árs í senn að fenginni tillögu forstjóra. Skal áætlunin kynnt iðnaðarráðherra eigi síðar en 15. febrúar ár hvert.

Lánastarfseminni er ætlað að bera allan kostnað vegna fyrirtækjasviðs og lögfræðisviðs og helming kostnaðar vegna rekstrarsviðs og yfirstjórnar, á móti þróunarsviði. Samkvæmt samþykktum fjárlögum ársins 2013 verða framlög til reksturs Byggðastofnunar kr. 365,5 mkr. Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokkisins Byggðamál: 401 Byggðaáætlun og 411 Byggðastofnun.

Byggðamál skv. fjárlögum

| Rekstrargrunnur | Reikningur 2011 m.kr. | Fjárlög 2012 m.kr. | Frumvarp 2013 m.kr. | Breyting frá fjárl. % | Breyting frá reikn % |
|-----------------|-----------------------------|--------------------------|---------------------------|-----------------------------|----------------------------|
| Byggðaáætlun | 292,8 | 305,0 | 295,0 | -3,3 | 0,8 |
| Byggðastofnun | 7.378,1 | 309,1 | 365,5 | 18,2 | -95,0 |
| Samtals | 7.670,9 | 614,1 | 660,5 | 7,6 | -91,4 |

Fjárveiting til Byggðastofnunar skiptist þannig að til almenns rekstrar Byggðastofnunar renna alls 197,9 mkr, þar af eru eyrnamerktar 50 mkr. sem tímabundið framlag til Byggðastofnunar, til aðgerða í fámennum byggðarlögum á varnarsvæðum sem átt hafa við mikinn vanda að etja um langt árabíl. Verður framlaginu varið til sértækra aðgerða í fámennum byggðarlögum sem búa við bráðan vanda vegna fólksfækkunar, einhæfs atvinnulífs, fækkunar starfa og hækkandi meðalaldurs íbúanna. Til atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni renna 167,6 mkr.

Í lok september 2012 var eiginfjárlutfall Byggðastofnunar 10,57%, og því uppfyllir stofnunin skilyrði 84. gr. laga nr. 161/2002 um lágmarks eigið fé fjármálafyrirtækja. Á árinu 2012 var eigið fé Byggðastofnunar aukið um 2.000 mkr. skv. heimild í 6. gr. fjárlaga ársins 2012.

Starfsmenn stofnunarinnar um áramót 2012-2013 voru 20. Gert er ráð fyrir að einum starfsmanni verði bætt við á þróunarsviði vegna aukinna verkefna. Þá er gert ráð fyrir að verkefnisstjóri verði ráðinn vegna samstarfsverkefnis um vanda Raufarhafnar.

| Rekstrarreikningur þ.kr. | Áætlun 2013 | Horfur 2012 | Áætlun 2012 |
|--|--------------------|--------------------|--------------------|
| Tekjur | | | |
| Hreinar vaxtatekjur..... | 650.000 | 593.757 | 660.000 |
| Ríkisframlög skv. fjárlögum..... | 365.500 | 309.100 | 309.100 |
| Framlag v. verkefnisstj. sóknaráætlana..... | 0 | 8.000 | 0 |
| Annað framlag ríkissjóðs v. óveittra styrkja..... | 23.666 | -750 | 22.916 |
| Gengismunur..... | 0 | -155.484 | 0 |
| Aðrar rekstrartekjur..... | 30.000 | 32.411 | 15.000 |
| Tekjur samtals..... | 1.069.166 | 787.034 | 1.007.016 |
| Gjöld | | | |
| Laun og launatengd gjöld..... | 208.000 | 194.480 | 187.000 |
| Almennur rekstrarkostnaður..... | 132.000 | 125.247 | 122.000 |
| Framlög til atvinnuþróunarfélaga..... | 172.200 | 164.700 | 164.700 |
| Veittir aðrir styrkir v. mótvægisáðgerða ofl..... | 23.666 | 3.429 | 22.916 |
| Veittir styrkir v. | 50.000 | 0 | 0 |
| Framlag í afskriftarreikning útlána og endurmat hlutafjár..... | 450.000 | 426.482 | 500.000 |
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna..... | 7.000 | 7.046 | 5.000 |
| Gjöld samtals..... | 1.042.866 | 921.384 | 1.001.616 |
| Hagnaður/-tap ársins..... | 26.300 | -134.350 | 5.400 |

| Sjóðstreymisáætlun þ.kr. | Áætlun 2013 | Horfur 2012 | Áætlun 2012 |
|---|--------------------|--------------------|--------------------|
| Hagnaður (-tap)..... | 26.300 | -134.350 | 5.400 |
| Rekstrarl. sem ekki hafa áhrif á sjóðstr..... | 457.000 | 762.070 | 505.000 |
| Handbært fé frá rekstri..... | 483.300 | 627.720 | 510.400 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | | |
| Afborganir útlána..... | 1.000.000 | 1.166.280 | 1.000.000 |
| Veitt ný lán..... | -1.500.000 | -561.876 | -1.000.000 |
| Innleystar eignir..... | 0 | -4.679 | 0 |
| Hlutabréf..... | 0 | 36.531 | 0 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir..... | -30.000 | -10.477 | -5.000 |
| Skuldunautar..... | 250.000 | -233.446 | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar samtals..... | -280.000 | 392.333 | -5.000 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | | |
| Aukning eigin fjár..... | 0 | 2.000.000 | 2.000.000 |
| Greiðslur af lántökum..... | -1.304.000 | -4.388.721 | -3.170.000 |
| Nýjar lántökur..... | 0 | 1.128.844 | 3.000.000 |
| Lánadrottinnar..... | -30.000 | -7.774 | -30.000 |
| Fjármögnunarhreyfingar samtals..... | -1.334.000 | -1.267.651 | 1.800.000 |
| Breytinga á handbæru fé | | | |
| Handbært fé í ársbyrjun..... | 2.213.327 | 2.464.230 | 2.476.521 |
| Handbært fé í árslok..... | 1.082.627 | 2.216.632 | 4.781.921 |

Útlánaáætlun Byggðastofnunar árið 2013

Mikil óvissa ríkir um útlánaþörf ársins 2013. Almenn eftirspurn eftir lánsfé til nýframkvæmda eða endurbóta var mjög lítil árið 2012 en jókst undir lok ársins. Þetta er einnig reynsla annarra lánastofnana. Eigið fé þeirra fyrirtækja sem enn eru starfandi hefur rýrnað verulega og áhersla stjórnenda er á daglegan rekstur fyrirtækjanna, að halda sjó. Þá hefur úrvinnsla skuldamála fyrirtækja gengið hægar en vonir stóðu til, og enn er fjöldi fyrirtækja í þeirri stöðu að efnahagur þeirra og þar með rekstrargrundvöllur, er háður mikilli óvissu. Töluvert var greitt upp af eldri lánnum hjá Byggðastofnun á árinu 2012 þar sem vaxtakjör viðskiptabankanna voru mun hagstæðari í byrjun ársins og þau fyrirtæki sem hafa verið í stöðugum rekstri og hafa getað fengið lán hjá sínum viðskiptabanka viðast hafa nýtt sér það til að greiða upp sín lán hjá stofnuninni. Með hækkun stýrivaxta Seðlabankans undanfarið eru vísbendingar um að vextir Byggðastofnunar séu orðnir samkeppnishæfari og viðráðanlegri fyrir atvinnulífið í dag og því viðbúið að aukning verði á útlánnum á næsta ári.

Samkvæmt fjárlögum ársins er útlánaheimild Byggðastofnunar á árinu 2013 alls 1.500 mkr. Eins áður er sagt er mikil óvissa um eftirspurn eftir lánsfé á árinu, og því erfitt að áætla raunverulega þörf. Ólíklegt verður þó að telja að þessi heimild verði full nýtt. Þá er áfram hættu á skakkaföllum í rekstri helstu viðskiptavina stofnunarinnar. Því verður stofnunin að takmarka eftir getu þá áhættu sem tekin er, til að draga úr framlögum í varasjóð. Á árinu 2013 er gert ráð fyrir að framlag í afskriftarreikning útlána verði að hámarki 450 mkr. Áhætta vegna nýrra útlána mun takmarkast af því, en framlög í afskriftarreikning eru ákveðin af lánanefnd við ákvörðun um lánveitingu, og færð til gjalda við útborgun lánsins. Nauðsynlegt getur reynst að taka útlánaáætlun til endurskoðunar ef aðstæður breytast.

Við þessar aðstæður þarf að skerpa á áherslum í útlánastarfseminni. Megin markmiðin eru að útlánageta stofnunarinnar nýtist sem allra best, og að uppfylla skilyrði laga um fjármálafyrirtæki um lágmarks eiginfjárhlutfall stofnunarinnar.

Í samræmi við þetta skal á árinu 2013 leggja áherslu á eftirfarandi viðmið:

1. Vegin meðaláhætta allra útlána ársins 2013 verði ekki hærrí en 10%.
2. Miðað skal við að áhætta vegna eins eða fleiri tengdra aðila fari ekki yfir 200 mkr.
3. Sérstök áhersla verði lögð á gjaldeyrisskapandi eða gjaldeyrissparandi verkefni.
4. Sköpun eða varðveislu varanlegra starfa.
5. Áfram þarf að leggja áherslu á eiginfjárframlag til nýrra verkefna til að auka möguleika á að verkefnið takist við þær aðstæður sem nú eru á fjármagnsmarkaði.

Birtar verði greiningar á þróun útlánasafnsins eftir landshlutum, vinnusóknarsvæðum þéttbýlisstaða og atvinnugreinum. Fram komi í greiningunni íbúabróun, þróun atvinnuleysis og meðaltekna á svæðunum. Greiningin verði unnin í samstarfi fyrirtækjasviðs og þróunarsviðs. Kanna þarf möguleika á formlegu samstarfi við sparisjóði og önnur fjármála-fyrirtæki og meta áhrif þess á kostnað og ávinning af lánastarfsemi stofnunarinnar. Í því sambandi verði metnir kostir og gallar við að taka upp ábyrgðarveitingar á lán frá viðskiptabönkum í meira mæli. Stuðst verði við fyrirmyndir frá öðrum Norðurlöndum, einkum Danmörku og Finnlandi hvernig ábyrgðarveitingum hefur verið beitt þar.

Vinna þarf tillögur um fjármögnun og markmið lánastarfsemi Byggðastofnunar til framtíðar í ljósi þeirra greininga sem unnið var að á árinu 2012. Á árinu 2013 verða unnar tillögur um framtíð lánastarfsemi Byggðastofnunar. Í því sambandi verður reglubundinn kostnaður við lánastarfsemi Byggðastofnunar metinn miðað við núverandi starfsemi og efnahagshorfur og útlánaáhættu eftir landssvæðum, tegundum byggðarlaga og atvinnugreinum. Skýr afstaða verður tekin til einstakra tillagna nefndar um endurskoðun lánastarfsemi stofnunarinnar, þ.m.t. hvort möguleikar séu á auknu samstarfi við aðrar fjármálastofnanir, hvort skynsamlegt sé að veita ábyrgðir í stað lána í auknum mæli og hvort skynsamlegt sé með tilliti til megin markmiða stofnunarinnar að stofnuð verði eignarhaldsfélög um fullnustueignir og hlutabréf í hennar eigu. Meta þarf kosti og galla við að Byggðastofnun taki upp mismunandi vaxtakjör eftir svæðum og veðhæfi og greiðslugetu fyrirtækja. Kynna þarf niðurstöður þessarar vinnu með ítarlegum hætti fyrir almenningi, stjórnvöldum og helstu hagsmunaaðilum. Gerður verði metnaðarfullur kynningarbæklingur um starfsemi stofnunarinnar á árinu 2013.

Miklar breytingar hafa orðið á stuttum tíma í atvinnu á landsbyggðinni á mörgum svæðum þar sem ferðaþjónusta hefur verið að færast í vöxt. Ferðaþjónustan hefur tekið við af sjávarútveginum sem stærsta einstaka atvinnugreinin í lánasafni Byggðastofnunar og því mikilvægt að stofnunin hafi mikla þekkingu á stöðu greinarinnar og góða yfirsýn yfir þessa atvinnugrein. Unnið verði að ýtarlegri greiningu á stöðu ferðaþjónustunnar á landsbyggðinni og óskað eftir samstarfi við aðra aðila s.s. Landshlutasamtök sveitarfélaga, atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni, Ferðamálastofu og Íslandsstofu.

Fiskeldi á Íslandi er orðin umsvifamikil grein og ýmsar vísbendingar um að sú grein eigi eftir að vaxa mikið á næstu árum. Það er því einnig mikilvægt að stofnunin hafi mikla yfirsýn og þekkingu á stöðu þessarar greinar. Leitað verður eftir upplýsingum frá Noregi og Færeyjum um stöðu greinarinnar þar og reynslu þeirra.

Kynjasambætting er aðferð til að meta hvort ákvarðanir innan stofnana hafi jöfn áhrif á konur og karla. Með því að sambætta kynja- og jafnréttissjónarmið í ferli stefnumótunar og ákvarðanatöku gefst leið til að meta hvort þjónusta skili sér jafnt til beggja kynja og hvort aðgengi þeirra að þjónustu sé sambærilegt. Markmiðið með sambættingu kynja – og jafnréttissjónarmiða hjá Byggðastofnun er m.a. að fjölga fyrirtækjum í eigu kvenna sem viðskiptavinum hjá stofnuninni. Í því skyni hefur verið ákveðið að hefja starfið á því að líta sérstaklega til útlánastarfsemi stofnunarinnar. Unnið verði að breytingu á umsóknareyðublöðum, skráningum lánsúmsókna og vinnuferlum á fyrirtækjasviði með kynjasambættingu í huga. Skoðað verði í samvinnu við atvinnuþróunarfélögin, landshlutasamtök sveitarfélaga og Nýsköpunarmiðstöð Íslands hvort hægt sé að fara í einhverskonar átak til að vekja athygli á þeirri stöðu landsbyggðarinnar að fækkað hefur mikið í hópi ungra kvenna víða um land og hvort hægt sé að fara í einhvers konar átak til atvinnusköpunar kvenna.

Kaup á hlutafé og styrkveitingar 2013

Lagt er til að stofnuninni verði heimilt að verja allt að 50 mkr. til þátttöku í hlutafjárukningu í félögum sem hún er þegar hluthafi í til að styrkja fjárhag þeirra og verja hagsmuni sína.

Gert er ráð fyrir að 50 mkr. sem veittar eru til sértækra aðgerða í fámennum byggðarlögum sem búa við bráðan vanda vegna fólksfækkunar, einhæfs atvinnulífs, fækkunar starfa og hækkandi meðalaldurs íbúanna verði nýttar á árinu.

Starfsáætlun Próunarsviðs árið 2013.

Hér á eftir er listi yfir áætluð verkefni Próunarsviðs Byggðastofnunar á árinu 2013. Við samningu listans hefur verið tekið mið af Byggðaáætlun 2010 – 2013, drögum að starfsáætlun stjórnar Byggðastofnunar 2013, og verkefnum sem eru í gangi, meðal annars samkvæmt lögum og/eða samningum. Hafa verður í huga að alltaf detta inn verkefni sem óhjákvæmilegt er að sinna, jafnvel án fyrirvara.

Byggðaáætlun 2010 – 2013.

Framkvæmd einstakra aðgerða byggðaáætlunar. Samkvæmt þingsályktuninni, leiðir Byggðastofnun 4 verkefni, þar af eitt í samvinnu við lðnaðarráðuneyti og er þess utan þátttakandi í 9 verkefnum. Ekki er hægt að segja að mikið hafi farið fyrir framkvæmd einstakra tillagna. Töluverð óvissa ríkur um hver áhersla verður lögð á að setja verkefni af stað. Hér er því sú leið farin að ganga út frá því að um lágmarks vinnuframlag verði að ræða en að því til viðbótar verði lagt mat á framvinduna á næsta ári. Þar sem sérstaklega er áætlað fyrir NPP, NORA og ESPON er hér reiknað með að við séum í forystu fyrir þrem verkefnum. Því er um að ræða 12 mánuði í verkefni sem við erum í forystu fyrir eða alls 3 mannmánuði á ári.

Efling landshluta- og héraðakjarna, utanumhald um tölfræðileg gögn um byggðaþróun og rannsókn á orsökum búferlaflutninga eru verkefni í gildandi byggðaáætlun sem Byggðastofnun ber ábyrgð á. Öll þessi verkefni kalla á samstarf við utanaðkomandi aðila og flest hver á töluverðan útlagðan kostnað samkvæmt kostnaðaráætlunum sem gerðar voru við vinnslu byggðaáætlunarinnar.

Þessum verkefnum hefur verið sinnt nema rannsókn á orsökum búferlaflutninga hefur einungis verið sinnt að litlu leiti með gerð skýrslunnar „Samfélag, atvinnulíf og íbúáþróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun“.

Starfsáætlun stjórnar.

Byggðaáætlun 2014 – 2017. Núgildandi byggðaáætlun rennur út í lok ársins. Gert er ráð fyrir að Byggðastofnun vinni að undirbúningi nýrrar áætlunar sem nái til ára 2014 til 2017. Á árinu 2012 var fyrirhugað að safna gögnum um byggðastofnu nokkurra nágrannalanda með skipulegum hætti og setja þau fram á aðgengilegan hátt þannig að þau nýttust í vinnu við gerð byggðaáætlunar. Þetta verður gert á árinu 2013.

Sóknaráætlanir landshluta. Vinna við sóknaráætlanir landshluta er komin á töluvert skrið og ljóst er að skilað verður inn sóknaráætlunum landshluta í upphafi næsta árs. Þær sóknaráætlanir eru þó aðeins til eins árs. Aðkoma Byggðastofnunar að málinu hefur verið mikil. Starfsmaður stýrinets sóknaráætlana er starfsmaður Byggðastofnunar en með aðsetur í Innanríkisráðuneytinu. Helgast það af eðli starfsins. Til viðbótar því hafa aðrir starfsmenn stofnunarinnar unnið mikla vinnu þessu tengda. Teknar hafa verið saman lýsingar á þróun og stöðu mála á öllum svæðum sóknaráætlana landshluta auk þess sem starfsmaður Byggðastofnunar hefur sótt fundi stýrinets sóknaráætlana. Gert er ráð fyrir að sama fyrirkomulag verði á árinu 2013, það er að starfsmaður Byggðastofnunar verði með aðsetur í ráðuneyti og að aðrir starfsmenn stofnunarinnar leggi verulega vinnu af mörkum.

Þá er fyrirhugað að í upphafi næsta árs muni Byggðastofnun halda utan um IPA verkefni sem miðar að því að efla getu landshlutanna til að vinna áætlanir. Áætlað er fyrir því undir Evrópumálum.

Grenndarstjórnsýsla og samþætting byggðasjónarmiða. Á árinu 2013 mun Byggðastofnun vinna að stefnumótun og umræðu um samþættingu byggðasjónarmiða í starfsemi ríkisins. Stuðlað verður að auknum skilningi opinberra aðila á ólíkum hagsmunum þjóðarinnar eftir búsetu og mikilvægis þess að opinber útgjöld úr sameiginlegum sjóðum gagnist skattgreiðendum um allt land.

Ráðstefna um byggðamál. Byggðastofnun undirbúi og standi fyrir fræðilegri ráðstefnu um byggðamál september 2013 þar sem þeir sem vinna að rannsóknum, stefnumótun og starfi á vettvangi leiða saman hesta sína.

Hagtölur landshluta. Áfram verður haldið gerð skýrslu um hagvöxt landshluta í samvinnu við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

Evrópumál. Áframhald verður á vinnu varðandi Evrópumál. Þessi vinna hefur orðið mun umfangsmeiri en reiknað var með. Á árinu 2012 tóku starfsmenn þátt í viðamiklu verkefni varðandi undirbúning að og kynningu á svokölluðum IPA styrkjum. Einnig vinnu við hagfræðilega og félagslega greiningu vegna áætlanagerðar fyrir stoðkerfissjóðina. Mörg önnur verkefni, en smærri, kölluðu á vinnuframlag. Ljóst er að framhald verður á þessari vinnu. Er það fyrst og fremst að geta IPA verkefnis um stuðning við áætlanagerð í landshlutunum sem hófst á þessu ári og stendur fram á mitt næsta ár. Einnig þátttöku á áætlanagerð vegna stoðkerfissjóðanna. Önnur verkefni munu áreiðanlega koma upp á borðið.

Hvort heldur aðildarviðræðum verður haldið áfram eður ei er nauðsynleg að stofnunin hafi yfir að búa þekkingu á byggðastefnu ESB og fylgist með þróuninni. Núna er í gangi vinna á vegum sambandsins við endurskoðun byggðastefnu og ríkisstyrkja á næsta áætlunartímabili sem nær til árána 2014-2020. Mikilvægt er fyrir okkur að fylgjast náið með því sem þar er að gerast.

Brothættar byggðir. Í framhaldi af því að stofnunin fór að skoða stöðu mála á Raufarhöfn með heimamönnum og fleirum verður unnið að tilraunaverkefni þar sem leitað er lausna á bráðum vanda Raufarhafnar í samstarfi við ýmsa aðila. Efnt verður til sambærilegra verkefna í þremur öðrum byggðarlögum víðsvegar um landið.

Framtíð innanlandsflugs. Samkvæmt tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2011 – 2014 er gert ráð fyrir að gerð verði úttekt á framtíð innanlandsflugsins. Isavia verður ábyrgðaraðili verksins en Byggðastofnun og Ferðamálastofa verða samstarfsaðilar. Þarna er um að ræða verkefni sem hlýtur að vera ein af forsendum, sem taka þarf tillit til í vinnslu sóknaráætlana landshluta. Framtíð innanlandsflugsins hefur bæði áhrif á þjónustusvæði einstakra þéttbýlisstaða og eins hvernig ferðamenn dreifast um landið. Ekki hefur verið haft samband við Byggðastofnun um málið en reikna verðu með því að farið verði að vilja Alþingis.

Jöfnun flutningskostnaðar. Þann 1. janúar 2012 tóku gildi lög um jöfnun flutningskostnaðar. Samkvæmt lögnum á að endurgreiða tiltekinn hluta flutningskostnaðar eftir nánari reglum. Greiðslur vegna ársins 2012 verða inntar af hendi á árinu 2013. Með breytingum á lögnum sem samþykktar voru í desember síðastliðnum er Byggðastofnun falið að halda utan um framkvæmdina í umboði ráðuneytis.

Yfirstandandi verkefni

Atvinnuþróunarfélögin samstarf og nýir samningar. Samningar við félögin runnu út í árslok 2010. Hafa samningarnir verið framlengdir óbreyttir síðan. Eins og kunnugt er var vilji til að endurskoða stoðkerfið og gera á því verulegar breytingar meðal annars í tengslum við breytt hlutverk landshlutasamtakanna. Enn hefur ekki orðið af því. Óskir hafa komið fram frá einstökum atvinnuþróunarfélögum um að skipting fjár til atvinnuráðgjafarstarfseminnar verið endurskoðuð meðal annars í ljósi breytinga á starfssvæðum.

Verið af breytingum á stoðkerfinu er líklegt að hlutverk Byggðastofnunar breytist líka. Ef ekki eru líkur á að breytingum á stoðkerfinu verði hrint í framkvæmd verður ekki undan því vikist að endurnýja (og endurskoða) samninga við félögin.

Í ljósi þeirrar óvissu sem ríkir er gert ráð fyrir að Byggðastofnun muni enn um sinn hafa umsjón með atvinnuþróunarstarfinu

Umsagnir og svör fyrirspurna. Viðvarandi verkefni. Umsagnarbeiðnum frá Alþingi um lagafrumvörp hefur fjölgað mjög. Hefur meiri vinna verið lögð í umsagnir en áður. Aðstoð við ráðuneyti vegna fyrirspurna á Alþingi.

Ársskýrsla. Ritstjórn ársskýrslu er viðvarandi verkefni sem verður að sinna.

Kortagerð, tölfræði og upplýsingamiðlun. Haldið verður áfram vinnu við að setja byggðatengdar upplýsingar fram á kortum og myndum (súluritum), safna í gagnabanka og birta á heimasíðu stofnunarinnar. Samstarfi við Skipulagsstofnun, Hagstofu og Landmælingar verður haldið áfram og er hugmyndin sú að koma á fót gagnagrunni á landsvísu sem verði aðgengilegur á Netinu. Einnig verður tekið upp samstarf við Þjóðskrá.

Erlend samstarfsverkefni. Stofnunin er beinn þátttakandi í erlendum samstarfsverkefnum sem krefjast vinnuframlags starfsmanna og ferðalaga. Þau verkefni sem unnið var að á síðasta ári eru frá. Vilji er til, af hálfu erlendra aðila, að stofnunin sé þátttakandi í samstarfsverkefnum. Slíkt er mjög eftirsóknarvert bæði fyrir stofnunina og starfsmenn. Þá leggur stofnunin erlendum aðilum lið varðandi upplýsingar um íslensk byggðamál.

Ferðamál. Þátttaka í ýmsum verkefnum á sviði ferðapjónustu.

Stjórnir og nefndaseta. Hér er um að ræða áheyrnarfulltrúa í stjórnir atvinnuþróunarfélaganna og aðra stjórnarsetu. Þá eru starfsmenn í nokkrum mæli fulltrúar í nefndum eða vinna með nefndum sem ráðherrar skipa. Þessi þáttur er eftirsóknarverður.

Nýtt byggðakort. Nýtt byggðakort á að taka gildi um áramót 2013/2014 og gilda til ársloka 2020. Byggðastofnun vann að stórum hluta undirbúningsvinnu vegna síðasta byggðakorts.

Reikna verður með að leitað verði til stofnunarinnar um undirbúningsvinnu vegna nýja kortsins. Sú vinna hlýtur að fara af stað ekki síðar en um mitt ár. Reiknað er með að í það verkefni fari tveir mannmánuðir.

Miðað við reynslu undanfarinna ára væri rétt að gera ráð fyrir nokkrum mánuðum í ófyrirséð. Ella er ljóst að nokkur verkefni koma til með að frestast.

ÁÆTLUÐ VERKEFNI Á ÞRÓUNARSVIÐI 2013.

Á þróunarsviði eru 7 starfsmenn + einn starfsmaður sem hefur aðsetur í Innanríkisráðuneyti og sinnir sóknaráætlunum landshluta. Reiknað er með því að hver starfsmaður á þróunarsviðinu skili verkefnavinnu í 10 mánuði á ári. Tveir mánuðir eru sumarleyfi og helgidagar. Fram til 31. mars er einn starfsmaður á vistaskiptasamningi hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Sá starfsmaður kemur ekki aftur til starfa og verður því starfsmaður ráðinn í staðinn. Þá mun starfsmaður af fyrirtækjasviði annast verkefnið um jöfnun flutningskostnaðar. Í þessari töflu er reynt að setja tíma á þau verkefni sem að framan hafa verið nefnd.

| VERKEFNI | VINNUFRAMLAG |
|--|---------------------|
| Byggðaáætlun 2010 – 2013: | |
| Framkvæmd einstakra aðgerða | 3,0 mannmán |
| NPP umsjón | 3,0 mannmán |
| NORA umsjón | 4,0 mannmán |
| ESPON tengiliður | 3,0 mannmán |
| Byggðaáætlun 2014 - 2017 | |
| Vinna við áætlun | 6,0 mannmán |
| Sóknaráætlanir landshluta | 16,0 mannmán |
| Grenndarstjórnsýsla og samþætting byggðasjónarmiða | 2,0 mannmán |
| Ráðstefna um byggðamál | 1,0 mannmán |
| Hagtölur landshluta | 2,0 mannmán |
| Kortagerð, tölfræði og upplýsingarmiðlun | 4,0 mannmán |
| Evrópumál | 8,0 mannmán |
| Brothættar byggðir | 16,0 mannmán |
| Framtíð innanlandsflugs, samgönguáætlun | 1,0 mannmán |
| Jöfnun flutningskostnaðar | 8,0 mannmán |
| Atvinnuþróunarfélögin, samstarf og nýir samningar | 6,0 mannmán |
| Umsagnir og svör fyrirspurna | 2,0 mannmán |
| Ársskýrsla | 1,0 mannmán |
| Erlend samstarfsverkefni og byggðastefna annarra landa | 3,0 mannmán |
| Ferðamál, þ.á.m. Ísland allt árið. | 2,0 mannmán |
| Stjórnir og nefndaseta | 2,0 mannmán |
| Nýtt byggðakort | 2,0 mannmán |
| Samtals | 95,0 mannmán |